



Gunnar Þórðarson
ERFITT AÐ
SPILA ÁN
RÚNA JÚL ▶78



Una Þorleifsdóttir leikstjóri
HVAÐ GERIST PEGAR PÚ
MISSIR STJÓRNINA? ▶32



NÝJA
SENDIBÍLASTÖÐIN

...á þínum vegum!

568 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

14. september 2013
 216. tölublað 13. árgangur
 Sími: 512 5000

MEST LESNA
 DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



DÁIST AÐ VIÐHORFI ÍSLENDINGA

Sænski bóndasonurinn, þjálfarinn og þjóðhetjan **Lars Lagerbäck** hefur náð frábærum árangri með íslenska knattspyrnulandsliðið. Hann segir Íslendinga vana því að taka ábyrgð í stað þess að biða eftir hjálp. ▶ 26



ÞAÐ SEM GERIST Í SVEFN-HERBERGINU Einn okkar fremsti rithöfundur, Auður Ava, um dverga og stríð. ▶ 22



Frumkvöðlar með undirfatalínu Jónína og Arna Sigrún hanna undirföt fyrir fagaðar konur. ▶ 28

NÓG KOMIÐ AF NIÐURSKURÐI

Kristján Þór Júlíussonar heilbrigðisráðherra biða erfið verkefni. ▶ 30



FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

BÍLL SEM HEITIR TRAX
 FRUMSÝNDUR Í DAG



CHEVROLET

Hamingjuhúsið
 Meiri hamingja, aukinn hagvöxtur

Námskeið í NÚVITUND með Ásdísi Olsen

Hugarstjórn og styrkur með Núvitund
 Velliðan og sátt með Núvitund
 Núvitund gegn streitu
 Núvitund á vinnustað

Sjá nánar hamingjuhusid.is

ÖLLHÁRSNYRTITÆKI
 ALLT AÐ
50% AFSLATTUR

byggtogbúið | Kringlunni

REKJANLEIKA HAMLAD 4

Deilt hefur verið á frumvarp til laga sem heimilur Hagstofu Ísland að sækja upplýsingar um fjárhag lántakenda.

LÆKNIR KASTAÐI UPP 6

Læknar eru að sligast undan vinnuálagi á Landspítalanum, unglæknar fást ekki til starfa og sjúklingar bíða meðferðar.

VILJA LÖGBANN 8

Hugbúnaðarfirmir Applicon tekst fyrir dómi á við Sérstakan saksóknara vegna húsléitar sem gerð var hjá Samherja.

SMYGLGÖNG UPPRÆTT 16

Stjórnvöld í Egyptalandi hafa gert átak í að loka göngum sem íbúar Rafah hafa notað til að smygla varningi inn á Gaza.



„Bréfið gengur út á það að við séum tilbúin til viðræðna en við viljum hafa viðsemjanda. Við erum að leggja áherslu á að það sé eitthvað ferli og viðmælandi sem hefur skýrt umboð.“ 12

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slítastjórnar Glitnis, greinir frá bréfi sem slítastjórnin sendi forsætis- og fjármálaráðuneyti og Seðlabankanum.

SKOÐUN 18→20

ANDSTÆÐUR Í EINNI SÆNG 18

Porsteinn Pálsson um andstæður í pólitíkinni og verkefni ríkisstjórnarinnar.

ER FÁKEPPNI AÐ SLIGA LANDSPÍTALANN? 20

Benedikt Ó. Sveinsson um fækkun spítala á höfuðborgarsvæðinu.



HELGIN 22→48

KANN BEST VIÐ FRÆÐIBÆKURNAR 22

Vilhelm Anton Jónsson sendir frá sér bókina Vísindabók Villa.

HEFUR UNNIÐ HUG OG HJÖRTU ÞJÓÐARINNAR 26

Lars Lagerbäck hefur náð frábærum árangri með knattspyrnulandslið Íslands sem mögulega kemst á HM í Brasilíu.



DRAUMAVEKERNID ER ÓSKRIFAÐ 38

Una Þorleifsdóttir leikstýrir Harmsögu, sinni fyrstu uppfærslu í Þjóðleikhúsinu.

ÞÝÐINGAR STANDA Í BLÓMA 42

Mikill kippur hefur hlaupið í íslenskar þýðingar á athyglisverðum bókmenntaverkum.

EF HITLER HEFÐI VERIÐ MYRTUR 1919 42

Illugi Jökullsson frétti af námskeiði í hjásögu í Háskóla Íslands og fór að brjóta heilann.

MENNING 58→68

HEILLANDI SKÁLDAHEIMUR. 58

Jónas Sen skrifar um Tónleika Benedetto Lupo.

STÆRSTU STRÁKABÖNDIN 64

Ágrip af sögu strákabanda í gegnum tíðina.

JÁRNMAÐURINN VINSÆLASTUR 66


Rýnt í aðsóknartölur kvikmyndahúsa.

STAÐFESTING Á GÆÐUM 66

Pressan III tilnefnd til evrópsku sjónvarpsverðlaunanna Prix Europa.

ERFITT AÐ SPILA ÁN RÚNARS 76

Gunnar Þórðarson um heiðurstónleika Hljóma.



SPORT 70→72

FRUMSÝNINGARHELGI 70

Nýir leikmenn hjá Real Madrid, Man. Utd og Arsenal munu þreyta frumraun sína um helgina.

Á UPPLIÐ 72

Íslenska knattspyrnulandsliðið er á hraðleið upp styrkleikalista FIFA undir stjórn Lars Lagerbäck.



— TÖK Á TILVERUNNI —

námskeið við athyglisbresti og kvíða

- Átt þú erfitt með að einbeita þér?
- Ertu gleyminn og utan við þig?
- Eru áhyggjur að plaga þig?
- Átt þú erfitt með að halda utan um allt sem þú þarft að gera?
- Gætir þú gert svo miklu betur?

Á þessu námskeiði lærir fólk aðferðir til að einfalda lífið, bæta einbeitingu, draga úr frestun, óskipulagi og öðrum afleiðingum athyglisbrests. Jafnframt lærir fólk leiðir til að minnka áhyggjur og kvíða með aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar.

Stjórnendur námskeiðs eru Sigríður D. Benediksdóttir og Sóley D. Davíðsdóttir sálfræðingar.

Kvíðamerðferðarstöðin - Skútuvogi 1a, 104 Reykjavík - S: 534- 0110 kms.is

FIMM Í FRÉTTUM EVRÓPUSAMBANDIÐ OG LANDSPÍTALINN



Ragnheiður Ríkhardsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks, gagnrýndi ríkisstjórnina í viðtali á Sprengisandi fyrir að fara ekki að vilja Alþingis varðandi aðildarumsókn Íslands að ESB.



Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, greindi frá því í vikunni að fyrirtækið studdi nýtt umhverfismat vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Bjarnarflag. Áhrif jarðskjálfta-vár væru vanreifuð í gildandi mati.



Pótt Stúdentaráð hafi haft betur fyrir dómstólum í slag við Lánasjóð Íslenskra námsmanna og menntamálaráðuneytið segir María Rut Kristinsdóttir, formaður ráðsins, dæmi um að fólk hafi hætt við háskólanám vegna óvissu um breytingar á námslánakerfinu.



Kristján Þór Júlíusson velferðarráðherra lagði í vikunni fram tillögur, í samvinnu við forstjóra LSH, um hvernig bæta mætti afleita stöðu á lyflækningsviði spítalans.

→ Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagði á Alþingi á fimmtudag að ekki væri tímabært að ræða framhald aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið fyrr en skýrsla Hagfræðistofnunar um stöðu viðræðnanna og þróun sambandsins hefði verið lögð fram. Hann upplýsti í viðræðunum að hann hefði kallað eftir slíkri skýrslu.



14 milljarða króna eignasala í uppnámi

Erfiðlega gengur að selja skuldabréf í Magma fyrir tæpa níu milljarða króna. Fjárfestar fengu mánuð til þess að fjármagna kaupin. Eins gengur illa að selja húsnæði Orkuveitunnar. Stjórnarformaður Orkuveitunnar segir afleiðingar ekki alvarlegar.

VIÐSKIPTI „Maður er bjartsýnn þar til ástæða er til annars,“ segir Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, en sala á Magma-skuldabréfinu



HARALDUR FLOSI TRYGGVASON

hefur tafist um mánuð. Það voru Landsbréf sem stóðu að baki kaupnum en til stóð að fjármögnun á kaupum á bréfinu yrði lokið í ágúst. Til stendur að selja bréfið fyrir 8,6 milljarða króna.

Það gengur ekki aðeins erfiðlega að selja bréfið, einnig gengur erfiðlega að selja húsnæði Orkuveitunnar. Það er Straumur sem hyggst kaupa húsið en verðið er 5,1 milljarður króna.

Búið er að framlengja frestingun til þess að fjármagna kaup á Magma-bréfinu um einn mánuð, samkvæmt Haraldi Flosa. Eins mun vera búið að veita Straumi nokkrar vikur til þess að ganga frá fjármagni á kaupum á húsnæðinu, sem Orkuveitan hyggst leigja af kaupandanum, gangi viðskiptin eftir.

Það er þó ljóst að gangi kaupin ekki eftir muni það setja strik í efnahagsreikning Orkuveitunnar, enda tilgangurinn með sölunum að bæta lausafjárstöðuna, en samantlagt er um 13,7 milljarðar að ræða.

„Það eru engir stórkostlega alvarlegir fylgiskráir sem fylgja því ef þetta gengur ekki upp,“ segir Haraldur Flosi en sjóðsstaða Orkuveitunnar er betri en búist var við. „Það er þó æski-



ORKUVEITA REYKJAVÍKUR Ekki hefur gengið að fjármagna kaup á húsnæði OR.

legt að gengið verði frá þessu hið fyrsta,“ segir Haraldur Flosi. Aðspurður hvernig Orkuveitan hyggst bregðast við, gangi viðskiptin ekki eftir, svarar hann: „Það eru þá viðfangsefni sem þarf að takast á við.“

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, lagði fram fyrirspurnir á síðasta stjórnarfundum Orkuveitunnar þar

sem hann spurði hvernig staðan væri í þessum málum.

„Maður veitir því fyrir sér hvort það hafi ekki verið nægilega vonduð vinna að baki þessu,“ segir hann. Hann segir Orkuveituna þó hafa unnið góða vinnu í því að bæta aðgangi fyrirtækisins að fjármagni, „og vonandi hefur þetta ekki áhrif á það,“ bætir Kjartan við.

valur@frettabladid.is

Straumur og Landsbréf safna fé

Það er fyrirtækið Landsbréf hf. sem leitar fjárfesta til þess að fjármagna kaup á Magma-skuldabréfinu. Skuldabréfið var upphaflega hluti greiðslu fyrir hlut OR í HS Orku. Á bak við skuldabréfið stendur veð í hlutabréfum í HS Orku. Kaupverðið er 8,6 milljarðar króna.

Stjórn Orkuveitunnar samþykkti í janúar að selja höfuðstöðvar OR fyrir 5,1 milljarð króna og verður hagnaður OR um 600 milljónir króna gangi viðskiptin eftir. Straumur fjárfestingabanki gerði tilboðið fyrir hönd óstofnaðs félags með fyrirvara um áreiðanleikakönnun og endanlega fjármögnun.

Láta miðstjórn kanna hvort hugmyndir um listaval standast reglur:

Stjórnarfundum Varðar frestað

STJÓRN MÁL Ákveðið var í gær að fresta stjórnarfundum Varðar, fulltrúaráðs sjálfstæðismanna í Reykjavík, þar sem til stóð að móta tillögum að því hvernig velja skyldi á framboðslista flokksins í borgarstjórnarkosningunum á næsta ári.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að mikill meirihluti væri fyrir því innan stjórnarinnar að fara svokallaða leiðtogaþróflokksleið, þannig að aðeins yrði efnt til prófkjörs um oddvitasæti framboðslistans. Önnur leið yrði svo farin við skipun hinna sætanna.

Stjórn Varðar ákvað að bera það undir miðstjórn Sjálfstæðisflokksins hvort það samræmdu reglum flokksins að fara blandaða leið við uppröðun á listann. Í erindinu til miðstjórnarinnar var tekið dæmi um leiðtogaþróflokksleið í fyrsta kasti, síðan svokallaða röðun fulltrúaráðsfundar fyrir næstu sæti á eftir og svo uppstillingu fyrir þau neðstu.

Miðstjórnin mun svara erindinu á þriðjudag. Fulltrúaráðsfundurinn Varðar, þar sem tillaga stjórnar verður borin upp, fer síðan fram á fimmtudaginn.



RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR Baráttan um ráðhúsið er hafin innan flokkanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég vil eiga fyrir því sem ég geri“

Besta leiðin til að eignast hluti er að eiga fyrir þeim. Hvort sem ætlunin er að koma upp varasjóði eða safna fyrir næsta sumarfríi þá er alltaf skynsamlegt að leggja fyrir. Kynntu þér allt um reglubundinn sparnað á landsbankinn.is/istuttumali.

Magnús Lyngdal
Viðskiptavinur Landsbankans



7.9.2013 → 13.9.2013

400 milljarðar er sú upphæð sem gert er ráð fyrir að ferðabjónustan muni skila til samfélagsins á næsta áratug.

30 sinnum á fimm ára tímabili er talið að erlend kona hafi komið til landsins til þess að stunda vændi.



8 milljónir

króna afhenti **Sigurður Hallvarðsson** Ljósínu, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.



7% heildarvektu- aukning var á kreditkortavíðskiptum með Íslensk Visa- kreditkort í ágúst síðastliðnum ef miðað er við sama tíma í fyrra.



7 milljarðar

króna var hagnaður Síldarvinnslunnar árið 2012. Samþykkt var á aðalfundi að greiða hluthöfum 2,1 milljarð króna í arð.



6,1 milljarð króna á ári kostar líklega að láta raforku- flutningskerfi landsins reka á reiðanum. Þetta kemur fram í skýrslu sem unnin var fyrir Landsnet.



DAUÐADÓMI FAGNAÐ Víða á Indlandi hefur fólk komið saman til að fagna niðurstöðu dómstólsins. NORDICPHOTOS/AFP

Fjórir menn dæmdir fyrir hrottalegan ofbeldisglæp:
Nauðgarar dæmdir til dauða

INDLAND, AP Mennirnir fjórir sem fyrr í vikunni voru sakfelldir fyrir hrottalega hópnaudgun í Nýju-Delí í lok síðasta árs hafa nú verið dæmdir til dauða.

Dauðadómnunum verður á endanum fullnægt með hengingu, verði refsingin ekki milduð á æðri dómstigi.

Í desember síðastliðnum tóku mennirnir ungt par upp í strætisvagn, sem þeir óku um borgina að því er virðist í þeim tilgangi að leita uppi fórnarlömb.

Konunni var nauðgað hrottalega og henni misþyrmt svo að hún lést á sjúkrahúsi nokkrum vikum síðar. Manninum var einnig misþyrmt en lét ekki lífið. - gb

Dæmdur fyrir líkamsárás:
Sló lækni með flötum lófa

DÓMSMÁL Karlmaður var dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness á fimmtudaginn fyrir að slá lækni utan undir með flötum lófa. Atvikkið átti sér stað á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í desember árið 2011.

Maðurinn játaði sök skýlaust og sagði sér til varnar að hann hefði verið í andlegu ójafnvægi og undir áhrifum vímuegja á þessum tíma og sæi eftir atvikinu. Maðurinn hefur ekki gerst brotlegur við lög áður. Manninum er því gert að sæta fangelsi í einn mánuð en refsing hans fellur niður haldi hann skilorð í tvö ár. - vg

Forstjóraskipti hjá Skipti:
Steinn hættir hjá Skiptum

VIÐSKIPTI Stjórn Skipta hf. og Steinn Logi Björnsson, forstjóri félagsins, hafa komist að samkomulagi um að sá síðarnefndi láti af störfum. Hann hefur gegnt starfi forstjóra frá því í apríl 2011. Í tilkynningu frá Skiptum segir að frá þeim tíma hafi verið unnið að rekstrarlegri og fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins og endurfjármögnun í framhaldinu. Óskar Hauksson, fjármálastjóri fyrirtækisins, mun vera staðgengill forstjóra uns nýr forstjóri hefur verið ráðinn. - ka

HVAÐ FELUR HAGSTOFUFURUMVARPIÐ Í SÉR?



Segir dulkóðun koma í veg fyrir rekjanleika

Deilt hefur verið á frumvarp til laga sem heimilar Hagstofu Íslands að sækja upplýsingar um afborganir og greiðslubyrði lántakenda til fjármálaframtækja og lánastofnana. Hagstofustjóri segir dulkóðun örugga. Gögnum sé eytt jafnóðum.

FRÉTTASKÝRING

Hvað felur hið umdeilda hagstofu- frumvarp í sér?

Mikið hefur verið rætt um frumvarpið um Hagstofu Íslands sem lagt var fram á Alþingi á vorþingi og mun fela stofnuninni heimildir til öflunar gagna um stöðu lána einstaklinga og lögaðila frá fjármálaframtækjum og öðrum lánastofnunum.

Helsta gagnrýnisatriðið var að nýju lög myndu brjóta gegn persónuverndarsjónarmiðum. Forstjóri Persónuverndar gagnrýndi frumvarpið harðlega þegar það var fyrst kynnt í vor með þeim orðum að með því væri nánast verið að leggja bankaleynd á Íslandi af.

Afgreiðslu frumvarpsins, sem var lagt fram í tengslum við tillögur forsætisráðherra vegna skuldavanda heimilanna, var frestað til að taka mætti afstöðu til þeirrar gagnrýni sem fram hafði komið.

Stjórnin leggur hins vegar áherslu á að ljúka því nú á haust-

þinginu, eftir að breytingar voru gerðar á því.

Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og fulltrúi í allsherjar- og menntamálanefnd, sagði nauðsynlegt að koma þessu frumvarpi í gegn þar sem það fæli í sér auknar upplýsingar sem stjórnvöld þyrftu „til að skoða hvaða áhrif aðgerðir hafa á mismunandi hópa eftir fjölskyldugerðum og aldri“.

Hörður Helgason, settur forstjóri Persónuverndar, sagði í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku að breytingarnar væru að mestu lagatæknilegs eðlis og kjarninn í gagnrýni Persónuverndar stæði enn óhaggaður.

Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri segir hins vegar í samtali við Fréttablaðið að Hagstofan sé að mestu leyti að starfa á sama hátt og hingað til þó að í frumvarpinu felist að stofnunin fái aðgang að upplýsingum um afborganir og greiðslubyrði.

„Öll gögn sem við öflum eru dulkóðuð þannig að ekki verður

Öll gögn sem við öflum eru dulkóðuð þannig að ekki verður hægt að rekja þau til einstaklinga eða fyrirtækja. Svo er gögnunum eytt þegar búið er að vinna úr þeim.

Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri

hægt að rekja þau til einstaklinga eða fyrirtækja. Svo er gögnunum eytt þegar búið er að vinna úr þeim eins og segir í lögum. Það er því aldrei til neinn gagnagrunnur heldur bara mynd af stöðu mála frá einum ársfjórðungi til annars.“

Gangi málið í gegn segir Ólafur að Hagstofan geti haft fyrstu skýrsluna tilbúna næsta vor.

thorgils@frettabladid.is

Komdu í yoga
Áhersla á mjóbak og axlir

Yoga I

- Ertu með stírdan kropp
- Ertu í yfirþyngd
- Ertu að ná þér eftir veikindi
- Ertu með vefjagigt
- Ertu komin á efri árin

Yoga II

- Krefjandi yogaæfingar
- Aukin liðleiki
- Aukin styrku

Kennt í Sjúkraþjálfaranum Hafnarfirði 691 0381 Kristin Björg

Veðurspá

NORÐAN STORMUR Veður fer versnandi í fyrramálið einkum norðan og austan til en það gengur í norðan storm með rigningu eða slyddy og snjökumu til fjalla. Léttir til sunnan heiða. Veður gengur smám saman niður síðdegis á mánudag.

Á morgun 10-23 m/s, hvassast A-til.

Mánudagur 8-18 m/s.

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

Alicante 27°	Bilund 20°	Gautaborg 20°	London 17°	Orlando 35°	San Francisco 18°
Basel 27°	Frankfurt 19°	Kaupmannahöfn 20°	Mallorca 27°	Ósló 18°	Stokkhólmur 20°
Berlín 22°	Friedrichshafen 19°	Las Palmas 24°	New York 22°	París 19°	

KRAFTMEIRI TENGING FYRIR ÍSLENSK HEIMILI

Búðu þig undir framtíðina með Ljósnetinu og Sjónvarpi Símans

Heimsfrægd eða hamingja?

London 1999, Haraldur Gíslason segir frá

Ég bjó einu sinni í útlöndum með hljómsveitinni minni og var boðið að fara í aðra hljómsveit sem var þá á barmi heimsfrægðar. Eðlilega spái ég stundum í því hvað hefði orðið ef ég hefði þegið tilboðið. Þetta var samsagt hljómsveitin Coldplay. En mig langaði bara miklu frekar að vera með ykkur á leikskólanum.



Sjáðu
Halla
segja frá



Í haust er væntanlegt app fyrir iOS og Android sem færir þér Sjónvarp Símans í snjalltækin.

Með Ljósnetinu er heimilið tilbúið að njóta spennandi nýjunga í sjónvarpsþjónustu og netsamskiptum. Hringdu í 800 7000 og tryggðu þér hratt og öruggt net og Sjónvarp Símans.

Sláðu inn heimilisfangið á siminn.is og sjáðu hvort þú getur tengst strax í dag.

Vinsælasta leiðin



Ljósnet 1
10GB

Mánaðarverð
4.890 kr.



Ljósnet 2
50GB

Mánaðarverð
5.890 kr.



Ljósnet 3
100GB

Mánaðarverð
6.990 kr.



Ljósnet 4
200GB

Mánaðarverð
8.290 kr.



Vertu í sterkara sambandi við framtíðina



HEILBRIGÐISKERFI Á TÍMAMÓTUM

Mikil starfsþreyta á Landspítalanum

Læknar eru að sligast undan miklu vinnuálagi á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi. Dæmi eru um að menn hafi kastað upp af þreytu. Unglæknar fást ekki til starfa og sjúklingar bíða þess að komast í meðferð. Fréttablaðið fór í vikunni í heimsókn á tvær deildir sjúkrahússins.

Jóhanna Margrét
Einarsdóttir

johanna@frettabladid.is



Vandi Landspítala – Háskólasjúkrahúss er margþættur vegna langvarandi niðurskurðar í fjárframlögum til sjúkrahússins. Alvarlegast er ástandið á lyflækningasviðinu. Fréttablaðið fór í heimsókn á tvær af deildum sviðsins. Þar lýstu starfsmenn miklu vinnuálagi, lélegum launum, atgervisflotta, mann-eklu og úreltum og úr sér gengnum tækjakosti. Læknar á sviðinu segjast fá fá tækifæri til að þróast í starfi og að stjórnendur hlusti hvorki á umkvartanir né tillögur um það sem betur mætti fara.

Skelfilegt ástand

„Álagið á okkur krabbameinslækna er skelfilegt og ástæðan er einkum atgervisflotti. Læknar treysta sér ekki lengur til að starfa á Landspítalanum. Fjórir krabbameinslæknar hafa látið af störfum á deildinni á undanförunum árum og farið til starfa erlendis. Auk þess láta tveir frumkvöðlar krabbameinslækninga á Íslandi, þeir Þórarinn Sveinsson og Sigurður Björnsson, af störfum fyrir aldurs sakir.

Núna erum við í alvarlegri krísu. Í haust hættir yfirlæknir lyfjameð-

ferðar krabbameina. Hún er afar vel menntaður, ósérhlífinn og fær læknir og hefur ráðið sig til starfa erlendis þar sem hún fékk yfirlæknisstöðu,“ segir Helgi Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir á krabbameinsdeild Landspítala – Háskólasjúkrahúss, við blaðamann þegar hann heimsótti krabbameinsdeildina í vikunni. Helgi bætir við að hann óttist að fleiri séu á förum. „Ég veit að bara í dag eru tveir til þrjú krabbameinslæknar alvarlega að íhuga stöðu sína. Ákveði annar þeirra að fara er algjört hrun fyrir-sjáanlegt á deildinni,“ segir hann.

Mikil starfsþreyta

Á rúmum 20 árum hefur þeim sem koma til meðferðar á krabbameinsdeild Landspítalans fjölgað um 50% en læknum hefur ekki fjölgað. Sérfræðingar á spítalanum voru nú fyrir 20 árum, þeir eru jafnmargir í dag. Ef allt væri með felldu væru þeir að minnsta kosti 14, ef reyndir deildarlæknar eru taldir með. Sem stendur starfar enginn deildarlæknir á krabbameinsdeild. „Hver sérfræðingur vinnur oft og tíðum tveggja til þriggja manna starf,“ segir Helgi.

Á dagdeild og göngudeild krabbameinslækninga koma að jafnaði 80 til 90 sjúklingar á dag í ýmiss konar sérhæfða þjónustu, það er greiningu, meðferð og eftirlit. Auk



ÖFREMDARÁSTAND Fjöldi lækna vantar til starfa á Lyflækna sviði. Margir eru hættir og farnir til starfa annars staðar. Unglæknar vilja ekki vinna á sviðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þess koma 50 í geislameðferð. Í dag bíða um 500 einstaklingar þess að vera kallaðir í viðtöl vegna meðferðar eða í eftirlit. Til að stytta biðtímann hafa læknar deildarinnar lengt starfsdaginn. Göngudeildin er opin einn dag í viku til klukkan átta á kvöldin.

„Þetta gengur ekki til lengdar, það eru allir orðnir uppgefnir. Starfsþreytan er mikil,“ segir Helgi.

Kastað upp af álagi

Einn læknir á deildinni lýsir því að einn daginn þegar hann fékk dagsþrógrammið í hendur hafi þyrmt yfir hann með velgjutfinnging og hann hafi orðið að fara afsíðis til þess að kasta upp.

Læknar eru eins og annað langþreytt fólk að því leyti að varnir líkamans veikjast. Langþreytt fólk verður frekar fyrir pestum og sýkingum af ýmsu tagi. Uppsöfnuð þreyta gerir það að verkum að það tekur lengri tíma að ná sér. Viðvarandi álag getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir lækna bæði persónulega og í starfi. Ástæður þess að illa gengur að fá lækna til starfa á krabbameinsdeild eru nokkrar. Fyrir nokkrum árum vorum Íslendingar meðal þeirra fremstu á sviði krabbameinslækninga á Norðurlöndunum. Niðurskurður á fé til sjúkrahússins hefur bitnað illa á deildinni. Tækjakostur er gamall og of oft úr sér genginn. Sjúkrahúsið getur ekki keppt í launum, kjörum og starfsaðstöðu við erlend sjúkrahús og svo er það vinnuálagið.

Léleg laun

„Tólf læknar sérhæfir í krabbameinslækningum eru við störf í útlöndum og oftast en ekki á bestu stofnunum þar. Ég hef verið í sambandi við nánast alla þessa lækna með það að markmiði að fá þá til starfa hér heima. Af þessum tólf eru tveir til þrjú sem hafa íhugað að koma heim einhvern tímann. Hinir segjast vera sestir að erlendis,“ segir Helgi.

Helgi segir að einn læknanna hafi spurt hvers vegna hann ætti að íhuga að koma heim núna, þegar hann gæti lagt meira fyrir en hann fengi útborgað á Landspítalanum. „Þá hefði hann auk þess betri starfsaðstöðu og meiri frítíma en hann fengi á Íslandi. Annar sagði að að sínu mati væri Landspítalinn fallinn úr úrvalsdeild, hann væri hvorki samkeppnishæfur við önnur háskólasjúkrahús þegar kæmi að tækjakosti né þjálfun lækna. Auk þess væri engin framþróun og í raun ríkti alger stöðnun á Landspítalanum.“

Gefur lífinu gildi

Helgi segir að vandinn sé mikill og uppsafnaður. „Það þarf samt hugarfarsbreytingu til að hindra

atgervisflottann. Það verður ekki gert yfir nótt. Það verður að búa þannig um hnútana að það sé spennandi fyrir nýtskrifada sérfræðinga í krabbameinslækningum og öðrum sérgreinum að koma heim. Vissulega þarf að bæta kjör lækna en mun mikilvægara er að stuðla að stöðugri framþróun og skapa þá lifandi þekkingarstofnun sem Landspítalanum ber að vera.“

Þrátt fyrir ólguna virðist þeim sem heimsækja deildina andrúmsloftið rólegt og afslappað. Starfsfólkið heilsar sjúklingunum af mikilli hlýju og nærgætni. Enda segir Helgi þegar blaðamaður kveður hann: „Starfsgleðin felst í samskiptum við sjúklingana og að finna að við gerum gagn. Það sem gefur lífinu gildi er að láta gott af sér leiða.“

Undirmannað á hjartadeild

Frá krabbameinsdeildinni lá leiðin á hjartadeildina, þar sem við hittum fyrir Karl Andersen prófessor. Það er mikið álag á hjartadeildinni en þar leggjast að jafnaði inn um 2.500 sjúklingar á ári. Deildin er undirmönnuð, ellefu læknar eru við störf en Karl segir að fjölga þyrfti læknum um fimm ef vel ætti að vera. „Það ástand sem við stöndum frammi fyrir í dag er afleiðing þess að sjúkrahúsið hefur verið lengi í fjársveldi. Í nokkur ár hefur öll áherslan verið lögð á að spara peninga en ekki á að varðveita þann gríðarlega mannaúð sem er hér á spítalanum. Hlutverk LSH sem háskólasjúkrahúss hefur verið vanrækt, hér er öll áherslan á að lækna fólk. Við komumst varla yfir að sinna þeim sjúklingum sem hingað þurfa að leita. Þeir ganga fyrir en það bitnar á kennslu og vísindastarfi. Hættan er sú að þegar við höfum nauman tíma til að sinna kennslu útskrifum við lækna sem hafa ekki nægilega góða menntun.“

Unglæknar fást ekki til starfa

„Læknakandidatar vilja ekki ráða sig á lyflækningasviði. Þegar maður



NÝKOMNIR Á DEILDINA Læknakandidatar Arnar Bertel Auðunsson og Hjálmar Ragnar Agnarsson fá tilsögn á Hjartadeildinni.

“Hver sérfræðingur vinnur oft á tíðum tveggja til þriggja manna starf.”

Helgi Sigurðsson

“Sérfræðingum finnst að kraftar þeirra nýtist betur í kennslu og vísindastörf en að taka blóðprufur.”

Karl Andersen



Málstofa um Réttindi og lögræði í heilabilun

Árlega er alþjóðlega Alzheimerdagsins hinn 21. september minnst um heim allan. FAAS mun í tilefni dagsins standa fyrir málstofu á Grand Hótelu laugar-daginn 21. september 2013 kl. 17-19 undir heitinu Réttindi og lögræði í heilabilun

Dagskrá:

- Heilabilun og skert fjármálafærni
Ásrún Eva Harðardóttir, lögræðingur í sífja- og skiptadeild sýslumannsins í Reykjavík
- Lifeyrir og tengdar bætur frá Tryggingastofnun
Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri á samskiptasviði Tryggingastofnunar ríkisins
- Hvaða aðstoð getur þú fengið á þjónustumiðstöðum sveitarfélögunna
Árdís Antonsdóttir, félagsráðgjafi á þjónustumiðstöð Grafarvog og Kjalarness
- Baráttan við kerfið - sagan endalaus
Ragnheiður K. Karlsdóttir, aðstandandi og varaformaður FAAS

Umræður og fyrirlesarar munu svara fyrirspurnum. Málstofustjóri verður Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður og fyrrverandi heilbrigðisráðherra. Allir eru velkomnir

Í tilefni 40 ára afmælis Glóeyjar veitum við 10-40% afslátt af völdum útiljósum í september.



AFMÆLIS
AFSLÁTTUR

Með kveikt á þerunni í
40 ár

Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is



**TAX
FREE**

**SNYRTIVÖRU
DAGAR**

FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 12. - 16. september
afnemun við virðisaukaskatt*
af öllum snyrtivörum.

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



SVONA ERUM VIÐ

Bifreiðaeign landsmanna árið 2012 var rúmlega 300.000 bílar og hefur nærri tvöfaldast frá árinu 1995. Fjöldi fólksbifreiða á Íslandi á hverja þúsund íbúa er með því hæsta sem gerist í heiminum og hefur meira en tvöfaldast síðustu 30 árin.

Heimild: Umhverfisstofnun

Dómari hafnaði kröfu:

Opið þinghald í máli svikara

DÓMSMÁL Dómari hafnaði í gær kröfu um að réttarhöld í máli Sigurðar Kárasonar, sem ákærður er fyrir að hafa svikið meira en 100 milljónir út úr grunlausu fólki, fari fram fyrir luktum dyrum.

Sigurður krafðist þess að þinghaldið yrði lokað til að umfjöllun um málið mundi ekki valda dætrum hans óþægindum og skaða. Saksóknari mótmælti því og sagði engin rök fyrir lokuðu þinghaldi. Dómari var sammála og hafnaði kröfunni.

- sh

Hugbúnaðarfyrirtæki fór fram á lögbann gegn Sérstökum saksóknara:

Vilja lögbann vegna forrits

DÓMSMÁL Mál hugbúnaðarfyrirtækisins Applicon gegn Sérstökum saksóknara var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Fyrirtækið hefur farið fram á lögbann gegn Sérstökum saksóknara. Ástæðan er meint ólögmæt notkun embættisins á hugbúnaðarkerfi sem Seðlabanki Íslands afritaði þegar húsleit var framkvæmd hjá Samherja vegna meintra brota á gjaldreyrisreglum á síðasta ári.

Málinu var frestað í morgun svo lögmenn Applicon gætu lagt fram greinagerð.

Barátta Applicon fyrir lögbanni hefur verið heldur löng og ströng. Fyrst fór fyrirtækið fram á það við sýslumanninn í Reykjavík að setja lögbann á Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn braust inn í SAP, hugbúnaðarlausn fyrirtækisins, og afritaði bókhaldsgögn hjá Samherja. Sýslumaður hafnaði kröfunni, meðal annars vegna þess að gögnin voru komin til sérstaks saksóknara.

Applicon fór þá fram á lögbann gegn embætti saksóknarans vegna brota á höfundarréttarlögum en því var einnig hafnað.

- vg



HÚSLEIT Seðlabanki Íslands gerði húsleit á síðasta ári hjá Samherja vegna gruns um brot á lögum um gjaldreyrishöft.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íbúðaskipti!

Við erum fjölskylda í Kaupmannahöfn, sem óskar eftir að skipta á íbúð/húsi yfir jóla og áramót. Frá ca. miðjum desember til ca 5. jan. Ef hentar betur, gætu skiptin hafist strax í byrjun desember. Höfum stórt einbýlishús með 5 svefnherbergjum, stutt frá miðborginni. Húsið hefur öll nútíma þægindi, internet, sjónvörp, dvd, o.s.v.fr. og sauna. Bill getur fylgt, og æskilegt væri hið sama á Íslandi. Við þurfum 3 svefnherb. Tvö svefnherb. gætu dugað, ef annað er hjónaherb. og hitt með tveimur rúmum.

Sendið póst á heimilisskipti@gmail.com
eða hafið samband í síma 0045 50231882

Lánsveðsvaxtabætur

Einstaklingar sem festu kaup á íbúðarhúsnæði eða hófu byggingu á árunum 2004 – 2008 og tóku jafnframt lán með veði í fasteign annars einstaklings eiga rétt á sérstökum vaxtabótum – **lánsveðsvaxtabótum**.

Skilyrði fyrir ákvörðun lánsveðsvaxtabóta eru þessi:

- ▶ Íbúðarhúsnæði hafi verið keypt eða byggt til eigin nota og lán tekin því til öflunar á tímabilinu frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2008
- ▶ Lán hafi verið tekið með veði í fasteign í eigu annars einstaklings
- ▶ Íbúðin hafi verið í eigu umsækjanda í ársbyrjun 2009
- ▶ Eftirstöðvar fasteignaveðlána vegna þess íbúðarhúsnæðis, sem fengin voru með lánsveði, hafi samtals verið hærri en 110% af fasteignamati eignarinnar á söludegi eða í árslok 2010
- ▶ Höfuðstóll veðlána hafi ekki verið lækkaður fyrir 9. apríl 2013

Umsóknir berist ríkisskattstjóra í síðasta lagi **15. september 2013**.

Ákvörðun lánsveðsvaxtabóta fer fram svo fljótt sem unnt er, þó eigi síðar en 17. mars 2014.

Nánari upplýsingar um fjárhæðir, ákvörðun bóta og umsóknareyðublað má finna á vef ríkisskattstjóra;

www.rsk.is



SÝRLENDINGAR SÆKJA UM AÐILD Bashar Jaafari, sendiherra Sýrlands hjá Sameinuðu þjóðunum, veifar skjali sem hann segir innihalda upplýsingar frá bandarísku leyniþjónustunni um efnavopn í Ísrael.

NORDICPHOTOS/AFP

Erfitt að eyða efnavopnum

Í Bandaríkjunum er enn að finna meira en 3.000 tonn af efnavopnum, 30 árum eftir að Bandaríkin undirrituðu alþjóðlegt bann við framleiðslu og notkun þeirra.

BANDARÍKIN, AP Fyrir þrjátíu árum undirrituðu Bandaríkin alþjóðlegan samning sem bannar framleiðslu og notkun efnavopna. Enn eru þó 3.000 tonn af slíkum vopnum eftir í Bandaríkjunum og ekki er reiknað með að búið verði að eyða þeim öllum fyrr en árið 2023.

Þetta er þrisvar sinnum meira magn en talið er að Sýrlandingar ráði yfir, en Bandaríkjamenn leggja mikla áherslu á að Sýrlandsstjórn losi sig við sín efnavopn hið allra fyrsta.

Við undirritun samningsins áttu Bandaríkin í fórum sínum 31.500 tonn af efnavopnum, þannig að á þrjátíu árum hefur þeim tekist að losa sig við rúmlega 90 prósent þeirra.

Bandaríkin hafa rekið sig á það, rétt eins og önnur lönd sem reynt hafa, að býsna erfitt er að losa sig við efnavopn. Hvað eftir annað hefur sá frestur sem settur hefur verið runnið út eða verið framlangdur þegar ljóst var orðið að markmiðin myndu ekki nást.

Sýrlandingar hafa nú, samkvæmt tillögu Rússa, fallist á að láta efnavopn sín af hendi til eftirlits og eyðingar en óljóst er um framkvæmdina.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur síðustu tvo daga setið á fundum með Sergei Lavrov, rússneskum starfsbróður sínum, og krafist skýringa á því hvernig Rússar hafa hugsað sér að fá Sýrlandinga til þess að standa við loforð um afhendingu og eyðingu efnavopna sinna.

Sýrland er eitt af fáum ríkjum heims sem ekki hafa undirritað alþjóðlega samninginn, en hafa nú óskað eftir að gerast aðilar að honum, í samræmi við tillögur Rússa. Sýrlandsstjórn segist ætla að láta efnavopn sín af hendi til eftirlits og eyðingar mánuði eftir undirritun.

Samningurinn hefur verið undirritaður og staðfestur af flestum ríkjum Sameinuðu þjóðanna. Fimm ríki hafa þó enn ekki undirritað hann, en þau eru Angóla, Egyptaland, Norður-Kórea, Sómalía og Sýrland. Að auki hafa Ísrael og Búrma undirritað samninginn en ekki staðfest hann.

Alls gáfu sjö ríki upp efnavopnaeign upp á samtals 70 þúsund tonn og þrjú þeirra hafa klár- að að losa sig við þau.

gudsteinn@frettabladid.is

FIND **NEW** ROADS™



BÍLL SEM HEITIR TRAX

FRUMSÝNDUR Í DAG



Það skemmtilegasta sem við gerum er að frumsýna Chevrolet - nú er það **BÍLL SEM HEITIR TRAX**.

TRAX sport-jepplingurinn er glæsilegur nýr meðlimur í Chevrolet fjölskyldunni. Hann kemur með sérlega sparneytinni díselvél og er bókstaflega hlaðinn staðalbúnaði. Allir sem reynsluaka TRAX fá bókina **MAÐUR SEM HEITIR OVE***, sem fer nú sigurför um heiminn.

Komdu og sannreyndu Chevrolet TRAX í Reykjavík eða Reykjanesbæ, milli kl. 12:00 og 16:00 í dag.



Á meðan birgðir endast



Chevrolet Trax • dísel • ssk
Verð aðeins: 4.590 þús. kr.

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

Nánari upplýsingar á benni.is

Reykjavík	Reykjanesbær	Akureyri
Tangarhöfða 8	Njarðarbraut 9	Glerárgötu 36
Sími: 590 2000	Sími: 420 3330	Sími: 461 3636

Bílabúð
Benna
— Sérfræðingar í bílum —

Námskeið við svefnleysi og félagskvíða



Við Kvíðameðferðarstöðina eru að hefjast námskeið við svefnleysi og félagskvíða.

Á námskeiðinu við svefnleysi er veitt fræðsla um svefn og þátttakendum kennt að rjúfa vítahring svefnleysis þannig að þeir öðlist betri og samfelldari svefn.

Á námskeiðinu við félagskvíða er þátttakendum kennt að öðlast auknið öryggi í samskiptum og breyta viðbrögðum sem viðhalda vandanum.

Námskeiðið við félagskvíða hefst 2. október nk. og námskeiðið við svefnleysi 7. október nk. Fyrirnefnda námskeiðið stendur yfir í 7 skipti og það síðarnefnda í 11 skipti.

Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is

Líkur eru á áframhaldandi flóðum í Rússlandi



ALLT Á FLOTI Í RÚSSLANDI Mikil flóð hafa hrjád íbúa austast í Rússlandi, í Amur-héraði, og allt bendir til þess að flóðin eigi eftir að versna á næstu dögum. Í borginni Komsomolsk hefur flóðvatnið mælst allt að átta metra djúpt. NORDICPHOTOS/AFP

Vissir þú að...



börn eiga rétt á nægum svefni

MYNDARLEGUR

www.landrover.is



ABOVE AND BEYOND



NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4
VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla disilvél sem eyðir aðeins 8,3 l/100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýrinu og loftþúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á www.landrover.is



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

Vetur 2013/2014

SKÍÐAVEISLA Í AUSTURRÍKI OG ÞÝSKALANDI

- Nýjir frábærir áfangastaðir
- Fjölskylduvænt umhverfi
- Skemmtilegur þorpsandi
- Einstök borg
- Nánar á uu.is



DACHSTEIN WEST - ABTENAU

Nýr valkostur – fjölbreytt
skíðasvæði – gott verðlag!

18.-25. janúar, 7 nætur.

VERÐDÆMI:
95.900 KR*

m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Verð 111.680 kr. m.v. 2 fullorðna í stúdíó íbúð.



ZELL AM SEE

Einn vinsælasti skíðabær
Austurríkis

11.-18. janúar, 7 nætur.

VERÐDÆMI:
154.950 KR*

m.v. 2 fullorðna á Hotel Valdhof ****
í tvíbýli með hálfu fæði.



GARMISCH - PARTENKIRCHEN

Þekktasti skíðabær Þýskalands

26.-2. febrúar, 7 nætur.

VERÐDÆMI:
133.330 KR*

m.v. 2 fullorðna og 2 börn á
Atlas Pos Hotel *** í íbúð með morgunmat.
Verð 145.800 kr. m.v. 2 fullorðna í íbúð með
morgunmat.



INNSBRUCK - AUSTURRÍKI

Skíði og borg – frábært verð

26.-2. febrúar, 7 nætur.

VERÐDÆMI:
178.600 KR*

m.v. 2 fullorðna á Hotel Golden Krone ***
í tvíbýli. Skíðapassi innifalinn.

HVER FER MEÐ SAMNINGSUMBOÐ RÍKISINS, SEÐLABANKASTJÓRINN EÐA FORSÆTISRÁÐHERRANN?

Erlendum eignum haldið í gíslingu

Fulltrúar kröfuhafa telja að nauðasamningar sem óskað var eftir undanþágu vegna ógni ekki fjármálastöðugleika á Íslandi. Nauðasamningar takmarkaðir og ná aðeins til erlendra eigna. Stjórnvöld hafa ekki svarað erindi þrotabús Glitnis. Lítið gerst í málinu í tíu mánuði.

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@365.is



Nauðasamningar þrotabúa Glitnis og Kaupþings, sem voru efnislega tilbúnir í nóvember 2012, eru takmarkaðir að því leytnu til að þeir ganga aðeins út frá því að erlendar eignir þrotabúanna verði greiddar út en krónueignir þeirra verði áfram á Íslandi. Þrotabúin óskuðu eftir undanþágu hjá Seðlabankanum í desember í fyrra vegna nauðasamninganna en engin afstaða var tekin til þeirra. Frá þeim tíma hefur lítið gerst í málinu og í reynd er staðan óbreytt.

Seðlabankinn hefur eftirlit með fjármálastöðugleika og framkvæmd gjaldeyrishaftanna.

Uppgjör þrotabúanna helst í hendur við afnám gjaldeyrishafta vegna krónueigna þessara búa sem eru hluti af hinn margumtöluðu „snjóhengju“. Þessar krónueignir námu 460 milljörðum króna í október 2012.

Þá er það nátegt stærsta kosningaloforði Framsóknarflokksins en það var að nýta „svigrúm“ sem skapaðist við uppgjör til að færa niður verðtryggð húsnæðislán heimilanna. Svigrúmið í sinni einföldustu mynd felst í því að skipta krónueignum þeirra með ríflegum afslætti hjá Seðlabankanum og nota mismuninn til að færa niður

verðtryggð lán heimilanna.

Fram hefur komið að útskipti krónueigna þessara þrotabúa geti ógnað fjármálastöðugleika og lífskjörum almennings. Ráðgjafi fyrirtækja sem eiga kröfur í þrotabú Glitnis og Kaupþings segir í samtali við Fréttablaðið að erfitt sé að skilja að útgreiðsla og afhending erlendra eigna ógni fjármálastöðugleika á Íslandi þar sem ekki sé gert ráð fyrir því að neinum krónum verði skipt í erlenda mynt og því ætti útgreiðslan ekki að hafa bein áhrif á fjármálastöðugleika.

Hins vegar hafi íslenska ríkið ekki viljað hleypa nauðasamningunum í gegn því með því sé það að veikja samningsstöðu sína. Lögmaður sem hefur veitt kröfuhöfum ráðgjöf tekur í sama streng. „Það er það sem íslenska ríkið er að gera. Það er að halda erlendu eignunum í gíslingu því íslenska ríkið veit að með því hefur það sterkari samningsstöðu. Það hlýtur hins vegar að orka mjög tvímælis í lagalegum skilningi.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í viðtali við Kjarnann í síðasta mánuði að kröfuhafarnir yrðu að sýna frumkvæði þegar lausn á mállefnum þrotabúanna væri annars vegar. Slitastjórn Glitnis

brást við þessu með bréfi til forsætisráðherra, fjármálaráðherra og seðlabankastjóra hinn 27. ágúst sl. en því hefur ekki verið svarað. Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra, sagði að Seðlabankinn og ráðuneytin væru núna að stilla saman strengi um hvernig best væri að haga næstu skrefum í málinu.

Eitt af því sem slitastjórnir bankanna vilja fá á hreint er við hvern þær eiga að semja til að ljúka uppgjörum þrotabúa bankanna. Seðlabankinn telur sig ekki hafa umboð til að semja og ríkisstjórnin hefur enga ákvörðun tekið í málinu.

Vita ekki hver fer með samningsumboð

„Við sendum þetta bréf í kjölfar þess að stjórnvöld sögðu að beðið væri eftir tillögum sem gætu orðið til þess að ljúka þessu. Við erum búin að vinna heilmikla vinnu hjá okkur við að greina mögulegar lausnir. Bréfið gengur út á það að við séum tilbúnir til viðræðna en við viljum hafa viðsemjanda. Við erum að leggja áherslu á að það sé eitthvað ferli og viðmælandi sem hefur skýrt umboð,“ segir Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, um bréf sem slitastjórnin sendi forsætis- og fjármálaráðuneyti og Seðlabankanum.



STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR

VERÐUR BUCHHEIT RÁÐINN?

Þjarni Benediktsson átti fund með bandaríska lögmanninum Lee Buchheit í fjármálaráðuneytinu í júní síðastliðnum til að ræða mögulega aðkomu Buchheits að viðræðum íslenskra stjórnvalda við kröfuhafa föllnu bankanna. Fundurinn var óformlegur og ekki var gengið frá neinni ráðningu. Samkvæmt heimildum blaðsins hefur þó ekki verið útilokað að erlendur sérfræðingur verði ráðinn til að koma að þessum viðræðum.



BJARNI BENEDIKTSSON



LEE BUCHHEIT

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

500 ÞÚS. KR. KAUPAUKI FYLGIR QASHQAI



OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

NISSAN QASHQAI DÍSIL 4WD

VERÐ FRÁ 4.990 ÞÚS. KR.

Peir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

Qashqai eyðir einungis frá 4,6 l/100 km

Qashqai 1,6 dCi beinsk.
Verð: 4.990 þús. kr.

Qashqai+2 1,6 dCi beinsk. 7 manna
Verð: 5.390 þús. kr.

Qashqai 2,0 bensín, sjálfsk.
Verð: 5.790 þús. kr.

Qashqai 2,0 dCi sjálfsk.
Verð: 6.090 þús. kr.

KAUPAUKI AÐ ANDVIRÐI

500 ÞÚS. KR.

- Vetrardekk
- Dráttarbeisli
- iPad 32 GB



Innovation that excites

NISSAN
QASHQAI

iPad 32GB
fylgir með ásamt
veglegri hlífðartösku



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

Lögregla í viðbragðsstöðu: Hraðbankaþjóf-ar handteknir

FINNLAND Finniska lögreglan stóð tvo þjófa að verki þegar þeir voru að tæma hraðbanka í bænum Orimattila. Þjófarnir höfðu farið í leiðangur og stolið úr hraðbönkum á 13 stöðum á milli Salo og Fredrikshamn.

Lögreglan gat sér til hver yrði næsti áfangastaður þjófanna og var reiðubúin til handtöku þeirra þegar viðvörðun barst frá hraðbanka í Orimattila, að því er segir á fréttavef Hufvudstadsbladet. Lögreglan fann jafnframt bíl manna í bænum. Lögregluhundur þéfaði uppi seðla sem faldir höfðu verið í bílnum. - ibs



KOSNINGAR Erna Solberg, leiðtogi hægrimanna í Noregi, greiðir atkvæði. NORDICPHOTOS/AFP

Pósturinn of seinn:

400 utankjörfundaratkvæðum verður eytt

NOREGUR Yfir 400 utankjörfundaratkvæðum í nýafstöðnum þingkosningum í Noregi verður eytt af því að þau bárust of seint með póstinum. Í frétt á vef norska ríkisútvarpsins er haft eftir Frank Aarebrot, prófessor við Háskólann í Bergen, að þetta sé hneyksli. Vonandi víti þeir sem nýttu sér kosningarétt sinn ekki af því að þeir hafi misst hann.

Samkvæmt upplýsingum frá þeim sveitarfélögum sem norska ríkisútvarpið hefur hingað til haft samband við var póstdreifingin á eftir áætlun. Upplýsingastjóri Póstsins telur að í sumum tilfellum geti það verið rétt en í öðrum hafi sveitarfélögin, sem koma áttu atkvæðum á réttan stað, sent þau of seint. - ibs



Í ÓSLÓ Fólk á gangi á Aker brygge. Í Noregi er kallað eftir bættum aðbúnaði vegna flóttafólks sem til landsins leitar.

Hælsleitendur í Noregi:

Stífla í flóttamannabúðum

NOREGUR Norska útlendingastofnunin segir nauðsyn á 30 til 40 nýjum móttökum fyrir hælsleitendur, meðal annars vegna aukins straums flóttamanna.

Aðeins 16 prósent 15.795 íbúa í húsnæði fyrir hælsleitendur í Noregi bíða eftir svari við umsókn um hæli í landinu.

Um átta þúsund bíða ýmist eftir því að vera vísað úr landi þar sem umsóknunum þeirra hefur verið hafnað eða bíða eftir afgreiðslu áfrýjunar.

Yfir fjögur þúsund íbúanna hafa fengið dvalarleyfi í Noregi en engin sveitarfélög hafa lýst yfir vilja til að taka við þeim. - ibs

Talsmaður hrefnuveiðimanna segir að vertíðinni sé að öllum líkindum lokið:

Veiddu talsvert færri hrefnur en í fyrra

SJÁVARÚTVEGUR „Ég held að hrefnuveiðitímabilinu sé lokið enda hefur ekkert veiðst í um mánuð,“ segir Gunnar Bergmann Jónsson, talsmaður hrefnuveiðimanna.

Þrír bátar fóru á hrefnuveiðar í sumar og veiddu samtals 36 hrefnur, en samkvæmt hrefnukvóta ársins mátti veiða 216 dýr. Í fyrra veiddist 51 hrefna, sem var einnig töluverð fækkun frá fyrra ári.

Gunnar segir slæmt veður og ákvörðun fyrirverandi atvinnu- og nýsköpunarráðherra, Steingrims J. Sigfússonar, um að stækka gríðasvæði hvala í Faxaflóa, hafa mest að segja um lélega veiði sumarsins.

„Ákvörðun Steingrims hafði þær afleiðingar að við þurftum snemma í vor að hætta veiðum á Faxaflóa þar sem er oft mikið af hrefnu á vorin og fram á sumar. Þá fórum við með eitt af hrefnuveiðiskipunum, Hrafnreyði KÓ, norður fyrir land, þar sem var minna af hrefnu en í Faxaflóanum,“ segir Gunnar, og bætir því við að makrillinn hafi einnig strítt hrefnuveiðimönnun en hvalurinn forðast makrillinn sem étur undan honum.

„Við hefðum að minnsta kosti viljað veiða tíu dýr til viðbótar. Eftirspurn eftir hrefnukjöti frá veitingastöðum er sífellt að aukast og þessi lélega veiði í sumar þýðir að kjötið mun klárast í vetur,“ segir Gunnar. - hg



VERTÍÐINNI LOKIÐ Gunnar segir hrefnuveiðimenn hafa viljað veiða að minnsta kosti tíu dýr til viðbótar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Sölusýning



Sölusýning í dag frá kl. 10 til 16.

Í dag efnum við til sölusýningar í verslun okkar að Nóatúni 4. Þar gefst tækifæri til að skoða allt það nýjasta sem við bjóðum, m.a. eldunar-tæki, kæli- og frystitæki, þvottavélar, þurrkara, uppþvottavélar, ryksugur, smátæki, rakatæki og mikið úrval af alls kyns lömpum til heimilisnota.

Fjöldi tilboða í tilefni dagsins. Veittur verður afsláttur af öllum vörum.

Látið sjá ykkur og njótið dagsins með okkur. Það verður heitt á könnunni!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



BÆTTU SMÁ BRAGÐI AF NEW YORK Í LÍF ÞITT

NEW YORK DAGAR Á VOX RESTAURANT 18.-21. SEPTEMBER

VOX Restaurant býður til sannkallaðrar matarveislu 18.-21. september þar sem viðkunnir gestakokkar frá New York töfra fram freistandi, alþjóðlega rétti í hinum eina og sanna New York anda. Þú þarft ekki að fara lengra til þess að kynnast því sem auðkennir matarmeninguna í New York: Matargerðarlist frá öllum heimshornum.

New York er einn af vinsælustu áfangastöðum Ícelandaí. Fjöldmargir Íslendingar eiga þaðan góðar minningar um kvöldstund á góðum veitingastað. Hvort sem þú ert einn af þeim sem ert að hugsa um að skella þér til New York með Ícelandaí eða ert nú þegar búinn að bóka, þá er tilvalið að taka forskot á sæluna og líta inn á VOX Restaurant.

Líttu á matseðilinn og fáðu að vita meira á www.vox.is



Gestakokkar á New York dögum

Michael Aeyal Ginor: Kunnur frumkvöðull í matreiðsluheiminum vestanhafs. Hann rekur nokkra veitingastaði í New York sem hafa unnið til fjölda verðlauna. Ginor er galdramaður.

Douglas Rodriguez: Hann hefur verið nefndur guðfaðir „nýja latneska eldhússins“. Steikin gerist ekki betri en hjá Rodriguez. Snillingur á heimsælíkvarða.

+ Borðapantanir í síma 444 5050 og á vox@vox.is

V O X
RESTAURANT

ICELANDAIR 

Egyptsk stjórnvöld uppræta smyglgöng:

Hert að lífæð Gaza

PALESTÍNA Allt frá því í byrjun níunda áratugarins hafa íbúar bæjarins Rafah, sem er í raun klofinn af landamærum milli Gaza-strandarinnar og Egyptalands, notað göng undir landamærin til að smygla varningi inn á Gaza.

Frá því að Hamas-samtökin tóku völdin þar árið 2007 hefur mjög verið þrengt að innflutningi frá Egyptalandi, sem hefur valdið mikilli þjáningu og vanhöldum meðal íbúa. Því hefur smygl um göngin aukist verulega þar sem byggingarefni og eldsneyti er helst smyglað þar í gegn, auk þess sem vígahópar hafa smyglað vopnum inn á Gaza. Talið er að um 60% af viðskiptum Gaza við umheiminn fari um göngin.

Göngin eru oft grafin niður úr kjöllum húsa, liggja á um fimmtán metra dýpi og eru allt að 800 metra löng.

Mikill órói hefur verið á Sínaí-skaga síðustu vikur þar sem íslamistar hafa tekist á við stjórnarherinn. Stjórnvöld grunar að margir vígamannanna komi frá Gaza um göngin og hafa því gert gangskör að því að loka göngunum.

Frá mánaðamótum hafa Egyptar þannig eyðilagt um 40 göng að því er Los Angeles Times hefur eftir embættismönnum á Gaza. Meðfylgjandi myndir sýna veruleika margra sem draga fram lífið á því að grafa göng eða smygla vörum undir landamærin. - þj



GANGAGRÖFTUR Hér vinnur Palestínumaður baki brotnu að smyglgöngum. Smyglgöng hafa lengi verið við lýði en aldrei í líkingu við það sem viðgengist hefur frá árinu 2007 þegar Hamas tók við völdum í Gaza og Ísraelar og Egyptar hertu verulega á innflutningshöftum. NORDICPHOTOS/AFP



BJARGIR BANNADAR Hér er unnið hörðum höndum á Gaza-enda einna ganganna. Vegna takmarkana ísraelskra og egyptskra stjórnvalda fara um 60% af innflutningi á Gaza-ströndina í gegnum smyglgöngin. NORDICPHOTOS/AFP



Orkumiklir áfangastaðir

Um 18.000 ferðalangar úr öllum heimshornum heimsóttu okkur í Búrfellsstöð, Kröflu og Fljótsdalsstöð í sumar.

Búrfellsstöð er sú neðsta í keðju aflstöðva sem nýta fall Þjórsár og Tungnaár. Þar er gagnvirk sýning um endurnýjanlega orkugjafa og stutt að fara til að skoða nýju vindmyllurnar.

Hin sögufræga **Krafla** er skemmtilegur viðkomustaður á leið um Mývatn, Dimmuborgir eða Möðrudalsöræfi.

Fljótsdalsstöð er langstærsta vatnsaflsstöð landsins. Fjöldi fólks fór þaðan í skoðunarferðir upp að Háslóni og Kárahnjúkastíflu, einni stærstu grjótstíflu sinnar tegundar í heiminum.

Gestastofur Landsvirkjunar eru lokaðar yfir vetrartímann. Hópum sem vilja skipuleggja heimsóknir er bent á að hafa samband á landsvirkjun.is.



NEDAN-JARÐARBÆLI Gangamaður hvílir sig á fleti í göngum milli Gaza og Egyptalands. Egypski stjórnarherinn hefur undanfarið fundið og lokað um 40 göngum þar sem þeir telja vígamenn sem herja á Sínaí-skaga flyja í gegnum göngin í skjól á Gaza. NORDICPHOTOS/AFP




HVÍLIR LÚIN BEIN Gangamaður hvílir lúin bein við göngin. Bláu tunnurnar eru hlaðnar varningi í Egyptalandi og dregnar undir landamærin yfir til Gaza. NORDICPHOTOS/AFP



VIÐ VINNUNA Palestínumaður að störfum inni í einum göngunum sem liggja undir landamærunum milli Gaza-strandarinnar og Egyptalands. NORDICPHOTOS/AFP



OFAN Í HYLÐÝPIÐ Hér er Palestínumanni slakað ofan í smyglgöng í Gaza. Göngin eru yfirleitt á um fimmtán metra dýpi og allt að 800 metra löng. NORDICPHOTOS/AFP



Ísland verður að geta haldið í heilbrigðisstarfsfólk:

Ráðherra yfirsést fíll

Afleitt ástand í starfsmannamálum Landspítalans hefur verið til umfjöllunar að undanförunu, enda hefur keyrt um þverbak nú í sumar. Eitt af lykilsviðum spítalans, lyflækningasviðið, er skelfilega undirmanað og þar hefur verið unnið eftir neyðaráætlun síðustu vikur.

Tuttugu yfirlæknar og prófessorar við Landspítalann skrifuðu grein í Fréttablaðið fyrr í vikunni, þar sem þeir lýsa ástandinu á lyflækningasviðinu. Þar er álagið á lækna gríðarlegt, starfsaðstaðan léleg og starfsánægja í lágmarki. Undanfarin ár hafa sífellt færri ungir læknar valið að sérhæfa sig til framhaldsnáms í lyflækningum og leitað fremur á önnur mið. Fyrir fjórum árum voru 24 almennir (ungir) læknar starfandi á sviðinu, nú eru þeir færri en tíu. Fyrir vikið eykst álagið á sérfræðingum sviðsins, sem eru líka farnir að hugsa sér til hreyfings.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra má eiga það að hann brást skjótt við ástandinu á lyflækningasviðinu með því að kynna aðgerðir sem eiga að létta álaginu af læknum þar. Samkvæmt aðgerðaplaninu á að fjölga hjúkrunarrýmum til að flýta fyrir útskrift sjúklinga af spítalanum, ráða nýjan yfirlækni, efla framhaldsmenntun í lyflækningum og auka stuðning annarra heilbrigðisstétta við lækna, svo það helzta sé talið. Svo á að skipa starfshópa og endurskoða skipulag lækniþjónustu í landinu, sem leysir engan vanda í bráð en hugsanlega í lengd.

Ráðherrann sagði í grein í Fréttablaðinu í gær að með áætluninni væri „tekið á flestum ef ekki öllum þeim þáttum sem lækarnir lýsa áhyggjum sínum yfir“ og vísaði þar í grein lækna. Ráðherrann undanskilur þó einn þátt, sem telja má aðalatriðið í greininni – talar með öðrum orðum ekki um flínn í stofunni.

Það er sú staðreynd, að Ísland getur ekki keppt við nágrannalöndin um starfsfólk. Spítalar í hinum norrænu ríkjum og í Bandaríkjunum bjóða miklu hærra laun, betri aðstöðu, minna álag og fjölskylduvænni vinnutíma. Lækarnir tuttugu lýstu þessu í grein sinni; bæði almennir læknar og sérfræðingar flýja LSH. Almennu lækarnir drífa sig í sérfræðingum og koma ekki heim aftur. Sérfræðingunum er tekið fagnandi, enda hafa þeir „menntað sig með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn við bestu háskóla-sjúkrahús í Evrópu og N-Ameríku“.

Eins og tuttugumennirnir sögðu í grein sinni, var ekkert ófyrirséð við þessa stöðu. Varað hefur verið við yfirvoftandi læknaorki undanfarin ár. Síðasta ríkisstjórn skelti skollaleyrum við þeim viðvörðunum og taldi frekar að það ætti að lækka lækna í launum en borga þeim samkeppnishæft kaup.

Það er brýnt að spara í heilbrigðiskerfinu, en ekki hægt að loka augunum fyrir þeirri staðreynd að læknar og hjúkrunarfræðingar eru eftirsótt, alþjóðlega hreyfanlegt starfsfólk sem lætur hvorki bjóða sér lág laun né afleita vinnuáðstöðu til frambúðar. Sú róttæka endurhugsun sem þörf er á í heilbrigðiskerfinu þarf að innihalda einhverja stefnu um hvernig er brugðist við alþjóðlegri samkeppni um þetta fólk. Hjá því verður einfaldlega ekki komið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Nýtt frá Jóa Fel

Próteinríkt lágkolvetnabrauð að hætti Jóa Fel

26 g prótein og 10 g kolvetni í 100 g af brauði

Jói Fel

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Andstæður í einni sæng

Umræðan á Alþingi í vikunni um störf ríkisstjórnarinnar varpaði ágætu ljósi á andstæðurnar í pólitíkinni. Þær sýndu að málefnalegar andstæður skiptast ekki í einu og öllu eftir sömu línu og völdin milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Slíkt misgengi í pólitískri spennu er ekki nýtt af nálíni í umhverfi samsteypustjórna; en sýnist vera um sumt dýpra en oft áður.

Stærsta verkefni ríkisstjórnarinnar og mesta hagsmunamál almennings er að ná jöfnuði í rekstri ríkissjóds og losa hann undan níutíu milljarða króna vaxtabyrði sem er að kyrkja heilbrigðiskerfið. Lausn á þessum



vanda er forsenda þess að árangur náist á öðrum sviðum. Fjármálaráðherra gerði mönnum á afar ábyrgan hátt grein fyrir að þetta væri forgangsverkefnið og varaði réttilega við óraunhæfum væntingum.

Forsætisráðherrann boðaði á hinn bóginn að forgangsverkefnið væri að endurgreiða öllum þeim sem skulda húsnæðislán verðbólguáfall líðinna ára með rötækustu aðgerð sem sögur fara af í víri veröld. Þetta er ekki hægt að gera nema byrja á því að fara

í öfuga átt við þá sem sett hafa jöfnuð í ríkisfjármálum og aðhald í peningamálum sem fyrsta markmið á langri leið til endurreisnar.

Það sem gerðist eftir kosningar var að pólarinn, sem togast á um ábyrga og óábyrga stefnu í fjármálum og peningamálum, gengu í eina sæng. Þetta þarf ekki að þýða að brotalamir séu í ríkisstjórnarsamstarfinu. Límið í því er forskrift forseta Íslands um að kæfa alla umræðu um dýpra og ríkara samstarf í peninga- og viðskiptamálum við Evrópu og Bandaríkin.

Það versta sem kæmi fyrir þessa stjórn væri að límið yrði mikilvægara en efnahagsmarkmiðin og endurreisnin. Það urðu örlög vinstri stjórnarinnar.

Stjórnarandstaðan vegur salt

Opnunarumræðan á Alþingi sýndi líka að engin leið er að glöggva sig á því hvoru megin hryggjar stjórnarandstaðan liggur. Hún virðist einfaldlega vega salt milli þeirra gagnstæðu krafta sem togast á í stjórnarsamstarfinu um ábyrga og óábyrga fjármála- og peningamálastjórn.

Vinstri stjórnin fór ágætlega af stað á þessu sviði og fylgdi þar þeirri áætlun sem ríkisstjórn Geirs Haarde hafði gert með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hún stóð því fyrir mestu íhaldsúrreðum sem sögur fara af í ríkisfjármálum. Það

var lofsvert. En einurðin stóð ekki nógu lengi.

Eftir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fór var slakað á. Áætlun um jöfnuð var frestað. Á lokasprenntinum tók vinstri stjórnin auk þess margvíslegar ákvarðanir um útgjöld sem ekki voru fjármöggnuð. Í kaupbæti ákvað hún að verja auðlindatekjum og óorðnum hagnaði af sölu eigna í bönkunum til ýmissa verkefna en ekki niðurgreiðslu á ríkisskuldum. Það var algjörlega ósamrýmanlegt ábyrgri fjármálastefnu.

Vinstri stjórnin skaut sér einnig undan því að takast á við yfirvoft-

andi gjaldþrot B-deildar lífeyrissjóds opinberra starfsmanna. Ábyrg fjármálastjórn kallar því á að þegar á næsta ári verði verulegum fjárhæðum varið til að aftengja þá tímasprengju. Þetta fráhrarf frá þeirri ábyrgð sem einkenndi fjármálastjórnina í byrjun síðasta kjörtímabils gerir róður nýju stjórnarinnar að sama skapi þyngri. Það er einfaldlega rétt sem fjármálaráðherra benti á að velferðarkerfið losnar ekki úr fjárhagslegri bóndabeygju fyrr en búð er að eyða ógnarháum vaxtagjöldum ríkissjóds.

Heimsins mesta loforð

Engin ástæða er til að efast um að snoturt hjartalag og skörp útsjónarsemi í bókhaldslegum tilfærslum búi að baki heimsins stærsta loforði. En verði stofnaður sjóður í þessum tilgangi með seðlaprentun borgar almennings brúsann eftir leiðum verðbólunnar.

Einnig hefur verið látið að því liggja að ríkissjóður fái með einhverjum hætti ráðstöfunarétt yfir nokkrum hluta af bókfærðum eignum kröfuhafa gömlu

bankanna í íslenskum krónum. Í því samhengi þarf fyrst að skoða hvort þær eignir eru bókhaldsfroða eða raunveruleiki. Ef þær eru raunverulegar vaknar aftur sú spurning hvernig á að ráðstafa þeim með ábyrgum hætti.

Það er verið að tala um sameign íslensku þjóðarinnar. Öll önnur ráðstöfun slíkra eigna en að greiða niður sameiginlegar skuldir skattgreiðenda í ríkissjóði væri óábyrg og ósanngjörn. Hún væri efnahagslega óskynsamleg og síðferði-

lega óverjandi. Kaldi veruleikinn er sá að Ísland sem skuldbætt þjóð hefur síður en skuldbætt þjóðir efni á að endurgreiða verðbólgu aftur í tímann; hvað þá heldur að setja heimsmet í þeim efnum. Loforðið felur því í sér ríkara ábyrgðarleysi en vinstri stjórnin sýndi undir lokin.

Þessi málefnalega spenna milli ábyrgðar og ábyrgðarleysis snertir sjálfan tilgang Sjálfstæðisflokksins. Það væri mikill skaði ef hann yrði óskýr um þessi efni.

Haust sprengja

20% til 50% afsláttur

AF ÖLLUM VÖRUM
HELGINA 14. OG 15. SEPTEMBER

GÓMSÆTT Á SPÍRUNNI
VOLG EFPLAKAKA
MEÐ RJÓMA Á 300KR
ÍS Á 100KR

GRILLUM Í GEGNUM VETURINN
MEÐ HÁGÆDAGRILLUM OG REYKOFNUM FRÁ
WEBER, RÖSLE OG BIG GREEN EGG


MIKIÐ ÚRVAL AF SERÍUM, LUKTUM, GARÐLJÓSUM OG
KERTUM TIL AÐ LÝSA UPP SKAMMDEGIÐ

HAUSTIN ERU GÓÐUR TÍMI TIL AÐ GRÓÐURSETJA

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TRJÁPLÖNTUM, RUNNUM OG FJÖLÆRINGUM

HAUSTLAUKAR AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM
KRÓKUSAR, TÚLIPANAR, PÁSKALILJUR, HYACINTUR, ALLYUM OFL.

MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HAUSTPLÖNTUM
ERICUR, CALLUNUR, SÝPRUSAR OFL.



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

30% AFSLÁTTUR AF KLIPPUM, LAUFHRÍFUM,
ARFASKÖFUM, HÖNSKUM, KÚSTUM OFL.

UMMÆLI VIKUNNAR

07.09.2012 → 13.09.2012

„Ég get fullyrt að af hálfu okkar sem komu að þessu í ráðuneytinu var þetta klárlega ekki ásetningur og stóð ekki til með neinum hætti.“

Björgvin G. Sigurðsson, fv. viðskiptaráðherra, útskýrir hvers vegna ákvæði um refsibýrgð lögaðila hvarf sporlaust úr lögum um gjaldþyrskingum 2008. Björgvin sagði frumvarpið hafa í aðalatriðum verið skrifað í Seðlabankanum en finnúsað í ráðuneytinu.



„Þetta er bara framhald út af því hléi sem gert hefur verið og á ekki að koma neinum á óvart.“

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra leysti samninganefnd, samningahópa og samráðsnefnd vegna víðræðna við ESB formlega frá störfum.

„Á það verður látið reyna hvort dómstóll götunnar komist framvegis upp með að ráða gangi mála við háskólann.“

Jón Baldvin Hannibalsson, fv. ráðherra, ætlað að höfða mál gegn Háskóla Íslands vegna ákvörðunarinnar um að afturkalla ráðningu hans til kennslu.

Er fákeppni að sliga Landspítalann?

Þegar ég var að læra lækisfræði fyrir 40 árum voru starfandi fimm spítalar á höfuðborgarsvæðinu: Landakot og St. Jósefsspítalinn í Hafnarfirði, stofnaðir og reknir af St. Jósefssysturum, Borgarspítalinn, í hluta-eigu Reykjavíkur og rekninn af Reykjavíkurborg, Landspítalinn og Vífilsstaðaspítali, reknir af og í eigu íslenska ríkisins. Að auki var Fæðingarheimili Reykjavíkur í eigu og rekstri Reykjavíkurborgar.

Þá ríkti gullöld í íslensku heilbrigðiskerfi. Borgarspítalinn nýbyggður, vel búinn tækjum og baráttufólki með eldmóð í æðum að koma á fót nýjum spítala sem yrði betri en hinir spítalarnir. Landakot og St. Jósefsspítalinn í Hafnarfirði reknir af hugsjón nunnanna með afkastahvetjandi launakerfi fyrir lækna. Landspítalinn hinn eiginlegi háskóla-spítali með flesta háskólakennarana í lækisfræði, þar sem auk lækningar voru stundaðar rannsóknir og kennsla í miklum mæli, og Vífilsstaðaspítali þar sem starfsfólk bjó yfir áratuga reynslu af meðferð lungnasjúkdóma. Að ógleymdu Fæðingarheimili Reykjavíkur þar sem heilbrigðar ófrískar konur gátu fætt börn sín á sem eðlilegastan hátt, en þó undir öruggu eftirliti reynds starfsfólks.

Þetta var raunveruleikinn fyrir um fjórum áratugum og næstu árin á eftir. Á þeim tíma var ég þeirrar gæfu aðnjótandi að starfa sem nemi, unglæknir og sérfræðingur um styttri eða skemmri tíma á öllum þessum vinnustöðum. Á engan vinnustaðinn skal hallað. Það ríkti alls staðar sönn vinnugleði þar sem sjúklingarnir og vegferð þeirra voru í fyrirrúmi. Sjúklingarnir kunnu líka að meta að geta leitað til fleiri en eins aðila um álit og meðferð. Hið sama gilti um starfsfólkið. Ef því mislíkaði eitt-hvað á einum spítalanum fann það oft gleðiríkan og farsælan farveg á hinum spítöllum.

Blind trú

Undir niðri fann ég þó alltaf fyrir ósk þeirra er stýrðu og réðu Landspítalanum að hann væri aðal-spítalinn og að sú stund mundi upp renna að öld samkeppinnar hnigi til viðar, að Landspítalinn yrði fjallið eina þar sem allar flóknar rannsóknir, meðferðir, lækningar og kennsla færu fram. Með

HEILBRIGÐIS-MÁL



Benedikt Ó. Sveinsson læknir og sjálfstætt starfandi sérfræðingur í kvenlækningum

árunum breyttist þessi ósk stjórnenda Landspítalans í trú. Í framhaldinu upphófst einkar óbilgjarn ferli. Hinir spítalarnir skyldu sameinaðir Landspítalanum ella lagðir niður. Í nafni hagræðingar og sparnaðar var þessi blind trú sett á eitt allsherjar Excel-skjal. Það var kynnt fyrir lykilstarfsmönnum heilbrigðisráðuneytisins með siendurteknum sjónhverfingum sem sýndu sparnað, samlegðaráhrif og enn meiri sparnað og hagræðingu – og viti menn – allt í einu var þessi trú ráðandi af Landspítalanum orðin sannleikur í augum þeirra sjálfra og lykilmanna heilbrigðisráðuneytisins.

En í Excel-skjalinu gleymdist að taka tillit til mannaútsins og þarfa og óska sjúklinganna. Sparnaður og hagræðing var markmiðið, starfsfólkið og sjúklingarnir voru orðin aukaatriði og svo var hafist handa. Stjórnmalamenn og starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins létu það heita að sameina ætti þessar stofnanir og að alls ekki ætti að leggja þær niður. Þannig voru áformin kynnt fyrir starfsfólkinu. En raunin varð önnur.

Fyrsta atlagan var gerð að Landakotsspítala, sem var lagður niður í þáverandi mynd og færður undir rekstur Borgarspítalans. Þetta var gert þrátt fyrir kröftug mótmæli þorra starfsfólksins og nær allra sjúklinga sem þar nutu fráberrar þjónustu. Persónulegt og afkastahvetjandi starfslag lækna í anda nunnanna var aflagt með handafli og þeir þvingaðir til að starfa eftir stimpilkukku í ópersónulegu fastlaunakerfi þar sem hin samfelldu góðu tengsl við sjúklingana voru rofin. Óánægja kraumaði undir og gleðin þvarr smám saman. Næsta atlagan var gerð að Fæðingarheimili Reykjavíkur. Yfirmönnum Landspítala og heilbrigðisráðuneytisins tókst að telja stjórnmalamönnum trú um að þar færi fram dýr og hættuleg starfsemi og það var sameinað Kvennadeild Landspítala og síðan lagt niður í framhaldinu. Framkoman við starfsfólk Fæðingarheimilisins á þessum tíma var vanvirðing við áratuglanga reynslu þess. Þá var ekkert tillit tekið til óska kvenna um að þessi valkostur yrði áfram í boði. Á Kvennadeildinni skyldu þær allar fæða með góðu eða illu. Á sama tíma og Fæðingarheimilinu

var lokað var gerð hörð atlagan að St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði. Honum skyldi lokað en með harðfylgi og fullri andstöðu íbúa í Hafnarfirði og nágrannasveitarfélaga tókst að koma í veg fyrir þann gjörning á elleftu stundu.

Horfa verður á rót vandans

Næst var ráðist á Borgarspítalann og Vífilsstaðaspítala, þeir sameinaðir Landspítalanum og Vífilsstaðaspítala síðan lokað. Borgarspítalinn varð að rekstrareiningu innan Landspítalans. Enn stækkaði Landspítalinn, gremja og óyndi starfsfólksins jókst og vonbrigði og óánægja neytendanna, sjúklinganna sem spítalarnir voru byggðir til að sinna, magnaðist. Í Excel-skjalinu stóð að þetta væri sannleikurinn en sparnaðurinn lét á sér standa og eitthvað ólag var á hagræðingunni. Nú var bara eftir að framkvæma seinasta ógæfuverkið: sameina St. Jósefsspítalann í Hafnarfirði við Landspítalann. Það var síðan gert þvert á vilja alls starfsfólksins, sjúklinganna og fólksins í heimabyggð spítalans. Og nú er ég að tala um sameiningu eins og það var kallað í fjölmiðlum og í kynningum ráðuneytisins. „Sameiningin“ fólst í því að spítalinn var lagður niður og húsnaðinu lokað og stendur það nú tóm og yfirgefið. Samþjálfuðu starfsfólki þar sem einstök og rík vinnugleði ríkti var tvístrað og eytt í orðsins fyllstu merkingu.

Og hér komum við að kjarna málsins. Í dag stendur Landspítalinn frammi fyrir óánægju starfsfólks – vinnuórállinn er lélegur. Getur verið að hluti ástæðunnar sé sú að starfsfólkið hefur ekkert val um vinnustað? Starfsmaður á Landspítalanum er í engri aðstöðu til að setja fram gagnrýni á vinnustaðinn, því ef yfirmönnum hans líkar ekki gagnrýnin, þá getur hann hvergi annað farið. Í slíku ástandi verður aldrei vinnufriður eða samstaða – sérstaklega ekki eins og nú.

Ég er sammála nýjum heilbrigðisráðherra um að þessi vandi verður ekki leystur með peningum einum saman. Það verður að horfa á rót vandans. Það verður að byggja upp traust og trúnað við sjúklingana og starfsfólkið. Það er kominn tími til að við horfumst í augu við það að sameiningar í heilbrigðiskerfinu hafa ekki sparað okkur peninga heldur skapað það ófremdarastand atgervisflotta og vantrausts sem við búum við í dag.



LISTIN AÐ VELJA

FFO stendur fyrir ráðstefnu um heilsu og holdafar
Föstudaginn 20. september í Salnum, Kópavogi

Fyrir hádegi mun fagfólk sem stundar rannsóknir tengdar offitu kynna niðurstöður sínar en eftir hádegi verða í boði fjölbreyttir fyrirlestrar ætlaðir öllum þeim sem áhuga hafa á heilbrigðum lífsstíl.

- 12.30 **Móttaka og skráning**
- 13.00 **Opnunaratriði** - Ari Eldjárn
- 13.20 **Skynsemin ræður - eða hvað?**
Tryggvi Þorgeirsson, læknir og lýðheilsufræðingur á LSH og HÍ
- 14.05 **Innihaldslýsingar matvara:** Merkingin á bakvið „þar af sykur...“
Jóhanna Eyrún Torfadóttir, næringar- og lýðheilsufræðingur
- 14.30 **Kúrar og kolvetni - heilsa eða hætta?**
Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent við HÍ og
Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við HÍ
- 15.10 **Kaffihlé**
- 15.40 **Er sálartetrið samferða?**
Helma Rut Einarsdóttir, sálfræðingur og
Valgerður M. Magnúsdóttir, hjúkrunarfr.
- 16.05 **Hver þarf að hreyfa sig?**
Kristján Þór Magnússon, sérfræðingur hjá Embætti Landlæknis
- 16.30 **Ráðstefnuslit**

Nánari upplýsingar á síðu Félags fagfólks um offitu: www.ffe.is

Skráning á ffe@ffe.is eða í síma 697 4545
Verð kr. 8.900 (allan daginn) og kr. 4.900 (hálfan daginn)

SÝNING Í DAG KL. 11:00-15:00



SÉRSTAÐA **PÝSK ÍSLENSK SAMVINNA** á íslenskum innréttingamarkaði

Við höfum gert samning við einn stæsta innréttingaframleiðanda Þýskalands um framleiðslu á eldhúsinnréttingum sem eru seldar undir vörumerki Eirvíkur.

Þér er boðið í glæsilegan sýningasal okkar þar sem við kynnum nýjstu strauma í hönnun eldhúsa.

Farðu alla leið með Eirvík

EIRVÍK innréttingar og eldhústæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Hyundai Santa Fe Comfort

2,2 dísil, sjálfskiptur, fjórhjóladrif. Verð 7.450 þús. kr.

Eyðsla 6,7 l/100 km*



Hyundai i20 Classic, dísil

Verð 2.690 þús. kr.

Eyðsla 3,8 l/100 km*



Hyundai ix35 Comfort

Sjálfskiptur, fjórhjóladrif. Verð 5.590 þús. kr.

Eyðsla 8,2 l/100 km*

KAUPAUKI MEÐ ix35
Vetrardekk og krókur
fylgir nokkrum nýjum ix35.
FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

Komdu í heimsókn og reynsluaktu nýjum Hyundai sem hentar þér.

Fair bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður 5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur með öllum nýjum Hyundai bílum.

Opið í dag frá 12-16



Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is



Hyundai / BL ehf.

GE bílar / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

*Mikil vöðuþynggi er tilfærð frá framleiðendum um eðlisfræðilega áhrif. ENNEMM / SIA / NM59120

HELGIN



Örn Úlfar Sævarsson hugmyndasmiður

Tekur upp kartöflur

Ég ætla á sýninguna hans Hallgríms Helgasonar og taka upp kartöflur í Skerjafirðinum áður en það byrjar að snjóa.



Gunnlaugur Briem trommari

Spilar í Amsterdam

Ég er að fara til Amsterdam með hjómsveitinni minni Mezzoforte um helgina þar sem ég spila á tvennum tónleikum. Einnig ætla ég að skoða borgina og hitta gamla vini.



Sigríður Eyrún Friðriksdóttir leikkona

Lífið er söngleikur

Ég er að leika í Mary Poppins og æfa fyrir „Ef lífið væri söngleikur“ sem verður sýnt í Norðurljóssal Hörpu í október og nóvember.



Helga Pórey Jónsdóttir kvikmyndafræðingur

Nýtur frelsisins

Um helgina ætla ég að njóta þess að vera með syni mínum nú þegar skrifum meistararitgerðar er lokið.



BORGARBÓKASAFNIÐ Stendur í annað sinn fyrir teiknismiðju.

Teiknismiðja á bókasafni:

Teikna myndir allan daginn

MYNDLIST Borgarbókasafn stendur nú í annað sinn fyrir teiknismiðju í tengslum við alþjóðlegu teikni-samkeppnina Colorful Rights, en samkeppnin byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Smiðjan verður á morgun, sunnudaginn 15. september, í aðalsafni frá klukkan 13 til 17 og er fyrir börn á aldrinum þriggja til 14 ára.

Allur efniskostnaður er í höndum Borgarbókasafns og geta áhugasamir komið allan daginn og teiknað myndir að vild. Kristín Arngrímsdóttir, listamaður og starfsmaður safnsins, verður til leiðbeiningar frá klukkan 15 til 16.

Gerður Kristný á Bókmenntahátíð:

Vill sjá Kim Leine

BÓKMENNTAHÁTÍÐ „Ég ætla að hlusta á Kim Leine, það er alveg víst,“ segir skáldið Gerður Kristný, spurð hvað hún ætli sér að sjá og heyrja á Bókmenntahátíð um helgina. „Ég hef lesið tvær af bókunum hans og finnst hann koma með skemmtilega nálgun inn í bókmenntirnar. Hann er hjúkr-unarfræðingur og starfaði sem slíkur áður en hann fór að skrifa þannig að hann hefur dálítið öðruvísi sýn á lífið.“

Gerður Kristný er meðal íslensku þátttakendanna á Bókmenntahátíð í ár og segir hafa verið skemmtilegt að vera með.

Hún hefur verið tíður gestur á slíkum hátíðum undanfarin ár og strax á mánuðagskvöld flýgur hún til Ítalíu til að taka þátt í ljóðahátíð. eru ljóðskáld farin að lifa eins og poppstjörnur? „Stundum, já,“ segir hún og hlær. „Það væri skemmtilegt að geta sagt að ljóðskáld séu poppstjörnur nútímans, en það er því miður ekki alveg þannig. Ljóðskáldin þurfa nefnilega að borða alla litina í M&M namminu.“ -fsb



VÍSINDA-VILLI Vilhlem Anton Jónsson segist kunna vel við fræðibækur og ljóðabækur en stórar skáldsögur séu erfiðari vegna þess að hann sé svo lengi að lesa.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fékk bara fræðibækur í gjöf

Vilhlem Anton Jónsson, öðru nafni Villi naglbítur eða Vísinda-Villi, sendir frá sér bókina Vísindabók Villa í næsta mánuði. Hann segir tilgang bókarinnar að vekja forvitni á því kraftaverki sem heimurinn er.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is



Ég hef alla tíð haft brennandi áhuga á vísindum og gagnrýninni hugsun. Eina leikföngin sem ég fékk sem barn voru þroskaleikföng. Mér er sagt að ég hafi einhvern tímann sagt við pabba þegar hann var að fara í ferðalag og lofaði að koma með dót handa okkur bræðrunum, „en gerðu það elsku pabbi, ekki fleiri þroskaleikföng“, segir Vilhlem Anton Jónsson sem einnig er þekktur sem Villi naglbítur og stundum sem

Vísinda-Villi í sjónvarpi og kvikmyndum.

Síðastnefndi holdgervingur Villa, sá sem sem hrífst af vísindum, sendir senn frá sér bókina Vísindabók Villa sem kemur til með að innihalda ýmsar tilraunir og fróðleik um heiminn í kringum okkur. Meðal annars verður að finna í bókinni kafla um svarthol, atóm, köngulær, rafmagn, tré, blóð, heimspeki, stjörnuhimininn og fleira.

Umbrot og myndskreytingar Vísindabókar Villa eru í höndum þeirra Guðrúnar Hilmisdóttur og Dagnýjar Reykjalin en sjálfur semur Villi textann. Hann segist lengi hafa haft brennandi áhuga á fræðibókum, enda hafi hann nánast eingöngu fengið slíkar bækur í jólagjöf þegar hann var yngri.

„Fræðibækur eru þær bækur sem mér finnst skemmtilegast að lesa í dag. Stuttir og þægilegir kaflar sem maður ræður auðveldlega við. Ég kann líka vel við ljóðabækur, en stórar skáldsögur eru erfiðar því ég er svo ótrúlega lengi að lesa. Ætli þetta hafi ekki gert mig eins og ég er,“ veltir Villi fyrir sér og bætir við að honum þyki frábært að geta nýtt þá staðreynd að krakkar þekki andlitið á honum til að koma skemmtilegri þekkingu til skila. „Þessi bók er auðvitað ekki tæmandi og tilgangurinn með henni er að vekja forvitni á þessu ótrúlega kraftaverki sem heimurinn sem við búum í er, og eins við sjálf. Ef bókin verður til þess að ein stelpa eða ein strákur fái áhuga á vísindum verð ég glaður,

því þá hefur heimurinn okkar eignast nýjan vísindamann.

Svo þegar ég verð orðinn gamall á elliheimili verður allt miklu betra, því svo margir krakkar í dag verða orðnir fullorðnir og frábærir vísindamenn að mér mun líða vel á einhverju svaka finu elliheimili sem þeir hafa hannað.“

Af tónlistarsviðinu er það helst að fréttu af Villa að í byrjun október kemur sveit hans, 200.000 naglbítar, fram á Landsmóti líúðrasveita í Þorlákshöfn, en sveitin gerði plötu með Líúðrasveit verkalyðsins um árið. Jónas Sig og Fjallabræður eru meðal þeirra sem einnig koma fram á landsmótinu. „Þetta verður rosalega gæjalegt landmót og við hlökkum mikið til,“ segir Villi.

Það sem gerist í svefnherbergjum fólks

Dvergar og stríð nefnist fyrirlestur sem Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur flytur í Norræna húsinu í dag. Þar skoðar hún klisjur um mun á efnisvali kynjanna.

Ég ætla til dæmis að fjalla um þá hugmynd að það sem höfundar skrifa um helgist að einhverju leyti af þjóðerni þeirra eða kynferði,“ segir Auður Ava Ólafsdóttir um efni fyrirlestrarins Dvergar og stríð sem hún flytur í Norræna húsinu í dag. „Það er stundum sagt að karlar skrifi um stríð og heimsögulega viðburði á meðan konur skrifi um það sem gerist í svefnherbergjum fólks og eldhúsum.“ Auður Ava hyggst í fyrirlestrinum hrekja þessar

kenningar og sýna fram á að það hvað fólk skrifi um hafi ekkert með ríkisfang eða kyn að gera.

Þess utan mun Auður minnst á hávaxnar og smá-vaxnar sögupersónur og velta fyrir sér hugmyndum um eyjar og meginlönd bókmenntanna. „Ég ætla að reyna að vera ekki vodalega sjálfhverf, en mun þó minnst á sögupersónu eftir mig sem er dvergur, býr í kjallara og er alltaf að leita að nógu háleitu umfjöllunarefni í skáldsögu.“



DVERGAR OG STRÍÐ Auður Ava veltir fyrir sér klisjunni um mismunandi viðfangs-efni karla og kvenna í skáldskap.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ljósanótt

Reykjanesbær 2013



ÞAKKIR AÐ LOKINNI LJÓSANÓTT 2013

Ljósanótt, fjölskyldu- og menningarhátíð Reykjanesbæjar, var haldin í 14. sinn dagana 5. - 8. september s.l. Hátíðin var glæsileg og þrátt fyrir stríðni veðurguða er talið að um 20 þúsund manns hafi tekið þátt í hátíðarhöldunum.

Við viljum þakka ykkur íbúum, styrktar- og samstarfsaðilum og síðast en ekki síst gestum kærlega fyrir ykkar þátt. Ykkar framlag er það sem gerir hátíðina svo einstaka.

Sjáumst öll að ári.

Árni Sigfússon bæjarstjóri
og Ljósanæturnefnd.



**HELGAR-
SPRENGJA**

**AÐEINS
Í FJÓRA DAGA
12.-15. SEPT**



REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI |

HELGAR SPRENGJA



COSMO
Tungusófi
25% afsl.
149.990
FULLTVERÐ: 199.990

COSMO Tungusófi.
Stærð 224 x 146 H: 86 cm.
Svart Bonded leður á slitflötum.

IBIZA borðstofuborð
Stærð: 110 þvermál. Hæð: 74.5
Til í mögum litum á borðplötu.



IBIZA
Eldhúsborð
20% afsl.
39.990
FULLTVERÐ: 49.990

BABYLON
Náttborð hvítt
50% afsl.
19.990
FULLTVERÐ: 39.990



BABYLON Náttborð.
B52 D 40 H 57 cm



→ Lars segir það mýtu að honum sé í nöp við sænska blaðamenn. „Það eru nokkrir blaðamenn í Svíþjóð sem ég ber ekki virðingu fyrir,“ segir Svíinn. Viðkomandi taki hlutina ítrekað úr samhengi og birti hluti sem séu ekki réttir. Hann er sáttur við íslenska fjölmiðlamenn til þessa. „Þeir hafa sýnt mér mikla virðingu og ég reyni að koma til móts við þá.“

Dáist að viðhorfi Íslendinga

Segja má að **Lars Lagerbäck** hafi unnið hug og hjörtu íslensku þjóðarinnar. Sænski bóndasonurinn sökkta sér snemma niður í íþróttir, sem hafa verið lifibrauð hans undanfarna fjóra áratugi. Hann hefur þurft að refsa stórstjörnum, gleymt sér við munntóbaksnotkun, afþakkað peninga olúfursta en tekið við landsliði Íslands sem mögulega kemst á HM í Brasilíu.

Kolbeinn Tumi
Daðason

kolbeinntumi@frettabladid.is



Rok og rigning á þriðjudagskvöldi í september. Tíu þúsund Íslendingar eru á leiðinni heim til sín, tugir þúsunda búnir að slökkva á sjónvarpinu og landar þeirra erlendis hafa lokað netvafranum. Í kjallaraberbergi við Laugardalsvöll haltrar maður á sjötugsaldri. „Ekkert stress,“ segir hann og klofar yfir teygða rafmagnsnúru blaðamanns sem reynir í flýti að lækka hana. Maðurinn er sænskur og virðist glotta út í annað.

Á tveimur árum hefur Lars Lagerbäck umbreytt íslenska karllandsliðinu. Enginn hefði trúað því að uppselt gæti orðið á viðureign gegn Albaníu á lokastigum undankeppni fyrir heimsmeistaramót. Hvað þá að fólk myndi syngja með þjóðsöngnum og láta í sér heyra frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu. Fólk er stolt af strákunum sínum og í fyrsta sinn er liðið í dauðafæri til að komast í umspil fyrir HM í Brasilíu næsta sumar.

„Það er frábært að liðið sé komið í annað sæti riðilsins. Nú er þetta algjörlega í okkar höndum,“ sagði Lagerbäck á blaðamannafundinum eftir leikinn. Morguninn eftir flaug sá sænski til síns heima í Svíþjóð þar sem hann býr stærstan hluta ársins. Fram undan er undirbúningsvinna fyrir síðustu leikina í riðlinum eftir mánuð. Vonandi kemst sænski skógarbóndasonurinn í sveitina sína þar sem hann er alinn upp.

„Þegar ég hef tíma nýt ég þess að fara í skóginn og fá góða líkamsrækt. Ég get það samt afar sjaldan starfs míns vegna,“ segir Lagerbäck, sem er alinn upp á bóndabæ foreldra sinna við þorpið Ovansjö í Mið-Svíþjóð. Foreldrar hans ræktuðu kindur á bænum, sem Lagerbäck keypti síðar af þeim. Hann heldur þó ekki úti búskap á bænum í dag. Hann á góðar minningar frá uppeldisárunum og segir hann, líft og hjá öðrum, hafa haft mikil áhrif á líf sitt.

„Ég var mikið með föður mínum á þessum árum og lærði hvernig hlutirnir virka í skóginum,“ segir Lagerbäck, sem þá var á kafi í íþróttum. Hinn sænski renndi sér á skíðum, á skautum í íshokkí, kastaði körfubolta áður en fótbolti varð fyrir valinu. Hann þakkar fyrir tækifærið til að hafa getað prófað margar íþróttir en viðurkennir að skólinn hafi oft setið á hakanum.

„Ég var ekki frábær námsmaður. Lífið snerist um íþróttir vetur sem sumar og mikill tími fór í þær.“

Ótrúleg velgengni

Lagerbäck spilaði með liði í 3. deild, fyrst sem miðjumaður en síðar sem „libero“, frjálsi varnarmaðurinn sem spilaði fyrir aftan varnarlinuna. Staðan er í raun úrelt í nútímaknattspyrnu.

„Ég var mjög góður,“ grínast Lagerbäck. Hann segist þó aldrei hafa látið reyna á

knattspyrnuferilinn fyrir alvöru. Hann hóf störf sem þjálfari á þrítugsaldri og þjálfaði bæði yngri flokka og meistaraflökka hjá minni félögum í Svíþjóð. Eftir að hafa starfað í hlutastarfi hjá sænska knattspyrnusambandinu var hann ráðinn í fullt starf árið 1990 og sinnti yngri landsliðum Svía.

„Ég þjálfaði t.d. Freddie Ljungberg upp öll yngri landsliðin frá því hann var fimmtán ára,“ segir Lagerbäck, en kantamaðurinn átti eftir að spila lykilhlutverk í sigursælu A-landsliði Svía undir stjórn Lagerbäck.

Undir stjórn Lagerbäck voru Svíar í fremstu röð í heimsfótboltanum. Hann skiladði landsliðinu á stórmót í sjö tilraunum af átta. Liðið var aldrei sterkara en á HM 2002 og EM 2004 þar sem liðið féll út í útsláttarkeppni á gullmarki gegn Senegal í fyrria skiptið og í vítaspyrnukeppni gegn Hollandi.

„Mér leiðist að tala um heppni í fótbolta. Hlutirnir féllu ekki með okkur í þessum leikjum,“ segir Lagerbäck. Sænsku strákarnir hans hafi haft alla burði til að fara langt en þannig sé fótboltinn.

Skert frelsi

Lagerbäck stýrði sænska liðinu út undankeppnina fyrir HM 2010 þar sem Svíar biðu lægri hlut í riðlinum gegn Portúgal og Dönum og sátu eftir með sárt ennið. Nýtt verkefni kom fljótlega upp á borðið þegar símtal barst frá Nígeríu. Karllandslið þjóðarinnar var í leit að þjálfara fyrir HM í Suður-Afríku um sumarið.

„Ég var eiginlega viss um að starfið yrði ekki mitt,“ segir Svíinn. Hann hafi þó ekki þurft að hugsa sig um þegar það bauðst honum. Liðið tapaði tveimur leikjum og gerði eitt jafntefli sem þótti ekki góður árangur. Forseti Nígeríu var svo óánægður að hann setti landsliðið í tveggja ára keppnisbann. Alþjóðaknattspyrnusambandið þurfti að skerast í leikinn.

Þrátt fyrir að mótið hafi verið vonbrigði bauðst Lagerbäck að halda áfram störfum en hann afþakkaði. Hann segir starfið auðvitað hafa verið spennandi en maður á hans aldri vilji ekki skrifa undir til fjögurra ára og búa í Nígeríu eins og óskað var eftir.

„Öryggisgæslan er mikil og þú kemst ekkert einn þíns liðs. Mér fannst erfitt að geta ekki hreyft mig. Ég met frelsi mitt og vil geta gert það sem ég vil.“

Launin ekki allt

Svíinn sneri aftur til föðurlandsins og hélt áfram störfum fyrir sænska knattspyrnusambandið auk þess að sinna verkefnum fyrir evrópska sambandið. Haustið 2011 barst honum erindi frá knattspyrnuforystunni á Íslandi. Landsliðsþjálfarastaðan stóð honum til boða en Lagerbäck hafði komið oftar en einu sinni til Íslands á vegum UEFA og kynnst land og þjóð.

„Eftir að hafa skoðað þann hóp leikmanna sem spilaði á Evrópumóti 21 árs landsliða það sumar virkaði þetta mjög spennandi.“

Töluverð umræða spannst um laun Svíans þegar hann var ráðinn til starfa. Forveri hans, Ólafur Jóhannesson, var með um 800 ▶



ENGINN ER FULLKOMINN

Munntóbaksnotkun Lagerbäck hefur ekki farið fram hjá landanum. Í viðtali við Fréttablaðið haustið 2011 sagðist hann hafa notað tóbak í vör frá fimmtán ára aldri en hafði þá nýlega látið af ósiðnum. Hann fái sér þó tóbak endrum og sinnum.

Í viðtali við Stöð 2 fyrir leikinn gegn Sviss á dögum vakti athygli að efri vör hans var útroðin. Hann segist hafa gert mistök.

„Það var heimskulegt og auðvitað átti ég ekki að vera með munntóbak í viðtali,“ segir Lagerbäck. Hann sé vel meðvitaður um herferð KSÍ gegn tóbakinu.

„Þú átt auðvitað ekki að neyta eiturlyfja á neinu formi. Fólk drekkur hins vegar áfengi, reykir sígarettur og þar fram eftir götunum. Þannig er lífsins gangur. Það er enginn fullkominn.“



ERFIDUR
Lagerbäck
er hér með
stjórnumni
Zlatan.

PURFTI AÐ SENDA ZLATAN HEIM

Í starfi sínu sem landsliðsþjálfari Svía þurfti Lagerbäck eitt sinn að taka erfiða ákvörðun. Þrjú lykilmenn í liðinu, Zlatan Ibrahimovic, Olof Mellberg og Christian Wilhelmsson, brutu agareglur liðsins. Þeir voru sendir heim og settir í eins leiks bann. Hann sagði í viðtali við blaðamann fyrir þremur árum að ákvörðunin hefði verið sín erfiðasta í starfi. Hann væri maður fárra reglna en ein væri skýr. Eftir kvöldmat og fram að morgunmat hefðu leikmenn átt að halda sig innan hótelsins. Málið hefði verið flóknara enda mennirnir í lykilhutverkum í liðinu og því haft enn meiri ábyrgð gagnvart öðrum leikmönnum.

„Það gengur ekki að allir hegði sér vel nema nokkrar stjórnur,“ segir Lagerbäck, sem bendir á að leikmennirnir hafi þó ekki neytt áfengis eða neins slíks. Hann muni aldrei vita fyrir víst hvort ákvörðunin hafi verið rétt en leikmennirnir hafi á vissan hátt borið virðingu fyrir henni.

„Það sorglega við þetta er að ef leikmenn hefðu spurt mig leyfis hefði ég líklega leyft þeim að yfirgefa hótelið í skamma stund því einn þeirra átti afmæli.“

Fjögurra daga verkefni að sjá Sölva spila í Rússlandi

Lagerbäck verður í Svíþjóð næstu tvær vikur áður en hann snýr til Íslands fyrir leikinn gegn Kýpur á Laugardalsvelli. Þá munu þeir Heimir Hallgrímsson, aðstoðarmaður hans, leggja yfir leikina í fjóra daga áður en leikmennirnir mæta til æfinga. Þangað til mun hann fylgjast með leikjum íslensku strákanna, aðallega í gegnum sjónvarpið og á netinu, auk þess að greina leiki Íslands gegn Sviss og Albaníu í þáula. Þá ætlar hann að skoða síðustu þrjá til fjóra landsleiki Kypverja og Norðmanna.

Svíinn hefur verið gagnrýndur fyrir að mæta lítið á leiki íslenskra leikmanna í Evrópu. Hann tekur undir að betra sé að sjá leikina með berum augum en það hafi einnig sína galla.

„Ef einhver nýr leikmaður slær í gegn þá fer ég auðvitað og skoða hann,“ segir Lagerbäck. Hann bendir um leið á að á ferðalagi sjái hann kannski

þrjá til fjóra leiki en geti séð mun fleiri haldi hann kyrru fyrir og horfi á þá á skjánum. Svo sé auðvitað dýrt að vera á stöðugu ferðalagi. Þá nefnir hann sem dæmi að Sólvi Geir Ottesen sé kominn til Rússlands og væri gott að geta séð hann spila með berum augum.

„Ef ég færi að horfa á hann tæki ferðalagið fjóra daga og á þeim tíma sæi ég leik með einum landsliðsmanni.“ Hann skilur þó gagnrýnina og kann almennt að meta að leikmenn sendi þau skilaboð að þeir vilji spila með landsliðinu. Það gerði Theodór Elmar Bjarnason, leikmaður Randers í Danmörku, á dögum.

„Elmar hefur staðið sig vel Staðreyndin er hins vegar sú að hann á í samkeppni við leikmenn á borð við Gylfa Þór, Eið Smára og Aron Einar. Ég tel þá standa honum framar í augnablikinu.“



NÆR TIL LEIKMANNA
Strákarnir í landsliðinu hafa verið óhræddir við að lýsa yfir ánægju sinni með störf Svíans.

Við tókum inn nokkra leikmenn úr 21 árs landsliðinu með tímanum og verðum meðal þeirra bestu í Evrópu eftir nokkur ár.

► Þúsund krónur í mánaðarlaun árið 2010 en ljóst er að laun Svíans eru töluvert hærrí. Lagerbäck segist sáttur við samning sinn, annars hefði hann ekki skrifað undir, en segir peninga ekki skipta öllu.

„Auðvitað vil ég góð laun en þau skipta minna máli. Ég vil fyrst og fremst vera í skemmtilegri vinnu sem ég nýt mín í,“ segir Lagerbäck. Hann hefur áður bent á að honum hafi staðið til boða fleiri en eitt þjálfarastarf í olíulöndunum auk Nígeríustarfsins. Þar séu launin af annarri stærðargráðu.

Stoltið skiptir máli

Íslenska liðið er í öðru sæti riðils síns sem stendur. Liðið hefur unnið fjóra leiki af átta í riðlinum sem er jöfnun á besta árangri landsliðsins. Enn eru tveir leikir eftir. Fæstir skilja hvernig landslið svo fámennrar þjóðar geti staðið sig svo vel í langvinsælustu íþróttagrein í heimi. Sá sænski hefur sínar hugmyndir. Gott starf félaganna og KSÍ sé auðvitað grunnatriði en auk þess séu aðstæður mjög góðar. Sjö keppnishallir innanhúss geri það að verkum að hægt sé að spila allt árið.

„Stærstu félögin spila bæði í deildarkeppni utan- og innanhúss. Keppnistímabilið er í raun lengra en til dæmis í Svíþjóð,“ segir Lagerbäck. Fyrir vikið fái liðin keppnisleiki árið um kring. Hann dái líka að viðhorfi landsmanna.

„Íslendingar eru vanir ábyrgð. Þeir standa ekki og bíða eftir hjálp. Þetta viðhorf sést hjá strákunum í landsliðinu sem klæðast landsliðsbúningnum stoltir. Það hefur líka áhrif,“ segir Svíinn. Skemmst er að minnast orða hans eftir sigurinn á Albaníu um Gylfa Þór Sigurðsson sem átti stórleik.

„Það besta við Gylfa er að þótt hann sé leikmaður í hæsta gæðaflokki þá leggur hann afar hart að sér í niúttíu mínútur. Það sér maður ekki oft hjá leikmönnum með svo mikla hæfileika.“

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort Lagerbäck haldi áfram í starfi eftir yfirstandandi undankeppni. Þó er ljóst að samningurinn verður sjálfkrafa framlengdur um sex mánuði takist liðinu hið ótrúlega og komist í lokakeppnina í Brasilíu. Liðið gæti þó verið enn sterkara í undankeppni Evrópumótisins árið 2016 en góður árangur núverandi 21 árs landsliðs hefur vakið athygli.

„Það eru margir hæfileikaríkir leikmenn í 21 árs liðinu. Þeir þurfa hins vegar að komast í eins góð lið og deildir og mögulegt er. Þar er lykilatriði að þeir fái að spila til að geta þróast sem leikmenn,“ segir Svíinn sem hefur lýst sér sem bjartsýnum raunsæismanni. Hann leyfði sér að horfa fram á veginn í kjallararherberginu á Laugardalsvelli á þriðjudaginn.

„Við tókum inn nokkra leikmenn úr 21 árs landsliðinu með tímanum og verðum meðal þeirra bestu í Evrópu eftir nokkur ár.“

► Úttekt á stöðu landsliðsins er að finna á síðu 72

Jafnlaunavottun VR er fyrir öll fyrirtæki og opinberar stofnanir. Hún staðfestir að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Leiðréttum launamun kynjanna

JÓNSSON & LEMMINGS • JULI • SÍA



Óútskýrður launamunur kynjanna innan VR er nú 9,4%. Með Jafnlaunavottun VR geta framsækin fyrirtæki látið gera faglega úttekt á því hvort innan veggja þeirra séu greidd mishá laun fyrir jafnverðmæt störf.

jafnlaunavottun.vr.is

Þau fyrirtæki sem þegar hafa öðlast jafnlaunavottun eru: Íslenska gámafélagið, IKEA, ISS, Parlogis, Johan Rönning, Landmælingar Íslands, Deloitte, KPMG, Logos og Ölgerðin.

Virðing Réttlæti

VR



AFRAKSTURINN LÍTUR DAGSINS LJÓS Þær Jónína og Arna Sigrún eyddu miklum tíma í hugmyndavinnu fyrir myndatökuna á nærfatalínunni.

MYND/IRIS DÖGG EINARSDÓTTIR

Vilja hvorki klámmmyndasexí né „ömmufrumpuleg“ nærföt

Arna Sigrún og **Jónína de La Rosa** hanna nærfatalínuna Mulier. Samstarf stúlkanna gengur vel, en til þessa hafa þær haft textabrot úr lagi hljómsveitarinnar Nada Surf að leiðarljósi: „... tell them honestly, simply, kindly but firmly ...“

Ólöf
Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Arna Sigrún Haraldsdóttir og Jónína de la Rosa hafa nýlega lokið við að hanna og framleiða nærfatalínuna Mulier. Arna og Jónína kynntust í Listaháskólanum þar sem Arna lærði fatahönnun en Jónína arkitektúr. Mulier þýðir kona á latínu. „Hugmyndin að línunni spratt hjá Jónínu þegar hún var á ferðalagi um Evrópu. Hún var nýhætt með kærastanum sínum og langaði að kaupa sér ný nærföt sem merki um nýtt tímabil í lífi hennar. En hvert sem hún fór gat hún ekki fundið rétta sniðið af brjóstahaldara sem kom með rétta sniðinu af nærbuxum. Að auki virðist vera að undirfatamarkaðurinn skiptist í tvennt, annars vegar klámmyndastjörnu-sexí eða ömmufrumpulegt,“ segja þær léttar í bragði. „Hvorugt heillaði hana og því var eina ráðið að sjá bara um þetta sjálf,“ bæta þær við.

Leiðinlegt að kaupa sér nærföt

Jónína kom aftur heim til Íslands og víðraði þessa viðskiptahugmynd við Örnú Sigrúnu sem tók vel í hugmyndina og þekkti vandamálið af eigin raun. „Við fórum mikið að spá í hvað það er sem er að undirfatamarkaðnum. Það virðist vera að rosalega mörgum konum þyki leiðinlegt að kaupa nærföt og að flestar hafi mjög ákveðnar hugmyndir um nákvæmlega hvernig nærfötin eigi að vera. Þess vegna hönnuðum við Mulier-undirfötin sem heildstæða línu en ekki stök sett. Þannig getur konan valið það snið af brjóstahaldara sem henni líkar og parað saman við það snið af nærbuxum sem hún vill helst og allt passar þetta saman. Að auki eru allar nærbuxurnar seldar í pakka með þremur sem eru allar eins í sniðinu en ólíkar útlits en passa samt við brjóstahaldarann. Þannig er komin miklu betri nýtni úr settinu og flestar konur væru gjarnan til í að klæðast alltaf undirfötum sem passa saman en gera það ekki af því það er svo óhagkvæmt. Það er nefnilega þannig að maður þvær nærbuxurnar oftast en brjóstahaldarann,“ halda þær Arna og Jónína áfram.

Engin ákveðin líkamsgerð

Línan er hugsuð fyrir konur á aldrinum 25 til 55 ára. „Við viljum geta boðið upp á fjölbreytt úrval stærða svo við séum ekki að takmarka kúnnahópinn okkar við ákveðna líkamsgerð. Mulier-undirföt eru fyrir konur sem er umhugað um útlitið, vilja vera í nærfatasetti sem passar saman en gera það kannski sjaldan vegna þess hversu óhagkvæmt það er.



HAFU UNNIÐ AÐ MULIER Í TÆPLEGA ÁR Jónína og Arna Sigrún stefna á að setja upp netverslun með tímanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við fórum mikið að spá í hvað það er sem er að undirfatamarkaðnum. Það virðist vera að rosalega mörgum konum þyki leiðinlegt að kaupa nærföt

Kjörorð Mulier eru „Smart-Sexy-Sensible“, útskýra þær.

Nada Surf leggur línurnar

„Við leggjum mjög mikla áherslu á að skapa fallegan og áhugaverðan hugmyndaheim í kringum Mulier enda höfum við báðar þó nokkra reynslu úr skapandi störfum og því að vinna myndrænt.“ Aðspurðar segja þær Jónína og Arna samstarfið ganga vel. „Við höfum eytt mun meiri tíma saman en áður síðan við ákváðum að demba okkur í þetta ævintýri. Það er auðvitað erfitt stundum að vera í business með vinkonu sinni en það hefur samt gengið stóráfallalaust hingað til. Við ákváðum strax í upphafi að fylgja ráðleggingum hljómsveitarinnar Nada Surf: „... tell them honestly, simply, kindly but firmly ...“ og sú vinnuregla hefur virkað vel fyrir okkur.“

Vilja setja upp netverslun með tímanum

Stelpurnar hófu að vinna að nærfatalínunni í nóvember í fyrra, fyrir næstum ári. Ferlið byrjaði á rannsóknar- og hönnunarvinnu og svo vildu þær finna réttu verksmiðjuna. „Við vildum versla við verksmiðju sem við getum treyst og sem við vitum að stundar heiðarlega viðskiptahætti og fer vel með starfsfólki sitt. Það hentar okkur vel að framleiða á Spáni af því að Jónína er hálf-spænsk og talar því reiprennandi spænsku. Það er hefð fyrir fataframleiðslu á Spáni og því hægt að treysta því að fá góða vöru. Við heimsóttum verksmiðju sem okkur leist vel á í vor, hittum eigendurna og mynduðum gott samband við þá. Við létum síðan framleiða fyrir okkur prótótýpur sem við fengum í hendurnar fyrir nokkrum vikum. Við höfðum eytt miklum tíma í hugmyndavinnu vegna myndatöku svo að hún gekk frábærlega vel og við erum hæstánægðar með afkrasturinn. Það sem tekur við núna er sala á þessari fyrstu línu en þetta er vor/sumar lína fyrir næsta ár. Það þýðir að nú erum við á fullri ferð að hafa samband við áhugasama verslunareigendur sem gætu viljað selja Mulier,“ segja þær stóllur. Aðspurðar segjast þær vilja með tímanum setja upp eigin netverslun, en það sé ekki komið að því enn. „Við erum í samræðuferli við nokkrar erlendar verslanir en það er of snemma að segja nokkuð um það enn þá. Séu einhverjir íslenskir verslunareigendur áhugasamir þá biðum við spenntar við símann,“ segja þær Jónína og Arna að lokum.



ÚTSALA

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR!

LAGERHREINSUN

aðeins brot af úrvalinu

RAFMAGNS
VERKFÆRI
20-30%
AFSLÁTTUR!

BLACK &
DECKER

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 17.865
NÚ 12.526 kr.

þú sparar: 5.369 kr

Rafhlöðuborvél 14.4V.
Black&Decker 2 rafhlöður og taska.
5246006



SPRENGI
TILBOÐ!
GILDIR AÐEINS
um helgina



ERIKA
3 stk.
aðeins
999kr

MIKIL
VERÐLÆKKUN
Á HEIMILIS
TÆKJUM

Electrolux

5 ÁRA
ÁBYRÐ
30 DAGA
SKILARETTUR

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 92.900
NÚ 73.990 kr.

þú sparar: 20.000 kr

Pvottavél Electrolux
EWP1064TDW, 1000 snúninga, 6 kg.
1805656

RYKSUGUR
25%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 19.795
NÚ 14.800 kr.

þú sparar: 4.995 kr

Electrolux

Ryksuga
Electrolux
1800W.
1805285

5 ÁRA
ÁBYRÐ
30 DAGA
SKILARETTUR

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 77.900
NÚ 58.425 kr.

þú sparar: 19.475 kr

Frystikista 203 ltr.
G215, Orkunýting A+
84.5x94x55 cm
1805482

ORKUNÝTING
A+

5 ÁRA
ÁBYRÐ
30 DAGA
SKILARETTUR

OFNAR
30%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 112.900
NÚ 78.900 kr.

þú sparar: 34.000 kr

Electrolux

Ofn Electrolux
74 ltr, litur hvítur, orkunýting A.
1860229

MÁLNING
20%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 9.995
NÚ 7.995 kr.

Polytex 7 veggmalning 10 ltr.
Sterk veggmalning innanhúss.
7119970

ÚTIVISTAR
FATNAÐUR
30-50%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 13.990
NÚ 6.995 kr.

þú sparar: 6.995 kr

Vetrarúlpur True North.
XS-2XL. Margir litir.
5871653/5871785

HAND
VERKFÆRI
20-40%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 12.996
NÚ 7.797 kr.

þú sparar: 5.199 kr

Topplyklasett Neo 23 stk.
5052509

BÚSÁHÖLD
30-50%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 8.595
NÚ 5.995 kr.

Panna Beka.
28 cm, stál, keramikhúð.
2006510

Lagerhreinsun markaður í Skútuvogi

Flísar • Parket • Fatnaður
Málningarvörur • Festingavörur
Handverkfæri • Hreinlætistæki
Baðfyllgihlutir og margt fleira.

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

DAGUR Á LANDSPÍTALA

1.241

sjúklingur kemur á dag- og göngudeildir.

5.020

rannsóknir eru gerðar á rannsóknarsviði.

36

börn koma á bráðamóttöku Barnaspítala Hringinsins.

20

bráðveikir sjúklingar koma á Hjartagátt.

45

viðtöl og meðferðir veitt af félagsráðgjöfum.

3

tonn af úrgangi falla til.

221

fyrirspurnum er svarað á þjónustuborði heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar.

Heimild: Ársskýrsla LSH 2012

3.500

starfsmenn eru í vinnu.

637

sjúklingar liggja á legudeildum.

271

sjúklingur kemur á bráðamóttöku.

56

sjúklingar fara í skurðaðgerð.

11

sjúklingar eru á gjörgæslu.

9

börn fæðast.

166

sjúklingar koma á göngudeildir og bráðamóttöku geðsviðs.

MEÐALÁRSLAUN

Í HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSPJÓNUSTU

NOREGUR
7,9 milljónirBRETLAND
5,3 milljónirDANMÖRK
7,6 milljónirSPÁNN
4,7 milljónirPÝSKALAND
5,8 milljónirÍSLAND
4,4 milljónirFINNLAND
5,5 milljónirTÉKKLAND
1,9 milljónirSVÍPJÓÐ
5,3 milljónir

Tölur í íslenskum krónum fyrir árið 2010. Heimild: Hagstofa Íslands

Nóg komið af niðurskurði

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir nóg komið af niðurskurði í heilbrigðiskerfinu. Hann vill setja heilbrigðis-, mennta- og löggæslumál í forgang og skera niður í öðrum málaflokkum. Kristján Þór segir að einkavæðing innan heilbrigðiskerfisins sé ekki á dagskrá og vill endurskoða áform um byggingu hátækni sjúkrahúss við Hringbraut.

Höskuldur
Kári Schram

hoskuldur.schram@365.is

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra kynnti á fimmtudag aðgerðaráætlun til að bregðast við manneklum og álagi á lyflækningsviði Landspítalans. Tuttugu yfirlæknar og prófessorar skrifuðu grein í Fréttablaðið í vikunni þar sem fjallað er um það ófremdarastand sem ríkir á spítalanum vegna langvarandi niðurskurðar og atgervisflóttar. Sérstakri nefnd verður gert að skila tillögum til úrbóta og þá verða fundin ný vistunarúrræði fyrir aldraða sjúklinga sem hafa lokið meðferð á sjúkrahúsinu en hafa ekki komist í hjúkrunarrými. Kristján vonast til þess að þessar aðgerðir skili árangri. „Ég met það svo að það sé fullur pólitískur vilji og samstaða til að bregðast við þessu ástandi, þó svo að það kalli á auknar fjárheimildir. Ég er þess fullviss að það verði stuðningur við þann þátt málsins sem kallar á fjármagn,“ segir Kristján. Gert er ráð fyrir því að nefndin skili tillögum eigi síðar en 20. september næstkomandi. „Ég mun síðan skoða með hvaða hætti og hvernig við getum mætt þessum tillögum. Ég vænti þess að það muni ganga skjótt og vel.“

Forgangsráða í niðurskurði

Kristján telur að hægt sé ná fram frekari hagræðingu innan heilbrigðiskerfisins. „Eðli málsins samkvæmt er óhjákvæmilegt þegar við lendum í efnahagsáföllum eins og yfir okkur dundu haustið 2008 að horft sé til heilbrigðismála með hagræðingu og niðurskurð í huga. Ég tel að sú umræða sem hefur átt sér stað í þjóðfélaginu síðastliðin fjögur til fimm ár út af þessum niðurskurði sýni að mönnum þykir nóg komið,“ segir Kristján. Hann vill setja heilbrigðis-, mennta- og löggæslumál í forgang og skera niður í öðrum málaflokkum. „Meðan við erum uppi með þessa kröfu og meðan við erum með þá stöðu að ríkissjóður sé rekinn með halla upp á 30 milljarða plús þá verðum við einfaldlega að setja þessi þrjú mál í forgang og láta aðra málaflokka líða fyrir það.“ Kristján nefnir eftirlitsstofnanir og utanríkisþjónustu í þessu samhengi. „Við

verðum líka að horfa til þess að við erum búnir að gera mjög vel við okkur Íslendingar á síðustu árum. Þegar við höfðum ráð til þess, alveg sama hvað menn segja um pólitík og annað. Ef við lítum þó ekki væri nema tíu til fimmtán ár aftur í tímann og sjáum þær breytingar sem hafa orðið á íslensku þjóðfélagi á þessum tíma og gæðin sem Íslendingar hafa byggt þá er það óumdeilt að lífsgæðin sem þjóðin býr við eru til fyrirmyndar og á margan hátt ófundsvæð.“

Nýr Landspítali ekki á dagskrá

Kristján lýsti því yfir þegar hann tók við ráðherraembætti í vor að hann vildi endurskoða áform um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut. „Við erum ekki í neinu færi til þess að mínu mati, miðað við núverandi stöðu ríkissjóðs, að taka skóflustungu að mannvirki sem kostar marga tugi milljarða. Við getum byrjað á einhverjum áfanga. Ef ég man rétt þá er þessu skipt niður í þrjá eða fjóra áfanga og það er sjálfsagt mál að skoða þetta. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að það beri að vinna að endurbótum á húsnæði Landspítalans,“ segir Kristján. „Ég tel að við getum skoðað minni útfærslu á ákveðnum þáttum. Það kemur í ljós þegar fjárlögin verða lögð fram hver áform okkar í þessu máli eru.“

Stendur ekki til að einkavæða

Stjórnarandstaðan á Alþingi hefur sakað ríkisstjórnina um að skera niður í heilbrigðis- og menntamálaum til að opna fyrir einkavæðingu. Kristján hefur sjálfur sagt að hann vilji beita sér fyrir einkarekstri í heilsugæslunni og vísar til heilsugæslunnar í Salahverfi í Kópavogi í því samhengi. „Ég hef sjálfur lýst því yfir að ég vilji gjarnan sjá breytingar hjá heilsugæslunni og innleiða fleiri rekstrarform. Ég vil sjá aukinn einkarekstur en það kann að taka tíma að ná því fram. Menn hafa reynt að snúa út úr þessum orðum mínum með þeim hætti að ég vilji einkavæða heilbrigðiskerfið. Það stendur ekki til að einkavæða íslenskt heilbrigðiskerfi. Hins vegar viljum við innleiða meiri einkarekstur og þetta erum við byrjuð að undirbúa.“

Erfitt að bregðast við atgervisflóttu

Um 210 íslenskir læknar hafa flutt til

útlanda á síðustu fjórum árum samkvæmt upplýsingum frá Læknafélagi Íslands. Í langflestum tilvikum er um unglækna að ræða. Á sama tíma hafa 70 læknar komið heim. Kristján segir þetta vera áhyggjuefni og að nauðsynlegt sé að hlúa betur að unglæknum. Í nýjasta tölublaði Læknablaðsins er auglýsing frá norsku einkasjúkrahúsi sem er að leita að lýtalækni. Auglýst laun eru 2 til 2,5 milljónir í norsku krónum á ári eða 40 til 50 milljónir íslenskar. Til samanburðar má nefna að meðallaun sérfræðinga á spítölum hér á landi eru í kringum 12 til 13 milljónir á ári. Kristján segir að íslenska ríkið geti ekki keppt við þessi launakjör. „Við munum

aldrei bjóða sömu launakjör. Aldrei. Ég hef enga trú á því að við munum geta boðið sömu launakjör eins og ég sá í auglýsingu í síðasta Læknablaði, t.d. í Noregi svo ég tali nú ekki um Dubai og Abu Dhabi. Við getum hins vegar boðið allt allt önnur lífskjör eða búsetuskilyrði á Íslandi en þaðin eru til dæmis í Dubai eða Abu Dhabi,“ segir Kristján.

→ KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

MENNTUN 1977 Stúdentspróf MA. **1978** Skipstjórnarpróf (1. og 2. stig) frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. **1981-1984** Nám í íslensku og almennum bókmenntum HÍ. **1984** Kennsluréttingdapróf HÍ.

HELSTU STÖRF 1978-1981 Stýrimaður og skipstjóri. **1981-1986** Kennari við Stýrimannaskólann á Dalvík. **1984-1986** Kennari við Dalvíkurskóla. **1986-1994** Bæjarstjóri Dalvíkur. **1994-1997** Bæjarstjóri Ísafjarðar. **1998-2006** Bæjarstjóri Akureyrar. **23. maí 2013-** Heilbrigðisráðherra.

STJÓRN MÁLAPÁTTAKA

1998-2009 í bæjarstjórn Akureyrar. **2002-** í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins. **2002-2009** Formaður sveitarstjórnarráðs Sjálfstæðisflokksins. **2012-** Annar varaformaður Sjálfstæðisflokksins.

STJÓRNARSETA OG FÉLAGS-STÖRF

Hefur setið í fjölda stjórna, nefnda og ráða.

Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða? 

... og öll fjölskyldan nýtur góðs af!

Ebba Guðný heldur námskeið þriðjudaginn 24. sept., í Lifandi markaði, **Fákafeni 11. kl. 20-22**

Skráning á ebba@pureebba.com
Nánari upplýsingar á www.lifandimarkadur.is

Verð aðeins 4000 kr.

Borgartún ☞ **Fákafen** ☞ **Hæðasmári**
www.lifandimarkadur.is

LIFANDI
MARKAÐUR



visir.is

Viðtalið við Kristján er hægt að sjá í þættinum Pólitíkin á www.visir.is



Tilboð á Nap
hvítur með örmum
Verð áður: ~~69.500kr~~
29.900kr

Staflanleg
fegurð

HÖNNUN: KASPER SALTO

Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is





LEIKSTJÓRI Una Porleifsdóttir hefur áður meðal annars leikstýrt uppfærslum með nemendum Listaháskólans og segir líttinn mun á því og vinnu í atvinnuleikhúsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Draumaverkefnið er óskrifað

Harmsaga er fyrsta uppsetning leikstjórans **Unu Porleifsdóttur** í Þjóðleikhúsinu, en verkið verður frumsýnt á föstudag. Hún segir verkið í raun samsuðu úr mörgum íslenskum sakamálum þar sem voðaverk eru framin í stundarbrjálæði.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is



Verkið er í raun stúdía í mannlegum samskiptum. Í öllum slíkum samskiptum á eitt-hvert valdatafl sér stað og fólk er alltaf í einhverjum leik, líka í ástarsamböndum. Flestir hafa verið í samböndum þar sem annar hvor aðillinn eða báðir fara yfir strikið og missa stjórn á samskiptunum. Flestir bakka líka út úr slíkum samböndum en stundum gerist það ekki og þá er fólkið fast. Það getur getur ekki endað öðruvísi en með skelfingu, eins og gerist í verkinu,“ segir Una Porleifsdóttir sem leikstýrir Harmsögu, nýju leikverki eftir Mikael Torfason sem frumsýnt verður í Kassanum í Þjóðleikhúsinu næsta föstudag.

Harmsaga er fyrsta uppfærsla Unu í Þjóðleikhúsinu, en hún er lottor við leiklistar- og dansdeild Listaháskóla Íslands (LHÍ) þar sem hún hefur leikstýrt nokkrum sýningum.

Um fjöllumarefni verksins er saga hjóna á miðjum þrítugsaldri sem eiga saman tvö börn og reyna eftir fremsta megni að bjarga hjónabandinu. Elma Stefánía Ágústsdóttir og Snorri Engilbertsson fara með hlutverk hjónanna og eru tvö á sviðinu allan tímann, en sviðsmyndin byggist á miklu leyti upp á útlínu íbúðar persónanna sem teiknaðar eru með ljósum á sviðsgólfíð. „Á milli þess sem hjónin deila á heimili sínu sjáum við minningabrot þeirra frá því þau voru yngri og hamingjusamari, segir Una“

Skelfingin ekki eina niðurstaðan

Hvernig kemur ógæfa hjónanna í verkinu til, sem endar svo með þeirri skelfingu sem þú lýsir? „Aðalpersónurnar í verkinu lenda í spirál og missa stjórn á samskiptum sínum. Annað þeirra segir eitthvað sem særir hitt sem kallar á svar af sama meidi og þannig gengur það áfram. Í stað þess að ganga út, skilja eða velja að gera eitthvað í málinu halda þau alltaf áfram og taka kannski aldrei fyllilega ábyrgð á tillifningum sínum. Þau eru í rauninni eins og tveir seglar sem vilja fara saman en skjótast alltaf í sundur. Undirliggjandi í verkinu er alltaf þessi spurning: hversu nálægt erum við því að fara yfir strikið? Hversu fjarri erum við því að beita hvert annað andlegu ofbeldi eða líkamlegu ofbeldi? Hvenær hættirðu að lemja vegg og ferð að lemja manneskju og á hvaða tímamarki grípuru of fast? Það þekkja allir að vera staddir á einhvers konar brún, en hvað gerist þegar þú missir stjórnina og hrapar niður hengiflugið?“

Á sagan sér fyrirmynd í ákveðnum íslenskum sakamálum? „Verkið er í raun samsuða úr mörgum sakamálum sem komið hafa upp hér á landi og innblástur höfundarins eru þessi fjölmörgu mál þar sem hjónabönd hafa endað með dauðsfalli. Menn hafa myrt konurnar sínar, ekki endilega að yfirhöfðu ráði, þar sem morðin hafa verið skipulögð fram í tímann, heldur vegna stundarbrjálæðis í aðstæðum þar sem allir eru komnir upp við vegg eins og dýr í búri.“

Líklega koma margir áhorfendur til með að vita fyrirfram að sögunni lýkur með dauðsfalli. Á hvaða hátt tekst leikstjóri á við slíkt í uppbyggingu verksins? „Mér þykir auðvitað mikilvægt að

áhorfendur upplifi að persónurnar eigi möguleika. Að þeir upplifi augnablikin þar sem persónurnar hefðu getað valið eitthvað annað, að skilja sem vinir eða ljúka sambandinu á einhvern annan hátt, og að skelfingin sé ekki eina hugsanlega niðurstaðan.“

Hafði engan áhuga á að leika

Eins og áður segir er Harmsaga fyrsta uppfærsla Unu í Þjóðleikhúsinu, en hún útskrifaðist sem leikstjóri frá Royal Holloway, University of London árið 2004. Áður hafði hún stundað nám í leikhúsræðum og list við Goldsmiths College, University of London. Helstu fyrri leikstjórnarverkefni hennar eru Nú er himneska sumarið komið eftir Sigtrygg Magnason sem var sýnt á Árbæjarsafninu í ár, Óraland, samsköpunarverk sem unnið var í samvinnu við Jón Atla Jónasson og útskriftarnemendur LHÍ í Nemendaleikhúsi LHÍ á síðasta ári, Bráðum hata ég þig eftir Sigtrygg Magnason í Nemendaleikhúsi LHÍ árið 2010 og Gengið á vit sögunnar í samvinnu við START ART og Listahátíð í Reykjavík 2009.

Hvenær og hvernig kviknaði áhuginn á leiklistinni? „Neistinn kviknaði mjög snemma, eins og ég held að sé tilfellið hjá flestum sem starfa við listir, og þörfin fyrir að tjá sig og koma ákveðnum erindum til skila. Ég var viðloðandi Leikfélag Kópavogs og Kramhúsið þar sem ég tók þátt í sýningum og eins með leikfélaginu Fúríu í Kvinnaskólanum í Reykjavík. Ég uppgötv-aði þó fljótlega að ég hafði engan áhuga á því að standa á sviðinu. Ég er allt of sjálfsmeðvítuð og mikil privatmanneskja til þess og hef meiri áhuga á heildarsýninni í kringum verkin. Svo þegar ég þurfti að fara að hugsa um háskólanám tók ég þá endanlegu

ákvörðun að leggja leikstjórnina fyrir mig. Eftir örfáa daga í skólanum í Englandi vissi ég að ég hafði valið rétt. Maður verður að elta draumana og gera það sem gerir mann hamingjusaman.“

Fannstu fyrir þeirri ríku leikhúshéð sem ríkir í Bretlandi þegar þú varst þar við nám?

„Almenn leikhússpekking er meiri þar en hér. Leikhússhefðin er stór hluti af almennu skólastarfi frá unga aldri því nemendur fá snemma að velja hvað þau læra og þegar ég byrjaði í skólanum höfðu allir lesið fullt af bókum sem ég hafði aldrei heyrt um fyrr. Það var mikil uppljómun að koma inn í svona samfélag eins og í Goldsmiths þar sem allir eru vanir að sinna listinni, sjá sýningar og gera tilraunir. Ég kynntist mjög mörgu nýju og stemningin í skólanum átti afar vel við mig.“

Stolt af Fræðum og framkvæmd

Fljótlega eftir útskrift úr leikstjórnarnáminu frá Royal Holloway árið 2004 hóf Una stunda-kennslu í leikaranámi við LHÍ. Á sviðuðum tíma hófst undirbúningur fyrir námsdeildina Fræði og framkvæmd við skólann, en það er sviðshöfundanám þar sem áhersla er lögð á leiklist í víðum skilningi. Námið er hugsað sem vettvangur fyrir listrænar rannsóknir á sviðslistum og tók Una virkan þátt í undirbúningi námsins. Hún hefur kennt við deildina frá stofnun árið 2005, fyrst sem adjúntkt og síðar lektor, en síðasta haust tók hún formlega við sem fagstjóri deildarinnar. Hún kennir enn við deildina, en tekur sér frí að mestu leyti meðan hún sinnir fyrsta leikstjórnarverkefninu sínu í Þjóðleikhúsinu.

Námið í fræðum og framkvæmt hefur frá upphafi verið vinsælt, en hefur það skilað árangri og góðu

„Eftir örfáa daga í skólanum í Englandi vissi ég að ég hafði valið rétt.“

fólki inni í leiklistargeirann? „Já, við höfum útskrifað fjóra hópa úr náminu, í kringum fjörutíu manns, og margt af þessu fólki hefur látið duglega til sín taka. Í náminu reynum við að hjálpa nemendum við að móta sér sína leið í rannsóknnum á miðlinum, hvort sem þeir kjósa að fara hefðbundnar eða óhefðbundnar leiðir, og ég er á þeirri skoðun að þessi námsleið hafi hreinlega verið nauðsynleg. Það eru margir eins og ég og hafa áhuga á sviðslistum en ekki því að standa í sviðsljósinu.“

Er mikill munur á því að leikstýra sýningum með nemendum í LHÍ, eins og þú hefur gert nokkuð af, og með atvinnuleikurum í Þjóðleikhúsinu? „Það er enginn munur á vinnunni því þetta er allt listrænt ferli sem lýkur með uppsetningu, ferðalag sem leiðir að niðurstöðu. Í skólanum er ég meira í hlutverki leiðbeinanda og þar þekki ég nemendurna og reyni að hjálpa þeim að vera enn betri. Slík vinna fer í minna mæli fram í atvinnuleikhúsi, en við erum samt alltaf að skapa list.“

Hefurðu spáð í framhaldið eftir að vinnunni við uppsetningu Harmsögu lýkur? „Þá fer ég aftur kenna og hef ekkert hugsað lengra en það.“

Engin draumaverkefni? „Ég hef mestan áhuga á að vinna með ný verk sem fjalla um samfélagið sem við búum í og hvað það þýðir að vera manneskja á 21. öldinni. Mig langar til að fjalla um ýmsa hluti, en verkin sem langar til að setja upp eru ekkert endilega orðin til enná.“

VERÐHRUN!

RÝMINGAR SALA

BÓKAÚTGEFENDA

BORGARTÚNI 29

OPIÐ KL. 10-18 ALLA DAGA

KOMDU
OG GERÐU
FRÁBÆR
KAUP!

ALDREI
MEIRA
ÚRVAL!

NÝTTU ÞÉR
PAKKA-
TILBOÐIN

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!



Blíðfinnur • 3 bækur á aðeins
1.500,-



Stieg Larson-pakki • 3 bækur á aðeins
1.500,-



Krimmapakki • 4 bækur á aðeins
1.500,-



Stelpupakki • 3 bækur á aðeins
1.500,-



Dan Brown pakki • 4 bækur á aðeins
1.500,-



Bókaorma pakki • 5 bækur á aðeins
1.500,-



Íslenskur krimmapakki • 4 bækur á aðeins
1.500,-

BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!

Sópar til sín verðlaunum ytra

Jórunn Ragnarsdóttir arkitekt hlaut nýlega ein virtustu arkitektaverðlaun Evrópu, Deutscher Architekturpreis, ásamt Arno Lederer og Marc Oei. Þau gerðu líka eina fegurstu fagbók ársins í Þýskalandi 2013. Hún segir arkitektúrinn lífsstíl.

Gunnþóra Ragnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Við erum kannski að uppskera núna fyrir það hversu mikið álag er búið að vera á okkur, því að baki okkar starfi liggur miklu meira en venjuleg dagvinna. En þetta er lífið sem við veljum okkur. Arkitektúrinn er í raun lífsstíll,“ segir Jórunn Ragnarsdóttir arkitekt þegar hún er spurð út í hin stóra verðlaun Deutscher Architekturpreis 2013 sem hún, Arno Lederer, Marc Oei og samstarfsfólk á teiknistofu þeirra í Stuttgart í Þýskalandi fékk í sumar.

„Ég vil ekki ýkja neitt en við fáum verðlaun fyrir nánast allar byggingar sem við gerum,“ segir Jórunn eins og ekkert sé sjálfsagðara en viðurkennir að Deutscher Architekturpreis 2013 séu mjög eftirsóknarverð. „Þetta eru æðstu verðlaun sem hægt er að hljóta í Þýskalandi – og þess vegna í Evrópu. Það var mikil veisla með mörg hundruð manns hjá menningarráðuneytinu í Berlín 12. júlí síðastliðinn þegar okkur voru afhent þau. Auðvitað er gaman að hljóta slíkan heiður, ekki síst af því við höfum alltaf farið ótroðnar slóðir og ekki fylgt fjöldanum. Við fengum verðlaunin fyrir byggingu sem heitir Kunstmuseum Ravensburg og hýsir safn hjónanna Selinka sem áttu mikið af fagurri list. En þessi verðlaun eru ekki bara veitt fyrir eina byggingu heldur fyrir lífsverk.“

Verðlaunaféð var 30 þúsund evrur að sögn Jórunnar og eins og í leiknum Frúin í Hamborg er hún spurð hvað hún hafi gert við peningana. „Við fórum með alla teiknistofuna í fimm daga ferð til Mílanó. Það kostaði reyndar meira en 30 þúsund evrur því við flugum öll og vorum á fínu hóteli. Þegar verið er að veita svona verðlaun þá eru þau ekki persónuleg að mínu mati heldur er það allur hópurinn sem fær þau. Við erum með svo stór og mörg verk og arkitektúr er alltaf samvinnuverkefni.“

Þráði að komast til útlanda

Það eru 37 ár frá því Jórunn flutti frá Íslandi til Þýskalands en hún er í stuttu stoppi á Íslandi þegar við mælum okkur mót. „Ég er eiginlega búin að vera tvo þriðju hluta ævi minnar úti,“ segir hún. „Fór 19 ára til Stuttgart, fljótlega eftir stúdentspróf og hef verið þar allar götur síðan. Það var ekki jafn sjálfsagt að fara úr landi þá og það er í dag þegar fólk er úti um allar trissur. Ég bara hafði þessa þrá, að komast til útlanda, og held að hún sé að vissu leyti ástæða þess að ég valdi þetta nám. Ég hafði reyndar alltaf áhuga á arkitektúr en ég var eiginlega krakki sem hafði áhuga á öllu, var í ballett, spilaði á píanó og var að gera alls konar hluti. Svo komst ég að því að það var ekkert hægt að læra arkitektúr á Íslandi þannig að ég gat slegið þarna tvær flugur í einu höggi. Ég var heppin með skóla. Það er mjög mikil hefð fyrir byggingarlist í háskólanum í Stuttgart, það skiptir máli því kennararnir í svona skólum móta nemendur mikið.“

Eftir námið í Stuttgart kveðst Jórunn hafa verið búin að fá DAAD-styrk til frekara náms í Japan en ungur maður hafi verið kominn inn í líf hennar og hún strax verið orðin

ófrísk. „Það varð úr að ég hætti við þessa ferð til Japan, tók ákvörðun um að eiga mitt barn og vera áfram í Þýskalandi hjá þessum manni. Eitt veldur öðru. Það hefur aldrei komið upp þessi stóra spurning hjá mér: Vil ég fara til Íslands eða ekki? Líf mitt hefur einfaldlega bara æxlast þannig að ég hef verið um kyrrt. Maðurinn minn var að stofna arkitektafyrirtæki þegar við kynntumst og við byrjuðum tvö með þann rekstur. Svo hefur þetta smám saman undið upp á sig og nú erum við komin með mjög stórt batterí, 40 arkitekta og svona sex stúdenta í arkitektúrnammi.“ Hún segir þriðja eiganandanum hafa verið bætt við af fjölskylduástæðum. „Þegar ég eignast þriðja strákinn var ég svolítið frá vinnu í tvö ár, enda með þrjú lítil börn. Þá gerðum við Marc Oei að meðeiganda því hann var langbesti starfsmaðurinn okkar og hefur verið með okkur síðan.“

Jórunn segist oft spurð að því hvort það sé ekki leiðinlegt fyrir hjón að vera í sama starfi. „Ég bara gæti ekki hugsað mér öðruvísi líf. Þegar við ferðumst þá erum við með sömu áhugamálin en við getum auðvitað alveg stjórnað því hvort við ræðum einhver vandamál á teiknistofunni á kvöldin eða spjöllum um eitthvað annað.“

Ein fallegasta fagbók ársins

Það eru ekki bara arkitektaverðlaun sem Jórunn sagnar til sín heldur var bók sem fyrirtæki hennar gaf út í lok síðasta árs að fá viðurkenningu í flokknum fallegasta fagbók ársins 2013 í Þýskalandi. Bókin heitir einfaldlega Lederer Ragnarsdóttir Oei og inniheldur myndir af öllum arkitektaverkum þremninganna frá 1979 fram í september í fyrra. Heljarinnar framtak og þess má geta að bókin fæst í Eymundson.

„Við áttum að baki svo mörg verkefni og á mismunandi tölvuforritum, sum reyndar alls ekki í tölvu því þau eru svo gömul, þannig að við ákváðum að taka þau saman í bók, til að afkomendur okkar þurfi ekki að grafa þessar upplýsingar upp eftir 50 ár. Við gerðum bókina sjálf og vönduðum okkur við hana en fengum bókaforlag til að prenta hana og dreifa henni. Samhliða myndum af byggingunum settum við inn teikningar af öllum byggingunum svo og svæðunum sem þær standa á, hvernig þau voru áður og hvernig á eftir.“

Jórunn og hennar fyrirtæki vinnur einungis við opinberar byggingar og þarf alltaf að sigra samkeppni til að fá verkefni. „Við tókum að okkur verk og sjáum um þau þar til þau eru tilbúin. Höfum byggt fjöldann allan af skólum, grunnskóla, menntaskóla og háskóla. Vorum að ljúka við einn Rudolf Steiner skóla, þann fjórða í röðinni. Nú erum við líka að byggja töluvert af söfnum. Til dæmis nýja sögusafnið í Frankfurt sem er alveg við „Römer“, í hjarta borgarinnar. Vorum að ljúka við borgarsafn í Ludwigsburg og erum bæði með borgarminjasafn og landsbókasafn í Stuttgart.“

Hún segir umhverfið sem byggt sé í skipta mestu máli. Nýrri byggingu fylgir alltaf einhver breyting en við kappkostum að hún standi þannig að stærð, hæð og stöðu, gerð og efnisvali að hún styrki umhverfið í kringum sig. Mesta hólið sem við fáum er í raun ef fólk heldur að sú bygging hafi alltaf verið þarna.“



JÓRUNN RAGNARSDÓTTIR ARKITEKT „Það hefur aldrei komið upp þessi stóra spurning hjá mér: Vil ég fara til Íslands eða ekki? Líf mitt hefur einfaldlega bara æxlast þannig að ég hef verið um kyrrt.“



DIÖZESE IN ROTTENBURG Eitt af verkum Jórunnar og samstarfsfólks er aðalskrifstofur katólsku kirkjunnar.

„Ég vil ekki ýkja neitt en við fáum verðlaun fyrir nánast allar byggingar sem við gerum.“

Er í raun „farna“ systirin

Jórunn er fædd á Akureyri en alin upp í Reykjavík og kveðst minnst æsku sinnar með ljúfum hætti. „Mig skorti aldrei neitt,“ segir hún og gerir síðan grein fyrir sínum nánustu. „Pabbi hét Ragnar Júlíusson. Hann dó 1998. Mamma heitir Jóna Ingibjörg Guðmundsdóttir. Ég á fjögur systkini, bræðurna Guðmund og Magnús og systurnar Steinunni og Rögnu Jónu. Ég er í rauninni bara „farna“ systirin, sú sem fór því ég hef ekkert komið mikið hingað heim. Við höfum þó komið tvö jól í röð og ætlum að koma um næstu jól. Eftir að við keyptum íbúð hér er það minna mál af því við erum með fjóra stráka. Þeir eru sautján til tuttugu og níu ára. Sá elsti er skurðlæknir í Berlín, það er Andri, Sindri er fiðluleikari, er í Nótos píanókvartett. Svo á ég einn sem heitir Sölvi sem er að læra arkitektúr í Weimar og sá yngsti er nýkominn frá Kanda þar sem hann var skiptinemi. Þeir eru allir Rudolf Steiner-börn.“

Jórunn talar svo fagra og hreina íslensku þrátt fyrir 37 ára útleið að undrun sætir. Hvernig fer hún að þessu? „Bara með því að spjalla við fjölskylduna í símann. Svo umgengst ég líka Íslendinga í Þýskalandi en við tölum ekki ▶

ÞÚ VELUR LENGRI LEIÐINA HEIM

NÝR VOLVO XC60 FRUMSÝNDUR Í DAG



Njóttu ferðarinnar til botns í einstakri hönnun og skandinavískum lúxus. Margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi er staðalbúnaður í Volvo XC60. DSTC stöðugleikastýrikerfið leiðréttir mistök í akstri og CTC beygjuspólvörnin gerir þér kleyft að taka beygjur á meiri hraða, með aukinni mýkt og öruggar en áður. Veghæðin er heilir 23 cm undir lægsta punkt.

**HEIMILIÐ ER EKKI LENGUR ÞINN EINI GRÍÐARSTAÐUR. NÚ ER BÍLLINN ÞAÐ LÍKA.
LIFðu Í LÚXUS - VELDU VOLVO.**



**VOLVO XC60 AWD
VERÐ FRÁ 8.990.000 KR.
VOLVO.IS**

**VIÐ FRUMSÝNUM NÝJU VOLVO 60 LÍNUNA Í BRIMBORG Í DAG, LAUGARDAG MILLI KL. 12 OG 16.
KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN VOLVO XC60, VOLVO S60 OG VOLVO V60.**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 163 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,8 l/100 km. CO₂ 179 g/km. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.





KUNSTMUSEUM RAVENSBURG Stóru verðlaunin voru veitt fyrir þessa byggingu og lífsstarfið. Ekki þarf að kynda húsið því fólkið inni í því sér um upphitunina.

► Íslensku á heimilinu að staðaldri. Þegar ég var með strákana litla var ég samt alltaf með Íslenskar au pair stúlkur. Það var alveg frábært. Því tala allir strákarnir íslensku þótt ekki sé hún fullkomin. Tveir þeir eldri tala hana betur en hinir því þeir nutu lengri samvista við íslensku stúlkurnar.

Hundurinn eins og íþróttapjálfi

Um tíma var Jórunn prófessor í listaakademíunni í Düsseldorf en segir það hreinlega hafa verið of mikið álag. „Þegar ég var að kenna var ég tvo daga í burtu og náði varla andanum, ég hafði svo mikið að gera. Maðurinn minn hefur verið prófessor í háskólanum í Stuttgart í 28 ár, þrjú daga í viku, og það gekk ekki að ég væri líka í burtu, enda er teiknistofan svo stór hluti af tilveru minni. Ég hafði samt mjög gaman af að kenna en ég er líka alltaf að því á

teiknistofunni því þar erum við alltaf með ungt fólk í námi og tengjum það inn í það sem við erum að gera.“ Hún segir mikinn jöfnuð í fyrirtækinu og telur skúringakonuna alveg jafn mikilvæga og aðra starfsmenn því hún vinni sitt starf vel. „Lykillinn á bak við það að fólk sé tilbúið að vinna með manni er að umgangast það af virðingu,“ segir hún.

Nú er Jórunn nýbúin að fá sér hund og þegar haft er orð á að umhirða hans hljóti að taka tíma segir hún hlæjandi: „Ég fékk mér hundinn til þess að hafa tíma. Maðurinn minn las fyrir mig sögu eftir Thomas Mann sem heitir Herr und Hund, stutt saga um samband höfundarins við hundinn sinn. Ég varð svo heilluð að ég hugsaði: Oh, þetta langar mig að upplifa áður en yfir lýkur – en ég hef aldrei verið fyrir hunda. Gekk með þessa hugmynd í eitt og hálf ár og nú er ég búin

að fá Bruno, svartan púðluhund. Ég fer með hann út á morgnana að hlaupa milli sex og sjö, í hádeginu förum við í klukkutíma út og áður en við förum að sofa förum við hjónin bæði með hann í göngutúr. Hann er bara eins og minn íþróttapjálfi því ég er ekkert í líkamsræktarstöðvum. „Ég lifi öðruvísi lífi en margar kynsystur mínar. Er ekki í neinu félagi, eða hóp. Þegar ég heyrir í vinkonum mínum hér eru þær í gönguhópum, saumaklúbnum, danstímum og úti um allt með hinum hópnum eða þessum. Þetta bara þekki ég ekki og er sjálfsagt að missa af einhverju.“

Henni finnst Ísland vera mikið neyslupjóðfélag. „Fólk þarf alltaf að vera að kaupa eitthvað hér,“ segir hún. „Það er mér algerlega frumandi. Eða hvað þarf maður til að vera hamingjusamur? Góða heilsu, gott skap og hómur!“


HUGMYNDAFRÆÐI JÓRUNNAR Í ARKITEKTÚR OG SKIPULAGI

Arkitektúr er eins og boðlaup. Maður tekur við kefli eldri kynslóðar, er með það í hendinni í ákveðinn tíma og réttir það síðan til næstu kynslóðar. Ein kynslóð tekur við af annarri og það er alltaf visst samspil milli þess hvað við mótum mikið umhverfið og hversu mikið það mótar okkur. En manneskjan hefur ekki aðrar grunnþarfir en hún hafði áður fyrr. Við þurfum skjól, birtu, hlýju og öryggi.

Í raun geta arkitektar byggt hvar sem er. Maður verður að sjálfsögðu að setja sig inn í sögu og menningu og rannsaka umhverfið. Hver er byggingarhefðin í þessu landi og af hverju er hún eins og hún er?

Ljós, náttúrulegt ljós og nýting þess, er stór hluti af okkar starfi. Við notum mikið lokaða fleti og stýrum frekar opum þannig að lýsingin verði markviss í stað þess að setja alls staðar gler. Það er líka hluti af umhverfisstefnu því veggurinn stendur, ef hann er vel gerður, í hundrað ár en það þarf að skipta um gler eftir 20-25 ár og glerið kostar áttfalt meira en veggurinn. Það þarf ekkert að hirða góða veggja en það þarf stöðugt að þrifa gler. Það er ekki bara stofnkostnaðurinn heldur rekstarkostnaðurinn líka sem þarf að taka inn í dæmið þegar verið er að byggja. Náttúrulegt yfirborð og vandað handverk tryggja ævilanga fegurð bygginga.

Íðnaðurinn er alltaf að koma með ný efni á markaðinn og sumir eru sólnir í að prufa eitthvað nýtt en við treystum frekar á það sem er búið að nýttast mannkyninu í mörg hundruð ár, notum gamaldags byggingarefni en á nýjan hátt. Það er ekki hægt að komast hjá að nota steinsteypu í burðarvirki en við klæðum húsinn gjarnan með múrsteini, með skífusteinum og gerum mikið af því að vera með tvöfalda veggja. Tökum sem dæmi safnið í Ravensburg. Þar er steypur veggur, kannski 25 cm þykkur, svo kemur 40 cm einangrun og þar fyrir framan 11 cm múrsteinar, sem þýðir að það þarf ekki að kynda húsið því fólkið sem er inni í því kyndir. Það er algert rennsli gegnum þetta hús. Því er ætlað að rúma 200 manns en nú er safnið svo vinsælt að sá fjöldi sem áætlað var að kæmi þangað á tíu árum er búinn að koma þangað á hálfu ári.



INNAN ÚR DIÖZESE IN ROTTENBURG Aðalskrifstofur kaþólsku kirkjunnar.

TRYGGINGARÁLIT AUFVELDAR INNFLUTNING

Arion banki býður fyrstur á Íslandi tryggingarálit (e. credit opinion) í samstarfi við Euler Hermes.

Tryggingarálit Arion banka er yfirlýsing um að viðkomandi innflutningsfyrirtæki sé viðurkennt af tryggingarfyrirtækinu Euler Hermes og geti fengið greiðslufallstryggingu. Tryggingarálit getur leitt til hagkvæmari greiðslukjara og liðkað til fyrir nýjum viðskiptum.

Kynntu þér málið á arionbanki.is eða komdu við í næsta útibúi Arion banka.

FYRIRTÆKI

SÆKIR UM
TRYGGINGARÁLIT

ARION BANKI

SENDIR GÖGNIN UM
FYRIRTÆKIÐ

EULER HERMES

GEFUR ÚT TRYGGINGAR-
ÁLIT Á FYRIRTÆKI

 **INTERSPORT**[®]

SPORT TO THE PEOPLE

RÝMINGARSALAN

ER Í FULLUM GANGI

Í INTERSPORT **LINDUM**

ALLAR VÖRUR Á

20-80% afslætti

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

VERSLUNIN LOKAR Í LINDUM

Við lofum góðum

Stöð 2 kynnir með stolti **glæsilegustu vetrardagskrá** frá upphafi

Við erum afar ánægð með nýju vetrardagskrána okkar og flöggum nýjum og spennandi íslenskum þáttum. Aldrei áður hefur úrvalið verið jafn glæsilegt, fleiri og fjölbreyttari íslenskir þættir en nokkru sinni fyrr ásamt erlendum þáttum og kvikmyndum í sérflokki.

Við óskum þér góðrar skemmtunar með **Stöð 2** í allan vetur.

O P I N

dagskrá alla helgina!

Allar stöðvar í Skemmtipakkanum verða opnar í dag og á morgun.

- Stöð 2
- Stöð 3
- Krakkastöðin
- Bíóstöðin
- Gullstöðin
- PoppTíví



Íslenskum vetri

ALLTAF
EITTHVAÐ
SPENNANDI
fyrir alla
fjölskylduna

Með **Skemmtipakkanum** færðu mikið fyrir lítið!

Með Skemmtipakkanum færðu aðgang að sex frábærum stöðvum, aðgang að Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild sem er eitt öflugasta vildarkerfi landsins.

Margfalt meiri skemmtun á aðeins

7.990 kr.

1

2

Krakka
stöðin

BÍÓ
STÖÐIN

GULL
STÖÐIN

POP
TÍVÍ

Tónlist.is

VILD

STÖÐ 2

Engin sjónvarpsstöð á Íslandi frumsýnir daglega fleiri þætti og bíómyndir en Stöð 2. Fréttir og meiri íslensk dagskrárgerð en nokkru sinni fyrr.

STÖÐ 3

Ný og fersk stöð með erlent gæðaeefni í bland við nýtt íslenskt.

KRAKKASTÖÐIN

Talsettt barnaeefni daglega frá morgni til kvölds á sérstakri barnastöð. Barnakvikmynd alla daga klukkan 19:00.

BÍÓSTÖÐIN

Frábærar kvikmyndir, allan sólarhringinn.

GULLSTÖÐIN

Klassískir innlendir og erlendir sjónvarpsþættir.

POPPTÍVÍ

Tónlistarmyndbönd eins og þú getur í þig látið.

TÓNLIST.IS

Öll íslensk og erlend tónlist á einum stað, þriggja mánaða aðgangur með áskrift.

VILD

Með aðgangi að Vild getur fjölskyldan hæglega sparað sem nemur mánaðar-áskrift.



margfalt skemmtilegri!

SKELLTU
ÞÉR Á SKEMMTI-
PAKKANN!
þú greiðir ekkert fyrir
það sem eftir er
af september!

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is

EF ADOLF HITLER HEFÐI VERIÐ MYRTUR 1919

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson

frétti af námskeiði um hjásögu í Háskóla Íslands og fór að brjóta heilann.



Líkið lá á grúfu á snjádum dívan. Á hnakkanum var ekkert að sjá nema einn svartan blóðblett í stuttklippu hárinu en miklar blóðdreifar á koddanum gáfu til kynna að andlitið væri líklega stórskaddað. Gamli rannsóknarlögreglu- maðurinn Egon hlakkaði ekki til að velta skrokknum við. Meðan heimsstyrjöldin stóð hafði morðum og alvarlegu ofbeldi fækkað heilmikið í München og hann var orðinn óvanur því að horfast í augu við illa farin lík. Og þótt nú færi óbeldis- verkum fjölgandi á ný var hann ekki búinn að venjast því. Annað en ungi nýliðinn við hlið hans sem var nýkominn á staðinn og skimaði nú kringum sig í heldur fátæk- legu leiguharberginu þar sem líkið hafði fundist. Moshe hafði verið í skotgröfunum í Frakklandi öll stríðsárin og vafalaust séð þar meiri hrylling en Egon gamla langaði einu sinni til að ímynda sér.

Þótt úti væri farið að skyggja var enn næg birta í herberginu. Við hlið dívansins var lítið skrifborð sem var þakið pappírnum og bókum og úti í horni kammóða. Ofan á hana hafði verið lagður stór – heljar- stórv spegill, sem var eiginlega það eina óvænna í herberginu. Líkið var snyrtilega klætt en fötin ósköp fátækleg og venjuleg, svo hégómleikinn sem spegillinn gaf til kynna kom nokkuð á óvart. Að öðru leyti hafði Egon séð ótal svona herbergi áður í leiguhjöllunum í München. Þar bjuggu einhleypir karlar á ýmsum aldri, einstæð- ingar og margir hreinlega auðnuleys- ingjar, oftar en ekki fyrrverandi hermenn sem voru að flosna upp úr samfélaginu. Já, hugsaði Egon með sér meðan hann mann- aði sig upp í að snúa við líkinu, við erum ekki búnir að bíta úr nálíni með stríðið. Það á eftir að sitja í okkur lengi. Eins og því til staðfestingar heyrði hann fjarlæg öskur og læti utan af götu, þar fóru hópar fyrrverandi hermanna um með látum í til-

efni þess að í dag, 11. nóvember 1919, var rétt ár liðið frá uppgjöf Þýskalands, upp- gjöf sem þá hafði verið svo langbráð en virtist nú æ skammarlegri eftir því sem lengra leið.

„Þú þarft ekki að velta honum við,“ sagði Moshe lágróma enda hafði ekki farið fram hjá honum hvað Egon kveidi því að horfast í augu við tætt andlit líksins. „Ég veit hver hann er. Ég hitti húsvörðinn niðri, hann sagði mér það.“

„Nú jæja,“ sagði Egon styggur. „Og hve- nær hafðirðu hugsað þér að deila þessari þekkingu með mér?“

„Hermaður, um þrítugt,“ sagði Moshe og skaut sér ósjálfrátt í réttstöðu.

„Líklega Austurríkismaður af hreimnum að dæma. Hús- vörðurinn heldur að hann sé enn í hernum en hann er þó sjaldan einkennis- klæddur. Virðist mjög æstur yfir pólitík. Með- limur í einum af þessum örlitlu æsingaflokkum sem endalaust eru að spretta upp. Kemur stundum hingað með einhverja féлага sína og þeir rausa fram á nótt. Aðal- lega er það víst hann sem talar. Og þó hann sé einn heima á kvöldin, þá talar hann víst við sjálfan sig. Heldur þrumuræður hér í holunni, aleinn. Hús- vörðurinn heldur að hann sé að æfa sig.“

„Jahérna,“ glotti Egon. „Þeir eru margir pólitíkusanir núorðið! Hvað hét svo þessi ræfill?“

„Hitler,“ sagði Moshe.

„Adolf Hitler.“

„Jæja,“ dæsti Egon. „Reynum að finna út hver drap greyið. Þótt hann hafi kannski bara verið einhver einskis verður Austur- ríkismaður, sem engu skiptir í veraldar- sögunni hvort lifir eða deyr, þá leyfist náttúrulega engum að myrða hann.“

„Hvað ef“ sagnfræði

Þetta upphaf er sett saman til skemmt- unar Guðna Th. Jóhannessyni sagnfræð- ingi sem nú er farinn að kenna námskeið við Háskóla Íslands um „Hvað ef“-sögu. Hvaða afleiðingar hefði það haft í mann- kynsögunni ef eitthvað hefði farið örlítið öðruvísi en raun varð á. Ég hef ævinlega haft sérlega gaman af slíkum hugleið- ingum, og saga Adolfs Hitler hlýtur alltaf að skjóta fljótt upp kollinum þegar menn velta svona hlutum fyrir sér. Einfaldlega af því upphaf og hörmungar síðari heims- styrjaldarinnar eru í vitund okkar svo órjúfanlega tengd hans persónu. Og hvað gerist þá ef hann er tekinn út úr jöfnunni? Í því tilfelli sem ég hef búið hér til: Ef Hitler hefði nú verið myrtur af einhverjum



RITHÖFUNDURINN



SAGNFRÆÐINGURINN



HINN ÓHJÁKVÆMILEGI?

óþekktum manni í nóvember 1919, aðeins tveim mánuðum eftir að hann gekk í Þýska verkamannaflokkinn, sem þróaðist yfir í nasistahreyfinguna. Það gekk ýmislegt á í Þýskalandi í miðju hrúninu eftir ósigurinn í fyrri heimsstyrjöldinni og enginn hefði veitt því sérstaka athygli ef óbreyttu dátinn Hitler, ómenntaður og að því er best var vitað hæfileikalaus með öllu, hefði fallið fyrir morðingjahendi.

Hugleiðingar um „Hvað ef“-sögu hafa hingað til ekki alltaf fengið mikið pláss í akademískum sögurannsóknum, þar hafa menn gjarnan hneigst til að líta svo á að það sem gerðist í reynd hljóti að hafa verið óhjákvæmilegt og út í hött sé að velta fyrir sér einhverjum öðrum möguleikum. En í reynd er hjásaga, eins og einnig má kalla fyrirbærið, ekki aðeins skemmti- leg, heldur getur reyndar aukið mjög við dýpt söguskilnings okkar – einmitt með vangaveltum um hvað var óhjákvæmi- legt að gerðist, og hvað var kannski háð duttlungum og tilviljunum.

Varð með engu móti komist undan skelf- ingum seinni heimsstyrjaldar? Voru það á einhvern hátt örlög hinnar menningar- ríku þýsku þjóðar að standa aðgerðalaus hjá og jafnvel taka virkan þátt þegar leið- togar hennar misstu sig í einhverjum ótrú- legustu blóðfórnum sögunnar? Var engin leið að komast hjá þessu? Og hvað hefði þá gerst?

Sögunni troðið í svipað mót

Reyndar er það ótrúlega sterk tilhneiging þeirra sem velta fyrir sér hjásögu að troða sögunni fyrr eða síðar aftur í næstum því það sama mót og hún fór í. Nefna má skáldsöguna Making History sem leik- arinn Stephen Fry gaf út árið 1997. Þar gefur hann sér sömu forsendu og ég var að leika mér með í upphafi þessarar greinar – hann fjarlægir sem sé Hitler úr sögunni. Og niðurstaða hans er sú að það hefði litlu breytt og ef eitthvað er, hefði sagan orðið heldur verri án Hitlers en með honum. Það hefði einfaldlega komið fram einhver annar sams konar einræðisherra í Þýska- landi, nema þessi hefði ekki klúðrað stríðs- rekstrinum jafn illa og Hitler gerði, og því hefði þýskt kúgunarríki á endanum hrósað sigri í Evrópu. Þjóðernisofstopi, gyðinga- hatur og hernaðarhyggja hefðu einfald- lega verið svo sterkir þættir í þýsku þjóð- lífi eftir fyrri heimsstyrjöld að Hitler (eða einhver mjög svipaður honum) hefði verið óhjákvæmilegur. Með öllum þeim hryllingi sem á eftir fylgi.

Ég held ekki. Allan þriðja áratuginn í Þýskalandi otaði Hitler fram þjóðernis- ofstopa sínum og gyðingahatri. Já, hann náði athygli og nokkru fylgi, en hvergi nærri nógu miklu til að komast til valda. Það var ekki fyrr en við kreppuna 1929 sem fylgi nasista rauk upp, en ástæðan var fyrst og fremst óánægja Þjóðverja með atvinnuleysið. Árið 1933 var fylgi nasista byrjað að dala en þá komst Hitler til valda vegna innbreyðis sundrunar ann- arra stjórnsmálahreyfinga. Það hefði alls ekki þurft að gerast. Og „ein hver annar“ lýðskrumari hefði ekki óhjákvæmilega náð sömu stöðu. Og Þjóðverjar þráðu ekki í stórhópum fjöldamorð á gyðingum. Þær ráðstafanir gegn atvinnuleysi sem komu landinu á skrið á ný voru flestar í undir- búningi áður en nasistar komu til, en þeir þökkðu sér árangurinn. Og smátt og smátt fylgdi þýska þjóðin þeim út í af hengifluginu.

Draumur að vera með dáta?

Mín skoðun er sú að seinni heims- styrjöldin hafi ekki verið óhjákvæmileg. Ef þeir Egon og Moshe hefðu í raun staðið yfir líki Hitlers 1919 hefði kannski á end- anum komið til margvíslegra átaka í Evr- ópu en hin stóra styrjöld hefði ekki átt sér stað. Hrunið mikla 1945, sem leiddi til tví- skiptingar Evrópu í áhrifasvæði Banda- ríkjanna og Sovétríkjanna, hefði varla orðið. Þar með er því miður líklegt að margvísleg smærri stríð hefðu getað brot- ist út, jafnvel ríkja í Vestur-Evrópu, þegar enginn var sameiginlegur óvinur. Og það er algjörlega óvíst hvernig farið hefði fyrir Sovétríkjunum ef þau hefðu ekki náð tangarhaldi yfir allri Austur-Evrópu vegna feigðarflans Hitlers. Ofsóknir gegn gyðingum og öðrum minnihlutahópum hefðu sjálfsagt víða átt sér stað og af miklum hryllingi, en hin vísindalegu gyð- ingamorð hefðu alveg áreiðanlega aldrei átt sér stað. Þar með hefðu ríki Vestur- landa heldur aldrei hleypt af stokkunum Ísraelsríki og að minnsta kosti alls ekki stutt það svo dyggilega eins og raun ber vitni. Saga Miðausturlanda hefði orðið allt, allt önnur. Og raunar saga heims- ins alls – því nýlenduveldi Breta, Frakka og fleiri Evrópuþjóða hefði staðið mun lengur, ef Evrópuríkjunum hefði ekki blætt út í seinni heimsstyrjöldinni.

Hvað hefði breyst á Íslandi? Engin her- seta Breta 1940, það er öruggt. Enginn draumur að vera með dáta, svo mikið er víst.

HINSEGIN FERÐ
til **KANARÍ**
með **Sigga & Ragga!**
3.-19. Desember

MEDAL ANNARS VERÐUR BOÐIÐ UPP Á:
Bátsferð – Gay Sigling // Pikk Nikk // Gönguferð um gamla bæinn í Las Palmas // Verslunarferð í Las Palmas

NÁNAR Á URVALUTSYN.IS

“Mín skoðun er sú að seinni heimsstyrjöldin hafi ekki verið óhjákvæmileg.”

ORKU 10 ÁRA

húsið

Læknastöðin
3.700 stoðkerfis-
aðgerðir á ári. BLS. 2

Sjúkrahjálfun Íslands
Alhliða sjúkrahjálfun.
BLS. 3

Röntgendeild
Sérhæfð í stoðkerfis-
sjúkdómum. BLS. 3

Flexor
Göngugreining
og fleira. BLS. 4

Orkuhúsið fagnar tíu ára afmæli um þessar mundir. Þar er rekin stærsta sérhæfða meðferðarstöð landsins.



Samhæfð og skilvirk þjónusta

Orkuhúsið að Suðurlandsbraut 34 fagnar tíu ára afmæli um þessar mundir. Það er stærsta sérhæfða meðferðarstöð landsins en þjónustan snýr fyrst og fremst að þeim sem glíma við stoðkerfisvandamál. Þar starfar fjöldi sérfræðinga á sviði bæklunarlækninga, myndgreininga, sjúkrahjálfunar og stoðtækjþjónustu þannig að viðskiptavinir hússins fá skjóta, samhæfða greiningu og meðferð.

Þó að starfsemin hafi farið fram í Orkuhúsinu frá árinu 2003 á hún sér lengri sögu. „Upphafið má rekja til Læknastöðvarinnar, sem var stofnuð árið 1997 af þremur bæklunarlæknum og svæfingarlækni. Læknarnir höfðu áður gert stoðkerfisaðgerðir á Landakoti en þegar sjúkrahúsinu var breytt í öldrunarsjúkrahús þurfti að finna aðgerðunum annan farveg,“ segir Sigurður Ásgeir Kristinnsson bæklunarlæknir, sem er framkvæmdastjóri Orkuhússins og Læknastöðvarinnar. „Þetta voru svokallaðar dagaðgerðir, sem ómögulegt var að leggja af. Þörfin



Sigurður Ásgeir Kristinnsson

„Nafnið kom af sjálfu sér. Hér hafði Orkuveitan áður verið en orka er ekki eingöngu hiti og rafmagn heldur allt eins starfsorka og lífsorka.“

var brýn og biðlistarnir voru fljótir að hrannast upp. Þá varð úr að menn keyptu gamla læknastöð í Álftamýri. Byrjað var með fimm læknastofur og tvær skurðstofur í kjallara. Fljótlega bættust fleiri bæklunarlæknar, sem höfðu verið með stofur annars staðar, í hópinn og innan tíðar þurfti stærra rými utan um starfsemina,“ segir Sigurður og heldur áfram: „Við stóðum þá frammi fyrir því að kaupa allt húsið þar sem meðal annars var starfrækt apótek eða fá ekkert og varð því úr að við keyptum allt húsið. Í kjölfarið fórum við að púsla inn í það alls konar starfsemi í sama geira og fengum Íslenska myndgreiningu, sem sér um röntgenþjónustuna, og Sjúkrahjálfun Íslands til liðs við okkur. Í apótekinu var síðan byrjað að markaðssetja stoðtækjavörur í samvinnu við Stoðtækni,“ upplýsir Sigurður, en þarna var kominn vísir að Orkuhúsinu eins og það er rekið í dag.

Starfsemin var hins vegar fljót að sprengja þá 1.700 fermetra sem hún hafði til umráða í Álftamýrinni utan af sér. „Einhverjar hugmyndir voru um að byggja við Álftamýrina, eins og búið er að gera í dag, en á sama tíma fengum við fréttir af því að fasteignin að Suðurlandsbraut 34, þar sem Orkuveita Reykjavíkur hafði verið til húsa,

stæði auð, en hér er um rúma 4.000 fermetra að ræða.“ Á vormánuðum 2003 var að sögn Sigurðar ákveðið að flytja starfsemina þangað.

„Við tók nokkurra mánaða vinna við að gjörbreyta húsnæðinu til að það hentaði starfseminni. Íslensk myndgreining tók yfir matsalinn og skurðstofan er nú í gömlu fundalálmunni, svo dæmi séu nefnd. Þetta var þó allt gert af miklum myndugleika og við opnuðum laust eftir verslunarmannahelgi sama ár.“

Sigurður segir nafnið hafa komið af sjálfu sér. „Hér hafði Orkuveitan áður verið en orka er ekki eingöngu hiti og rafmagn heldur allt eins starfsorka og lífsorka.“

Í húsinu voru áfram sömu fyrirtæki og verið höfðu í Álftamýri; Læknastöðin, Íslensk myndgreining og Sjúkrahjálfun Íslands. Við verslunarrekstrinum tók hins vegar innanlandsdeild Össurar. Starfsemi innanlandsdeildarinnar fór fram á fyrstu hæð og hluta annarrar hæðar en þegar Össur hætti innanlandsrekstri í þeirri mynd sem þá var tók Lyf og heilsa yfir verslunarreksturinn og rekur nú verslunina Flexor á fyrstu hæð. Stoðtækjafyrirtækið Stoð tók svo við stoðtækjþjónustu á annarri hæð.“

Nýverið hefur Stoð þó að sögn Sigurðar minnkað móttöku sína í

Orkuhúsinu. „Stoð verður áfram með móttöku hjá okkur en starfsemin mun framvegis að mestu fara fram í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Hafnarfirði.“ Læknastöðin og Sjúkrahjálfunin hafa tekið við plássi Stoðar og er að sögn Sigurðar verið að opna fjórðu skurðstofuna þar um þessar mundir. Þar verða gerðar minni aðgerðir í staðdeygingu en sú stofa er líka hugsuð fyrir verkjameðferðir þegar fram líða stundir.

Orkuhúsið er sem fyrr segir stærsta sérhæfða meðferðarstöð landsins. „Læknastöðvar á Íslandi hafa í auknum mæli verið að sérhæfast; sumar leggja áherslu á háls-, nef- og eyrnalækningar og aðrar meltingar-, húð- eða lyflækningar svo dæmi séu nefnd. Orkuhúsið er þó annað og meira en læknastöð enda boðið upp á röntgen- og skurðþjónustu ásamt sjúkrahjálfun, stoðtækjþjónustu og verslun. Þjónustan er því gríðarlega vel samhæfð og það kunna viðskiptavinir okkar að meta, enda yfir hundrað þúsund komur í húsið árlega,“ segir Sigurður.

Í tilefni af tíu ára afmæli starfseminnar í Orkuhúsinu verður efnt til starfsmannagleði í lystigarði hússins í dag. „Þá verður ráðist í að bæta merkingar í húsinu til upplýsingar fyrir þá sem hingað koma.“

Sífelld framþróun í aðgerðum

• LÆKNASTÖÐIN

Á Læknastöðinni eru gerðar um 3.700 stoðkerfisaðgerðir á ári og fer þeim fjölgandi.

Ferlið er gjarnan þannig að fólk byrjar hjá lækni og fer síðan í rannsóknir á röntgendeildinni og þaðan ef til vill í aðgerð og/eða sjúkraþjálfun. Það getur líka byrjað á hinum endanum; pantað tíma í sjúkraþjálfun en verið vísað þaðan til læknis ef hún dugar ekki til,“ útskýrir Sigurður Ásgeir Kristinsson, framkvæmdastjóri Læknastöðvarinnar. Hann segir flæðið innanhúss mjög gott, en þar getur fólk auk áður nefndar þjónustu nálgast stoðtækjavörur og stuðningshlífur og komið í göngugreiningu svo dæmi séu nefnd. „Það er frekar auðvelt að komast að þó að vissulega séu einhverjir biðlistar. Þegar fólk er hins vegar komið að í húsinu gengur þjónustan yfirleitt hratt fyrir sig.“

Tuttugu og fimm lækna starfa við stöðina, þar af níttján bæklunarlækna og einn læknir í sérnámi bæklunarlækninga, en læknastöð Orkuhússins er eina læknastöðin sem er með námsstöðu. „Þar erum við í samstarfi við Háskóla Íslands, Bæklunarskurðeild Landspítalans, Íslenska bæklunarlæknafélagið og Sjúkratryggingar Íslands. Um er að

ræða lækna sem hafa verið í starfsnámi á Bæklunardeild Landspítalans í ár en koma svo í sex mánuði til okkar. Ástæðan er meðal annars sú að stór hluti bæklunaraðgerða landsins er framkvæmdur hér. Þess utan starfa fimm svævingar- og deyfingalækna við stöðina ásamt 21 starfsmanni í mismunandi starfshlutföllum. Flestir lækna starfa eingöngu í Orkuhúsinu.“

Komur á læknastöðina eru um 21 þúsund á ári og skiptast nokkuð jafnt í nýkomur og endurkomur, sem eru yfirleitt ein til þrjár. „Yfirleitt kemur fólk í nýkomu, fer svo ef til vill í aðgerð, sjúkraþjálfun eða annað. Ef það fer í aðgerð kemur það í eina endurkomu og í flestum tilfellum er þá málið leyst. Þeir sem eru með þrálát vandamál koma þó vissulega oft. Tæplega fimm-tíu prósent sjúklinga koma á tilvísunum en 35 prósent þar fyrir utan hafa ekki áður fengið lausn sinna mála annars staðar í heilbrigðiskerfinu og leita því til okkar á eigin vegum, samkvæmt upplýsingum úr skráningarkerfi okkar. Auk þess erum við í mjög góðu samstarfi við aðra heilbrigðisstarfsmenn, svo sem innan Landspítalans og heilsugæslunnar,“ segir Sigurður.

Á Læknastöðinni eru gerðar um 3.700 aðgerðir á ári og mun þeim líklega fjölga með tilkomu nýju skurðstofunnar. „Þetta eru ýmiss konar aðgerðir á liðum, vöðvum



Hér má sjá lækna Ágúst Kárason og Brynjólf Jónsson framkvæma krossbandsaðgerð fyrir í vikunni, en það er með stærri aðgerðum sem gerðar eru í Orkuhúsinu. MYND/GVA

og beinum ásamt liðspeglum á öllum stærstu liðum útlíma en auk þess ýmsar handa- og fótadaðgerðir. Undanfarnir ár höfum við svo boðið upp á sérhæfða verkjameðferð hvað snertir háls- og bakeysli en þó ekki í sama magni síðustu tvö ár, einfaldlega vegna þess að læknirinn sem hafði umsjón með henni flutti tíma-bundið af landi brott. Stefnir er þó að

því að hefja slíkar meðferðir fljótlega aftur. Eins standa vonir um slíggigtar- og beinþynningarmóttöku.“

Sigurður segir lækna stöðvarinnar framkvæma ýmiss konar stórar aðgerðir sem áður fyrr voru einungis gerðar á innliggjandi sjúklingum, meðal annars krossbandsaðgerðir. „Þegar St. Jósefsspítala í Hafnarfirði var lokað tókum við

yfir flestar af þeim aðgerðum sem þar voru gerðar á innliggjandi sjúklingum og eru þær nú gerðar í dagaðgerðum hjá okkur, þar á meðal stórar axlaraðgerðir. Það er svo aldrei að vita nema við förum einhvern tímann út í enn stærri aðgerðir sem krefjast innlagnar, enda fleytir tækninni fram og legutími styttest.“



Læknar Orkuhússins framkvæma ýmiss konar stórar aðgerðir sem áður fyrr voru einungis gerðar á innliggjandi sjúklingum.



VÍTAMÍN & BÆTIEFNI

Kynningarblað
Fjöl vítamíníð Allt í einni,
magnesiumsprey og
mysuprótein notað í
matargerð.



HALTU ÞÉR GANGANDI

NUTRITION BARS
ZONE
Perfect

ZonePerfect næringar-
stykki eru einstaklega
bragðgóður millibiti.
Þau eru hlaðin vítamínum
og næringarefnum sem
þú þarft til að halda þér
gangandi.



PIPAKTÍVA • SÍA

Við eyddum mánuðum, stundum árum, í að fullkomna bragðtegundirnar.

19
vítamín &
steinefni

12g
prótein

Frábært
bragð

Kom mér á óvart hvað spreidd virkar frábærlega

Sigrún Björg Ingvadóttir er einn af vinsælustu einkaþjálfurum og hóptímakennurum í World Class og hugsar vel um heilsuna. Hún leggur mikla áherslu á að hafa gaman af lífinu, setja sér raunhæf markmið og hugsa jákvætt. Hún kolféll fyrir magnesíumspreyi sem minnkar vöðvastífleika, eykur orkuna og minnkar fótapíring sem hún fær stundum á kvöldin.

Ég hefði aldrei trúað því hvað spreidd virkar fljótt og vel,“ segir Sigrún, sem hefur notað magnesíumsprey frá Better You, bæði Original og Sport, síðan í vor og finnur mikinn mun á endurheimt eftir æfingar og orku.

„Ég hef notað spreidd eftir erfiðar æfingar og fæ síður harðsperrur og er fljóttari að ná upp orkunni. Eins reif ég kálfavöðva fyrir nokkrum árum og finn stundum fyrir stífleika og vöðvakrampa þar við mikið álag en spreidd slær fljótt á það þegar slíkt gerist.“

Sigrún sýndi úðunum fyrst áhuga starfs síns vegna og langaði að prófa hvort þeir hjálpuðu henni enda spennandi nýjung og magnesíum eitt þeirra steinefna sem þarf að passa að líkaminn fái nóg af. Nú er hún farin að benda viðskiptavinum sínum á að prófa spreyn enda ansi margir sem fá harðsperrur, vöðvakrampa, eiga erfitt með svefn eða eru með meltinguna í ólagi.

„Það er frábært að geta borið þetta beint á húðina og að magnesíum

skili sér strax inn í kerfið. Skjólstæðingar mínir sem hafa prófað eru mjög ánægðir með árangurinn. Ég hef líka notað þetta á kvöldin því ég fæ af og til fótapíring, sérstaklega ef ég drekk of mikið kaffi eða fæ mér eitt rauðvínsklas og þetta slær strax á fótapíringinn,“ segir Sigrún spök á svip.

Áhersla á að njóta og láta sér líða betur

Sigrún hefur í gegnum tíðina ekki lagt mikla áherslu á fæðubótarefni nema í litlu magni og hvetur fólk fyrst og fremst til að borða hollan og góðan mat og hafa fjölbreytileikann í fyrirrúmi.

„Það er ekkert bannað en fólk verður að fylgjast með því hvernig því líður eftir máltíðir. Það má ekki gleyma að matur er bæði félagslega

og tilfinningalega tengdur okkur og öllum hollt að skoða matarhegðun sína. Mér finnst skipta miklu máli að fólk læri að hlusta á líkam-



Magnesíumvörurnar frá Gengur vel.

ann og muna að góðir hlutir gerast hægt. Það eru ekki kílóin sem skipta höfuðmáli heldur hvort og hvernig við getum notað líkam-

ann,“ segir Sigrún. Hún hefur í gegnum tíðina lagt áherslu á það við sína skjólstæðinga að vera þakklátir fyrir það sem

þeir geta gert og velja hverju þeir vilji breyta í sínu daglega lífi til að létta lífið.

„Mér finnst orka, svefn og slökun skipta miklu máli og magnesíumúðinn hefur hjálpað mér til að ná enn betra jafnvægi milli hreyfingar og slökunar. Mér líður vel og er full af orku. Ég hef prófað að spreya beint út í baðvatnið en nú veit ég að það eru líka til magnesíumflögur frá Better You og hlakka til að prófa þær næst,“ segir Sigrún brosandí að lokum.




Sport



Original



Goodnight



Sigrún Björg Ingvadóttir, einkaþjálfari og hóptímakennari í World Class, mælir með magnesíumspreyjum frá Better You.

HVAR?

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ hóf starfsemi 2009 og nú eru um 260 nemendur og 25 starfsmenn í skólanum. Gert er ráð fyrir að eftir 2-3 ár verði nemendur um 500 og starfsmenn um 50. Skólinn kennir sig við auðlindir og umhverfi í viðum skilningi og leggur áherslu á að vera í góðum tengslum við umhverfi sitt, bæði hvað varðar listir og menningu, íþróttir og lýðheilsu og annað það sem einkennir mannlíf í Mosfellsbæ. Skólinn er framhaldsskóli með áfangasniði þar sem í boði eru stúdentsbrautir, styttri námsbrautir og almenn námsbraut. Helstu áherslupunktur í kennsluháttum skólans eru fjölbreyttar verkefnamiðaðar kennsluáðferðir og margs konar námsmat með sérstakri áherslu á leiðsagnarmat.

Matreiðslumaður – nýtt mötuneyti

Laus er til umsóknar staða faglærðs matreiðslumanns til að stýra nýju mötuneyti Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Skólinn flytur í nýtt skólahúsnæði í lok árs 2013 og frá janúar 2014 verður rekið mötuneyti fyrir nemendur og starfsmenn. Mötuneytið verður rekið í anda heilsueflandi framhaldsskóla og áhersla lögð á hollan, góðan og næringaríkan mat sem höfðar til ungs fólks.

Matreiðslumaðurinn sér um daglegan rekstur mötuneytisins og tekur þátt í uppbyggingu þess með stjórnendum.

- Starfshlutfall 100%
- Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Leitað er að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á matargerð, sérstaklega hollustu og heilbrigðu mataræði. Viðkomandi þarf að vera hugmyndaríkur og sjálfstæður í vinnubrögðum, hafa farsæla reynsla af svipuðum rekstri og góða færni í mannlegum samskiptum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. desember 2013.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um

menntun og fyrri störf skulu hafa borist Guðbjörgu Aðalbergsdóttur skólameistara í netfangið gudbjorg@fmos.is eða Guðrúnu Guðjónsdóttur aðstoðarskólameistara í netfangið gudrun@fmos.is. Einnig er hægt að senda umsóknir í pósti: Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Brúarlandi, 270 Mosfellsbær. Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 30. september 2013. Umsóknir þurfa ekki að vera á sérstökum eyðublöðum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veitir skólameistari í netfangi gudbjorg@fmos.is eða í síma 864-9729 og aðstoðarskólameistari í netfangi gudrun@fmos.is eða í síma 845-8829. **Á vef skólans www.fmos.is má einnig finna ýmsar upplýsingar um skólann.**

Skólameistari

Eld
Smíðjón

Viltu stýra skútunni?

Okkur vantar öflugan aðstoðar veitingastjóra til starfa á Eldsmíðjunni.

Viðkomandi þarf að búa yfir skipulagshæfni, eldmóði og félagslyndi. Um er að ræða vaktavinnu og starfshlutfallið er 100% eða 72%.

Sæktu um hér:

atvinna@foodco.is — umsokn@foodco.is

Ef þú hefur gaman af fólki og góðum mat, ert eldri en 25 ára og vilt vinna hjá traustu og skemmtilegu fyrirtæki með einstakan starfsanda — þá skaltu endilega sækja um.





Deildarstjóri upplýsingakerfa

Ert þú öflugur stjórnandi með áhuga á upplýsingatækni? Þá gæti starf deildarstjóra upplýsingakerfa hjá Vodafone verið framtíðarstarfið þitt. Deildin sér um rekstur upplýsingakerfa fyrirtækisins og gegnir því lykilhlutverki fyrir starfseminna. Sem deildarstjóri sérð þú um að stýra verkefnum deildarinnar, tryggir að hún hafi skýra framtíðarsýn og fylgi henni eftir af festu.

Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf.

Umsóknarfrestur er til og með 22. september 2013.

Góð samskipti bæta lífið



Samtök um kvennaathvarf leita að starfskonunni á vaktir í Kvennaathvarfinu

Starfið er krefjandi og fjölbreytilegt og felst meðal annars í viðtalsþjónustu, símsvörun, stuðningi við dvalarkonur og þátttöku í daglegu lífi athvarfsins. Margs konar menntun og starfsreynsla nýtist í starfi, góð enskukunnátta er nauðsynleg og önnur tungumálakunnátta æskileg. Mikilvægt er að starfskonur búi yfir áhuga og þekkingu á ofbeldi í nánsum samböndum, samstarfshæfileikum, ábyrgð og frumkvæði. Umsóknum skal skilað til Samtaka um kvennaathvarf í pósthólf 1486, 121 Reykjavík eða netfangið sigthrudur@kvennaathvarf.is fyrir 27. september.

Upplýsingar veitir Sigþrúður Guðmundsdóttir
framkvæmdastýra í síma 561 3720.



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Embætti héraðsdómara I aust til umsóknar

Samkvæmt ákvæðum laga um dómstóla nr. 15/1998, auglýsir innanríkisráðuneytið laust til umsóknar embætti dómara sem ekki mun eiga fast sæti við tiltekinn dómstól, heldur sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir því sem honum kann að verða úthlutað málum við hvern þeirra í skjóli almennra heimilda dómstólaráðs. Dómstólaráð hefur ákveðið að starfsstö héraðsdómarans verði við héraðsdóm Reykjaness, sbr. 15. gr. laga nr. 15/1998.

Miðað er við að skipað verði í embættið frá og með 3. nóvember 2013 eða hið fyrsta eftir að nefnd um hæfni dómara hefur lokið starfi sínu í samræmi við 4. gr. a, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 og reglur um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti nr. 620/2010. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) núverandi starf, 2) menntun og framhaldsmenntun, 3) reynslu af dómstörfum, 4) reynslu af lögmannsstörfum, 5) reynslu af stjórnsýslustörfum, 6) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 7) reynslu af stjórnun, 8) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 9) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 10) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 11) upplýsingar um tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 og 12) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf héraðsdómara.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsækjendur gefi **einnig upp netfang sem notað verður til að eiga samskipti við umsækjendur.**

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík og á netfangið postur@irr.is, eigi síðar en 27. september næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Innanríkisráðuneytinu,
12. september 2013.

Fjölgun starfa á Norðurlandi

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að fjölga störfum á Norðurlandi með því að flytja þjónustuver sem rekið hefur verið í Reykjavík til Akureyrar og Siglufjarðar. Því eru 5-6 störf þar laus til umsóknar, þar af eitt tímabundið.

Á starfsstöðvum RSK á Akureyri og Siglufirði eru nú 23 starfsmenn sem vinna fyrst og fremst við álagningu einstaklinga, símapjónustu auk þess að sinna nærþjónustu. Nú er tækifæri fyrir öflugum og jákvæðum einstaklingum að ganga til liðs við hópinn.

Helstu verkefni eru símsvörun í þjónustuveri og á skiptiborði, upplýsingagjöf um skattamál, afgreiðsla skattkorta og annarra gagna sem viðskiptavinir óska eftir.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Fáguð framkoma, jákvæðni, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Gott vald á íslensku í töluðu og rituðu máli.
- Enskukunnátta. Önnur tungumálakunnátta kostur.
- Öguð og skipulögð vinnubrögð ásamt hæfileika til að vinna undir álagi.
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi.

Reynsla af sambærilegu starfi er kostur, en ekki skilyrði. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Þeir sem ráðnir verða til starfa þurfa að reikna með u.p.b. tveggja vikna grunnþjálfun sem fer að hluta fram í Reykjavík.

Frekari upplýsingar veitir Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri RSK í síma 442-1151.

Umsóknarfrestur er til og með 28. september 2013. Umsókn skal fylla út á webbáttisins, rsk.is/starf og láta ferilskrá fylgja með í viðhengi. Umsóknir gilda í 6 mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðkomandi stéttarfélag.

Ríkisskattstjóri annast álagningu opinberra gjalda og annarra skatta, sem og skatteftirlit. Starfsmenn eru um 250 á níu starfsstöðvum. Meginstefna RSK í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli og unnið er eftir gildunum: Fagmennska – Jákvæðni – Samvinna.





Toppfiskur ehf. óskar eftir Rafvirkja í viðhaldsdeild

Starfssvið

Rafvirki starfar við uppsetningu véla og tækja, viðhald, viðgerðir og eftirlit með raftækjum, rafkerfum og rafbúnaði til vinnslu. Rafvirki ber ábyrgð á að öll tæki séu í besta ástandi sem mögulegt er.

Hæfniskröfur

- **Menntun:** Rafvirkjamenntun, Vélskólamenntun eða lðnaðarmenntun sem nýtist í starfi.
- **Reynsla:** Reynsla úr sjávarútvegi eða fiskvinnslu. Þekking á kælikerfum.
- **Sérstakar hæfniskröfur:** Almenn tölvukunnátta. Sjálfstæði, skipulögð og vönduð vinnubrögð. Lipurð í mannlegum samskiptum, frumkvæði, áhugi, þjónustulund, snyrtimennska og stundvísi.

Umsóknarfrestur er til og með 21. september nk. Umsóknir með ferilsskrá og afritum af prófskránum óskast sendar á netfangið: annamarta@toppfiskur.is

NORÐLENSKA

Kjötiðnaðarmaður

Norðlenska óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmann í kjötvinnslu fyrirtækisins á Akureyri. Um er að ræða fjölbreytt starf í vinnslu, m.a. umsjón með reykt- og suðuklefum, söltun, skinkugerð, afleysing í lögum og fleira sem verkstjóri felur viðkomandi.

Hæfniskröfur:

- Sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og frumkvæði
- Góð samskiptahæfni og jákvæðni
- Fagmennska og geta til að vinna undir álagi
- Góð tölvu- og íslenskukunnátta

Frekari upplýsingar veitir Eggert H. Sigmundsson vinnlustjóri í síma 840 8858 eða netfang eggerts@nordlenska.is.

Áhugasamir geta sent ferilsskrá á netfangið jona@nordlenska.is eða fyllt út eyðublað á www.nordlenska.is.

Umsóknarfrestur er til 27. september 2013.

Öllum umsækjendum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.

Norðlenska er eitt öflugasta matvælaframleiðslufyrirtæki landsins, með stórgripasláturhús og kjötvinnslu á Akureyri, sauðfjársláturhús og kjötvinnslu á Húsavík, sauðfjársláturhús á Höfn og söluskrifstofu í Reykjavík. Starfsmenn eru um 180 talsins og um 320 meðan á sauðfjársláturtíð stendur. Meðal þekktustu vörumerkja Norðlenska eru Goði, KEA, Húsavíkur hangikjöt og Bautabúrið.

VILT ÞÚ STARFA Í BANKA ATVINNULÍFSINS?

Tekur þú vel á móti gestum?

Við hjá MP banka leggjum mikla áherslu á að taka vel á móti viðskiptavinum okkar og gestum bankans. Við óskum eftir að ráða starfsmann við móttöku viðskiptavina, símsvörun og fundausjón.

Starfssvið og ábyrgð

- Móttaka viðskiptavina og gesta
- Símsvörun og fundausjón
- Umsjón með pósthjónustu og ýmsum innkaupum
- Skrifstofustörf og stuðningur við öll svið bankans
- Ferðabókanir

Hæfni og þekking

- Fágúð framkoma, gott viðmót og lipurð í samskiptum
- Þjónustulund og vilji til að sinna þörfum viðskiptavina
- Gott vald á íslensku og ensku, í rituðu og töluðu máli
- Góð almenn tölvukunnátta
- Sveigjanleiki og skipulagshæfni

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Hildur Þórisdóttir, hildur@mp.is, forstöðumaður markaðs- og mannauðssviðs. Umsóknarfrestur er til og með 27. september n.k.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu MP banka, www.mp.is eða sendið umsóknir á starf@mp.is. Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilsskrá og kynningarbréf. Farið er með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Um MP banka

MP banki hf. á rætur sínar að rekja til ársins 1999 og starfa 130 starfsmenn í samstæðu bankans. Forstjóri er Sigurður Atli Jónsson og formaður stjórnar er Þorsteinn Pálsson. Eignarhald MP banka er gagnsætt og er eini bankinn sem er að fullu í eigu einkaaðila, s.s. lífeyrissjóða, fyrirtækja og einstaklinga.

MP banki sérhæfir sig í að veita íslensku atvinnulífi, athafnafólki, fjárfestum og sparifjareigendum úrvals bankþjónustu, auk alhliða þjónustu á sviði fjárfestingabankastarfsemi og eignastýringar. Starfsemi bankans skiptist í fjögur meginsvið: fjárfestingabankasvið, eignastýringarsvið, viðskiptabankasvið og eignaleigusvið.

Ármúli 13a / Borgartún 26 / +354 540 3200 / www.mp.is

mpbanki
banki atvinnulífsins



Vilt þú skapa góðar minningar?

Nordic Visitor leitar að öflugum starfsmönnum í fjölbreytt og skemmtileg störf.

- Starfsmaður í hópadeild
- Bókhaldsfulltrúi

Nordic Visitor er framsækin ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í sérsníðnum pakkaferðum fyrir einstaklinga og hópa til allra Norðurlanda sem og fyrirtækjaferðir til Íslands og Svíþjóðar.

Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti síðan það var stofnað árið 2002 og er í dag eitt af stærstu ferðaþjónustufyrirtækjum Íslands með um 50 starfsmenn. Við bjóðum uppá lifandi vinnustað með fjölbreyttum áskorunum og frábæra starfsaðstöðu í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Briartúni.

Nánari upplýsingar um þessi störf er að finna á vef Nordic Visitor: www.nordicvisitor.com/career/

NORDIC VISITOR

Vélstjóri Fjarðabyggðarhöfnum

Auglýst er laust til umsóknar starf vélstjóra við Fjarðabyggðarhafnir. Um er að ræða fullt starf.

Starfið felur í sér vélstjórn dráttarbáts Fjarðabyggðarhafna, auk annarra hafnarstarfa. Starfið er lifandi og kallar á mikil samskipti við fólk og fyrirtæki. Nánari lýsingu á starfinu og hæfniskröfum er að finna á heimasíðu Fjarðabyggðar www.fjardabyggd.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag. Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá og afriti af réttindaskírteinum skulu berast skrifstofu Fjarðabyggðar eigi síðar en **þriðjudaginn 30. september 2013 merkt „Vélstjóri“**.

Upplýsingar um starfið veitir Steinþór Pétursson, framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna í síma 470-9000, [netfangið steinthor.petursson@fjardabyggd.is](mailto:netfangið.steinthor.petursson@fjardabyggd.is).

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum og eru konur hvattar til að sækja um.

Mjólfjörður

Norðfjörður

Eskifjörður

Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður

Stöðvarfjörður



HAFNARFJÖRÐUR

www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarða Lausar stöður í grunnskólum

Áslandsskóli (664 5501 leifur@aslandsskoli.is)
Íþróttakennsla, umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Öldutúnsskóli (555 1546/664 5898
valdimar.vidisson@oldtunsskoli.is)

Stærðfræðikennsla á unglingsstigi.

Um er að ræða 100% starf og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst.

Allar upplýsingar veita skólalæstarar viðkomandi skóla. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu skólanna.

Umsóknarfrestur er til og með **20. september 2013**. Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarða eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

Sölu- og markaðsstjóri heyrir beint undir forstjóra og situr í framkvæmdaráði fyrirtækisins.

Helstu verkefni

- Stjórnun sölusviðs
- Sala á þjónustu fyrirtækisins
- Markaðsmál og markaðsgreiningar
- Samningagerð
- Þátttaka í þróun þjónustulausna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun er kostur
- Reynsla og þekking af sölu og markaðsmálum
- Frumkvæði og hæfni til að greina tækifæri
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og góðir samskiptaeiginleikar
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Góð tungumálþekking skilyrði, sérstaklega íslenska og enska, norðurlandamál er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 20. september nk. Umsækjendur sendi umsókn á starfsmannastjóra ISS, Sigríði Héðinsdóttur á [netfangið sigridur.hedinsdottir@is.issworld.com](mailto:netfangið.sigridur.hedinsdottir@is.issworld.com). Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Umsækjendur eru beðnir að senda ítarlega starfsferilskrá með kynningu þar sem viðkomandi gerir grein fyrir hæfni í starfið.

ISS Ísland er stærsta þjónustufyrirtæki landsins á sviði fasteignaumsjónar, sem felur í sér ræstingar, umsjón mótuneyta og fasteignaumsýslu. ISS Ísland er traustur vinnuveitandi, starfar um allt land og hefur um 800 manns í vinnu. ISS Ísland er hluti af alþjóðlegu fyrirtæki ISS A/S sem starfar í 53 löndum og er fjórði stærsti einkarekni atvinnunuurekandi í heiminum.

ISS Ísland ehf • Austurhraun 7 • 210 Garðabær • 5800 600



A WORLD OF SERVICE



„ISS Ísland óskar eftir að ráða sölu- og markaðsstjóra í framtíðarstarf“

Óskum eftir að ráða

Sölumenn

fyrir gott og vel þekkt fyrirtæki, sem sérhæfir sig í innflutningi, sölu- og þjónustu á sjónvörpum, hljómtækjum og tölvubúnaði.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Góð almenn menntun
- Reynsla af sölumennsku,
- Þekking og áhugi á slíkum tækjum.
- Hafa til að bera ríka þjónustulund
- Hæfni í samskiptum.

Starfslýsing:

- Sölumennska og afgreiðsla úr verslun
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina

Nánar upplýsingar gefur Magnús Harðarson hjá Mannvali. Vinsamlegast sækjið um á: www.mannval.is

MANNVAL

Ráðningar - Sími: 864 2406

Langar þig að fjalla um íþróttir?

Íþróttadeild Fréttablaðsins og Vísis óskar eftir metnaðarfullum íþróttifrétamönnum í hlutastörf.


Einkum er um að ræða kvöld- og helgarvinnu.

Umsækjendur þurfa að hafa brennandi áhuga á íþróttum og gott vald á íslensku tungu.

Konur eru sérstaklega hvattar til þess að sækja um starfið.

Frekari upplýsingar veitir Henry Birgir Gunnarsson, henry@frettabladid.is.

Áhugasamir sækji um starfið ekki síðar en **20. september nk**. Eingöngu er tekið við umsóknum á vef 365 miðla, 365midlar.is.



Sérverk óskar eftir smiðum

Vegna anna vantar okkur trésmiði, smiði á verkstæði og verkamenn sem fyrst.
Upplýsingar í s. 893 0236

Umsóknir sendist á serverk@serverk.is

**Laust starf hjá Óliudreifingu ehf.****Forstöðumaður Þjónustudeildar Óliudreifingar ehf.**

Óliudreifing ehf óskar að ráða í starf forstöðumanns þjónustudeildar félagsins. Megin starfsemi deildarinnar felst í uppsetningu og viðhaldi á afgreiðslubúnaði þjónustustöðva á öllu landinu auk annarra fjölbreyttra verkefna sem tengjast þjónustu við eldsneytismarkaðinn. Á deildinni starfa 45 iðnaðarmenn með fjölbreytta menntun og bakgrunn.

Starfslýsing:

- Yfirumsjón með rekstri þjónustudeildar.
- Kostnaðareftirlit.
- Samskipti við viðskiptavinum.
- Þróunarvinna og markaðssetning

Starfsreynsla:

- Reynsla af rekstri og verkefnastjórnun.
- Reynsla af mannauðsstjórnun.
- Tækniþekking sem nýtist í starfi.

Menntun:

- Verkfræðingur, tækniþekkingur eða iðnfræðingur t.d. á sviði rafmagns, tölvu eða véla.

Allar nánari upplýsingar veita:

Árni Ingimundarsson forstöðumaður
Sími: 550 9940 arni@odr.is
Hörður Gunnarsson framkvæmdastjóri
Sími: 550 9930 hordur@odr.is

Umsóknir berist í tölvupósti eða á skrifstofu að Hólmaslóð 8 -10, 101 Reykjavík fyrir 27. september n.k.

Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.oliudreifing.is

NÝ VERSLUN

TÖLVUTEK HEFUR OPNAÐ STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS VIÐ ERUM ÞVÍ AÐ BÆTA VIÐ STARFSFÓLKI OG HLÖKKUM TIL AÐ FÁ ÞIG Í HÓPINN

**VERSLUN**

Sölumaður óskast í fullt starf við ráðgjöf við val á tölvubúnaði auk tilfallandi starfa í verslun. Viðtæk þekking á innviðum PC tölvubúnaðar skilyrði.

VERKSTÆÐI

Tæknimaður óskast í traustan hóp tæknimanna í fullt starf. Reynsla við fartölvuviðgerðir æskileg. Viðtæk og góð þekking á PC tölvubúnaði skilyrði.

LAGER

Öflugur og hress starfskraftur óskast í fullt starf á lager og lagermóttöku en við leitum að heilsuhaustum og duglegum einstakling með bilpróf.

INNKAUP

Innkaupafulltrúi óskast í fullt starf við vörustjórnun, innskráningu og tilfallandi verkefni. Góð Excel kunnátta og viðtæk þekking á PC tölvubúnaði skilyrði.

MARKAÐSDEILD

Markaðsfulltrúi óskast í fjölbreytt og skemmtilegt starf sem felst í vinnslu á markaðsefni í fjölmiðlum og verslun ásamt umsjón yfir samskiptamiðlum og vefverslun. Gott vald á íslensku, góð reynsla í Indesign og Photo-shop ásamt almennum áhuga á tölvubúnaði og iðlutum skilyrði.

Sendið tölvupóst á starf@tolvutek.is með ferilskrá • Góð laun í boði og fullur trúnaður



Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Tölvutek er einn stærsti dreifingar- og söluaðili á tölvum og tölvubúnaði til einstaklinga og smærri fyrirtækja á Íslandi með verslanir, fyrirtækja og þjónustuvið í Reykjavík og Akureyri. Tölvutek hefur vaxið ört á síðustu árum en hjá Tölvutek starfa í dag 60 þrautþjálfaðir starfsmenn. Sterk staða Tölvutek var nýverið staðfest þegar Tölvutek var valið annað árið í röð eitt af sterkustu fyrirtækjum landsins með viðurkenningu frá Creditinfo en Tölvutek er á meðal 1% íslenskra fyrirtækja sem stóðst þær kröfur sem þurfti til að vera valið FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI 2012. Við erum enn að stækka og okkur hlakkar til að fá þig í samveldinn og traustann hóp starfsmanna Tölvutek.



Viðburða- og verkefnastjórnun á markaðssviði

Markaðssvið Marel leitar að verkefnamiðuðum einstaklingi til að skipuleggja alþjóðlegar vörusýningar og aðra viðburði í samvinnu við markaðsteymi Marel um heim allan. Viðkomandi mun jafnframt vinna náið með framkvæmdastjóra markaðssviðs að skipulagi og ásýnd vörumerkja Marel og takast á við önnur fjölbreytt verkefni á sviði markaðsmála í alþjóðlegu umhverfi.

Við leitum að einstaklingi sem er meistari í að skipuleggja flókna viðburði og getur haldið mörgum boltum á lofti á sama tíma. Viðkomandi þarf að eiga auðvelt með að vinna með fjölbreyttum hópi einstaklinga og hafa afburða samskiptahæfileika.

Starfssvið:

Skipulagning alþjóðlegra vörusýninga og viðburða í samvinnu við einingar innan Marel sem felur m.a. í sér:

- Framkvæmd markaðsstefnu markaðsstjóra í tengslum við vörusýningar og viðburði
- Utanumhald vegna aðfanga sýninga
- Undirbúningur og frágangur í tengslum við sýningar og viðburði
- Kostnaðareftirlit og eftirfylgni í lok sýninga og viðburða

Hæfniskröfur:

- Yfirgripsmikil reynsla á sviði verkefna- og viðburðarstjórnunar
- Reynsla eða menntun á sviði markaðsmála og kynningarmála
- Reynsla af verkefnastjórnunarkerfum og fjárhagskerfum
- Reynsla af því að vinna með vörumerki (branding).

Umsóknarrestur er til og með 23. september nk. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, www.marel.com/jobs. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingólfur Örn Guðmundsson, ingolfur.gudmundsson@marel.com, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í farabroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaíðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 4000 manns í fimm heimsálfum, þar af um 500 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuásetningu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mótuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttáæststöðu og gott félagslíf.

www.marel.com



Ás styrktarfélag Störf á heimili fatlaðs fólks

Félagið opnar í lok september heimili fyrir fólk með fötlun að Lautarvegi. Proskapjálfar, félagsliðar og stuðningsfulltrúar óskast til starfa. Um er að ræða næturvakt og 50-85% hlutastörf, morgunvaktir, kvöldvaktir og helgarvaktir. Stöðurnar eru lausar frá 1. október eða eftir nánara samkomulagi. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri.

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða íbúa í daglegu lífi og efla sjálfstæði þeirra.

Upplýsingar veitir Nína Edda Skúladóttir í síma 4140-500 á virkum dögum milli kl. 8.30 og 16.00. Upplýsingar um félagið og atvinnuumsókn má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is, einnig má skila umsóknum á netfangið nina@styrktarfelag.is

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

Viltu vinna í Noregi hvar og hvenær sem er?

Ertu hjúkrunarfræðingur, hjúkrunarfræðingur með sérmenntun eða sjúkráliði? Talar þú norsku?

Við erum með vinnu fyrir þig!

Við hjá Xtra Care vinnumiðlun verðum á Grand Hótel fimmtudaginn 19. september á Euros starfakynningunni frá kl 13-18.

Endilega kíkðu á okkur og fáðu upplýsingar um störf heilbrigðisstarfsfólks í Noregi.

Upplýsingar : www.xtracare.no

Eða í síma: 0047- 92645802

00354 - 8992268

Hlökkum til að sjá ykkur



Vaktstjóri í framleiðslu

Te & kaffi óskar eftir að ráða vaktstjóra til að starfa í framleiðsludeild fyrirtækisins

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með framleiðslu- og þökkunarvélum
- Umsjón með þökkun á kaffi, te og öðrum framleiðsluvörum
- Gæðaeftirlit
- Önnur almenn störf í framleiðslu
- Ristun kaffibauna

Hæfniskröfur:

- Vélafærni er æskileg
- Góð almenn tölukunnátta
- Vinnuvélaréttindi er kostur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagshæfileikar og frumkvæði
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og mikill metnaður
- Mikill áhugi á kaffi og te

Unnið er vaktaskipt frá 6:00 til 15:00 og frá 10:00 til 19:00 alla virka daga. Um er að ræða framtíðarstarf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Aldurstakmark 25 ára.

Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is fyrir 24. september.

Fagmennska – Þekking – Upplifun

teog
kaffi.is



Atvinna Akureyri Rafvirkjar /Vélstjóri

Rafvirkjar

Vegna góðrar verkefnastöðu vantar okkur tvo rafvirkja til framtíðarstarfa sem allra fyrst.

Við erum að leita að duglegum, jákvæðum og þjónustulíprum einstaklingum með sveinspróf í rafvirkjun.

Næg verkefni eru framundan s.s. við nýlagnir, viðhald fasteigna og tækja, breyting Múlaganga og Norðfjarðargöng.

Umsóknarfrestur er til 20.september

Vélstjóri

Óskum eftir að ráða vélstjóra til starfa sem allra fyrst. Í starfinu felst m.a. að sjá um þjónustu og viðhald á diesel rafstöðvum fyrir Mílu, RÚV, Vodafone og Neyðarlínuna sem eru staðsettar um allt land. Leitað er eftir áhugasömum, sjálfstæðum einstaklingi sem sýnir frumkvæði í starfi. Þarf að vera vanur fjallaferðum þar sem vinnan útheimtir töluverð ferðalög.

Umsóknarfrestur er til 20.september.

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað inn til skrifstofu Rafmanna sem allra fyrst eða senda á rafmenn.is

Mjög viðtæk þekking er innan fyrirtækisins og hefur fyrirtækið að geyma 3 deildir, fjarskiptadeild, þjónustu- og verkefnadeild. Hjá fyrirtækinu starfa nú 30 öflugir starfsmenn.

Afleysingalæknir/læknar

Afleysingalæknir/lækna vantar til afleysinga við Heilsugæslu Dalvíkur í 12-15 mánuði frá 1. desember næstkomandi eða eftir nánara samkomulagi.

Við heilsugæslu Dalvíkur starfa tveir læknar og þrjú hjúkrunarfræðingar ásamt öðru starfsfólki. Starfið fellst í almennum heilsugæslustörfum og einnig þjónustu við Dalbæ, hjúkrunar- og dvalarheimili.

Á þjónustusvæði heilsugæslu eru um 2.200 íbúar

Góð aðstaða og húsnæði í boði.

Umsóknarfrestur er til 30.október

Upplýsingar gefa:

Guðmundur Pálsson, yfirlæknir í síma 466-1500 og 693-1916. Netfang: guðmundur@hgd.is

Konráð Karl Baldvinsson, forstjóri í síma 897-6963

Netfang: konrad@hgd.is



Ás styrktarfélag Lyngás

Óskar eftir starfsmanni í eldhús. Um er að ræða 94% starf og vinnutíminn er frá 8.00-15.30 alla virka daga. Staðan er laus nú þegar eða eftir nánara samkomulagi. Lyngás er í Safamýri 5 og þangað koma ungmenni og full- orðið fólk með fötlun í vinnu og virkni.

Starfsmaður í mótuneyti ber ábyrgð á að sinna almennum störfum undir tilsögn matráðs og aðstoða hann við matreiðslu og framreiðslu. Hann ber ábyrgð á að framfylgja reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framreiðslu og dreifingu matvæla.

Nánari upplýsingar veitir Birna Björnsdóttir í síma 553-8228. Upplýsingar um félagið og atvinnuumsókn má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is, einnig má skila umsóknum á netfangið birna@styrktarfelag.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Eflingar.

Verkefnastjóri

Velferðarsvið óskar eftir verkefnastjóra

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Færni í samskiptum, tjáningu, skipulagshæfni og gott auga fyrir smáatriðum í víðu samhengi.
- Færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti á íslensku. Slíkt vald á öðru tungumáli er kostur.
- Reynsla og góð kunnátta í Microsoft Office.
- Færni í að vinna úr tölfræðilegum upplýsingum.
- Færni að setja fram upplýsingar á myndrænan og skilvirkan hátt.
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Helstu verkefni

- Kemur að stefnumótun og annast verkefnastjórnun sviðsins við undirbúning, skipulagningu og innleiðingu á nýjum verkefnum eða þjónustu.
- Sér um tölfræðilegar upplýsingar er varða þjónustu velferðarsviðs, vinnur úr þeim og setur fram á skipulegan og aðgengilegan hátt.
- Vinnur að gerð úttekta á einstökum verkefnum, ásamt endurskoðun starfshátta, starfsreglna og skipulags hjá stofnuninni.
- Hannar og ritstýrir útgáfu ársskýrslu og skipuleggur fræðslu og námskeiðahald fyrir starfsfólk.
- Er öryggisstjóri velferðarsviðs í upplýsingaöryggi og meðferð persónuupplýsinga.

Frekari upplýsingar

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og KÍ.

Umsóknarfrestur er til og með 27. sept. 2013.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Aðalsteinn Sigfússon sviðsstjóri í síma 570-1500, eins má beina fyrirspurnum á pósthfang: adalsteinn@kopavogur.is

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kopavogsbær.kopavogur.is



Kopavogsbær

kopavogur.is

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Á leikskólum

Hæðarból

- leikskólakennari

Bæjarból

- leikskólasérkennari/proskapjálfi
- leikskólakennari

Krakkakot

- leikskólakennarar

Holtakot

- deildarstjóri

Lundaból

- leikskólakennari

Á hjúkrunarheimilinu Ísafold

- sjúkrapjálfi 60%
- ræsting

Í þjónustumiðstöð/áhalda húsi

- yfirverkstjóri

Nánari upplýsingar á vef Garðabær.is



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Núðluskálin Skólavörðustíg 8 leitar að starfsmönnum á 2.2.2 vaktir

Reynsla af þjónustustörfum kostur. Leitum að þjónustulunduðum og vinnusömum einstaklingum. Ferilskrá sendist á nudluskalin@gmail.com



ÖRYGGISVÖRDUR SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til og með **27. september 2013**.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this position is **September 27, 2013**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

Please send your application and resumé to: reykjavikvacancy@state.gov

ATVINNA

Reykjanesbær leitar að félagsráðgjafa

Staða félagsráðgjafa hjá Fjölskyldu- og félagssviði Reykjanesbæjar

Fjölskyldu- og félagssvið Reykjanesbæjar (FFR) auglýsir eftir starfsmanni í 100% stöðu á skrifstofu FFR.

Starfið felst í vinnu að barnavernd, fjárhagsaðstoð og ráðgjöf við fjölskyldur og einstaklinga í Reykjanesbæ.

Menntun og reynsla:

Viðkomandi hafi lokið félagsráðgjafanámi til starfsréttinda. Reynsla á sviði félagsþjónustu og barnaverndar æskileg. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hjá FFR er gott starfsumhverfi og góður starfsandi. Laun eru skv. samningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi fagfélags.

Umsóknnum skal skilað rafrænt á vef Reykjanesbæjar <http://reykjanesbaer.is>

Umsóknarfrestur er til **27. september nk.**

Nánari upplýsingar veiti félagsmálastjóri í síma 421-6700, [hjorðis.arnadottir@reykjanesbaer.is](mailto:hjordis.arnadottir@reykjanesbaer.is)



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is



HJÚKRUNARHEIMILI



Læknaritari

Laus er staða læknaritarara frá 1. desember n.k. eða fyrr eftir nánara samkomulagi

Um er að ræða 50% starf, almennt læknaritarastarf ásamt öðrum skrifstofustörfum á heimilinu.

Hæfniskröfur:

Löggilt læknaritanám, lipurð í samskiptum, trúmennska og nákvæmni í vinnubrögðum

Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. október n.k.

Upplýsingar veita:

Sigurbjörn Björnsson

Framkvæmdarstjóri lækninga

Sími 522 5600, netfang: sigbb@skjol.is

Guðný H. Guðmundsdóttir

Framkvæmdarstjóri hjúkrunar

Sími 522 5600, netfang: gudny@skjol.is

Skjól hjúkrunarheimili
Kleppsvégi 64, 104 Reykjavík
Sími 522 5600



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sviðsstjóri á eftirlitssviði	Lyfjastofnun	Reykjavík	201309/031
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Reykjavík	201309/030
Matreiðslumaður	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Mosfellsbær	201309/029
Barnalæknir	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201309/028
Læknir	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Sauðárkrókur	201309/027
Starfsmenn	Stuðlar	Reykjavík	201309/026
Hjúkrunarfr. í sýkingarvörnum	LSH, gæða- og sýkingavarnadeild	Reykjavík	201309/025
Rannsóknarmaður	LSH, rannsóknast. í taugalífeðlisfr.	Reykjavík	201309/024
Héraðsdómari	Innanríkisráðuneytið	Hafnarfjörður	201309/023
Þjónustufulltrúar	Ríkisskattstjóri	Akure., Siglufj.	201309/022
Afleysingalæknar	Heilsugæslustöðin Dalvík	Dalvík	201309/002
Lögfræðingur	Umboðsmaður Alþingis	Reykjavík	201309/021
Sóknarprestur	Biskup Íslands	Staðastaður	201309/020



Rekstrarstjóri verslana

Ert þú öflugur stjórnandi með reynslu af verslunarstörfum og innkaupum? Viltu stýra verslunarrekstri á spennandi og sýbreytilegum markaði? Þá gæti staða rekstrarstjóra verslana hjá Vodafone verið framtíðarstarfið þitt. Í starfinu felst m.a. val á vöruframboði og birgðastjórnun, ábyrgð á innkaupum, samningagerð við birgja og rekstur fjögurra verslana auk netverslunar.

Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf.

Umsóknarfrestur er til og með **22. september 2013**.

Góð samskipti bæta lífið



ÓSKUM EFTIR KJÖTIDNAÐARMANNI EÐA MATREIÐSLUMANNI Í FULLT STARF


EINNIG ÓSKUM VIÐ EFTIR STARFSMANNI Í 70% STARF Í ELDHÚSI ÁSAMT STARFSFÓLKI Í AFGREIÐSLU

◆ ÁHUGASAMIR SENDI UMSÓKN Á NETFANGIÐ ◆

[KJOTKOMPANI@KJOTKOMPANIS](mailto:kjotkompani@kjotkompani.is)

www.kjotkompani.is | sími: 578 9700

DALSHRAUN 13 HAFNARFIRÐI



Bókasafns- og upplýsingafræðingur með kennsluréttindi

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) ásamt Hornafjarðarsöfnum auglýsa eftir bókasafns- og upplýsingafræðingi, æskilegt er að viðkomandi hafi kennsluréttindi.

Um er að ræða 100% ótímabundið stöðugildi við framhaldsskólann og Hornafjarðarsöfn. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, en eigi síðar en í janúar 2014.

Starfslýsing

Sér um rekstur bókasafns skólans
Annast bókakaup, flokkun, skráningu, frágang og útlán á gögnum safnsins
Sér um safnkynningar í samráði við kennara og aðstoðar nemendur og kennara við verkefnavinnu, heimildaleitir og gagnaöflun
Aðstoð við Héraðsskjalasafn Hornafjarðarsafna
Kennsla við Framhaldsskólann í áföngum sem lúta að rannsókn- og verkefnavinnu
Það sem fellur til innan safns og skóla í samvinnu við aðra starfsmenn

Hæfnis- og menntunarkröfur

Reynsla í starfi bókasafns- og upplýsingafræðings
BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði ásamt kennsluréttindum
Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
Frumkvæði í starfi
Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til 25. september 2013
Frekari upplýsingar veitir Vala Garðarsdóttir forstöðumaður Hornafjarðarsafna í síma 470 8052 eða á netfanginu vala@hornafjordur.is

Hornafjörður er blómstrandi 2200 manna samfélag. Höfn, stærsti þéttbýlisstaðurinn er öflugur útgerðarþéttbýli. Í sveitarfélaginu eru tveir grunnskólar og tveir leikskólar. Framhaldsskóli og rannsóknasetur Háskóla Íslands eru í Nýheimum Menningamiðstöð Hornafjarðar ásamt almenningsbókasafni, starfstöðvum Matis, Nýsköpunarmiðstöðvar, Austurbú framhaldsfræðslu og Búnaðarsambandi Suðurlands. Fjölbreytt félagsstarf er í sveitarfélaginu, ný almenningsundlaug, íþróttahús, líkamsræktarstöð og knattúshús. Samgöngur eru greiðar, beint flug er til Hafnar og Strætó getur til Hafnar frá Reykjavík.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberinn þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... góðar fréttir fyrir umhverfið

DÍS ÍSLENSK HÖNNUN

facebook.com/DisIslenkHonnun

Auglýsum eftir starfsmanni í verslun okkar í Firðinum í Hafnarfirði

Vinnutími frá kl 12:00-18:00 alla virka daga og 11-16 annan hvern laugardag.
Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg.

Nánari upplýsingar veitir Snædis í síma 847 5758 eða á sg17@visir.is



Þjóðminjasafn Íslands auglýsir laust til umsóknar starf sýningarstjóra sýningar um listrænan menningararf í Þjóðmenningarhúsinu.

Ráðið er í starfið tímabundið til 6 mánaða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. nóvember næstkomandi.

Starfssvið:

• Sýningarstjóri er verkefnisstjóri heildstæðrar grunnsýningar um listrænan arf sem varðveittur er í Þjóðmenningarstofnunum Íslands. Á sýningunni verður fjallað um íslenska listasögu og sjónrænan menningararf. Sýningarstjóri stýrir og samræmir störf sýningarnefndar sem starfar í umboði verkefnisstjórnar grunnsýningar sem skipuð er forstöðumönnum Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands, Þjóðskjalasafns Íslands, Landsbókasafns- Háskólabókasafni og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sýningarnefndin er fagnefnd skipuð sérfræðingum viðkomandi stofnana. Hlutverk hennar er að móta grunnhugmynd sýningarinnar og taka þátt í sýningargerðinni. Verkefnið er unnið undir yfirstjórn þjóðminjavarðar sem er formaður verkefnisstjórnar. Ráðgert er að sýningin opni árið 2014.

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði safnafræða og/eða listasögu, menningasögu, lista og hönnunar.
- Góð reynsla af verkefnisstjórnun.
- Umtalsverð reynsla af sýningarstjórnun innanlands og /eða erlendis.
- Reynsla á fagsviði lista- og/eða menningarmínjasafna.
- Góð tök á íslensku og ensku.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður í síma 8612200.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.

Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisáætlun stofnunarinnar.

Umsóknarfrestur er til og með 1. október n.k. Umsóknir með upplýsingum um menntun, reynslu og meðmælendur berist til Þjóðminjasafns Íslands, Suðurgötu 43, 101 Reykjavík eða rafrænt á póstfangið margret@thjodminjasafn.is og gudrun.gardarsdottir@thjodminjasafn.is

Starfsmaður taki þátt í því að Þjóðminjasafn Íslands nái markmiðum sínum sem vísinda- og þjónustustofnun. Starfsmaður leggi áherslu á góða þjónustu og ráðgjöf, fagleg og ábyrg vinnubrögð og jákvætt skapandi andrúmsloft á vinnustað.



Kanntu brauð að baka?

Ef svo er óskar Eir, hjúkrunarheimili eftir bakara eða starfsmanni við bakstur.

Unnið er virka daga.

Starfsmaður þarf að geta unnið sjálfstætt. Skila þarf umsóknnum inn fyrir **20. september** n.k. og sendist á netfangið: eldhus@eir.is og eða á skrifstofu Eirar.

**Eir hjúkrunarheimili – Eldhús
Hlíðarhúsum 7 112 Reykjavík
S: 522 5700**



STARFSFÓLK VANTAR Á VÉLAVERKSTÆÐI KLETTIS

Starfið felst meðal annars í viðhalds- og viðgerðarþjónustu á Caterpillar, Scania og IR loftpressum.

Verkstæðið er mjög vel tækjum búið og öll starfsaðstaða til fyrirmyndar.

Áhugasamir hafi samband við Svein Simonarson í síma 825 5752 eða svsi@klettur.is

Hjá Kletti starfa um 50 manns við sölu og þjónustu á meðal annars Caterpillar, Scania, IR loftpressum, Dunlop og Goodyear hjólbörðum. Hjá okkur er góður starfsandi og öll starfsaðstaða til fyrirmyndar.

KLETTUR

Klettagördum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími: 590-5100 | klettur.is

HELSE PERSONAL AS

Sykepleiere til Norge

Helse Personal AS søker engasjerte og faglig dyktige sykepleiere til ulike oppdrag i Norge innenfor sykehjem, hjemmesykepleie, respiratorteam og bofellesskap.


Du må ha norsk autorisasjon som sykepleier, og relevant jobberfaring. Vi tilbyr gode lønnsbetingelser og god oppfølging. Sommerbonus sommeren 2014. Man må beherske ett av de skandinaviske språkene godt både skriftlig og muntlig.

Dere møter oss på NAV EURES messen på Grand Hotel Reykjavík, 19/9-13 kl. 13.00 til 18.00. Ta gjerne kontakt for booking av intervjuetid i forkant av messen.


Kontaktinformasjon:

Helse Personal,
post@helsepersonal.no
Trude Vereide og Kathrin Omland,
tlf 00 47 902 80 287

www.helsepersonal.no




KOMDU UPPLÝSINGUM UM ÞAÐ SEM ÞÚ TELUR ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU TIL RÉTTRA YFIRVALDA



www.saft.is

Vissir þú að...



Börn ega rétt að leita sér

LÖGGILTUR BÍLASALI

B L A N D

Við leitum að löggiltum bílasala til að hjálpa okkur að gera hugmynd að veruleika og leiða með okkur spennandi fyrirtæki.

Umhverfi Bland.is er lifandi og ört stækkandi þar sem hugmyndir fæðast á hverri mínútu og þær glæddar lífi.

Bland.is er stærsti sölu og markaðsvefur Íslands og heimsækja vefinn daglega 60.000 manns og fer fjölgandi.

Starfslýsing:

- Hugmyndavinna og stefnumótun á nýju fyrirtæki
- Uppsetning og eftirfylgni
- Daglegur rekstur og verkferlar
- Frágangur og umsýsla

Hæfniskröfur:

- Reynsla af rekstri bílasölu er skilyrði
- Góð tölvu- og netkunnátta er algjört skilyrði
- Viðkomandi þarf að vera skipulagður og nákvæmur
- Frumkvæðni og jákvætt hugarfar

Áhugaverðir umsækjendur vinsamlegast sendið ýtarlega ferilskrá og kynningarbréf á atvinna@bland.is

Bland.is | 545 0000 | Sóltún 26 | www.bland.is

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

www.vinna.is



KENNSLA OG RANNSÓKNIR Í FJÁRMÁLUM OG ENDURSKOÐUN

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík leitar að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingi til að sinna kennslu og rannsóknum á sviði fjármála og/eða endurskoðunar. Starfsheiti (aðjúnt, lektor, dósent eða prófessor) verður ákvarðað að loknu matsferli.

Viðskiptadeild býður upp á grunnám í viðskiptafræði auk meistaranáms með áherslu á fjármálastjórnun, stjórnunarreikningsskil og endurskoðun. Viðfangsefni geta m.a. verið á sviði reikningsskila, endurskoðunar, rekstrargreiningar, áhættustjórnunar, viðskiptakerfa, verðmats, alþjóðlegra fjármála eða ferilsstjórnunar.

Við leitum að einstaklingi með:

- Reynslu af háskólakennslu á meistarastigi í fjármálum, stjórnunarreikningsskilum og/eða endurskoðun
- Metnað til að starfa að uppbyggingu og þróun á gæðum kennslu og getu til að beita fjölbreyttum kennsluáferðum
- Doktorspróf á viðeigandi fræðasviði
- Reynslu í birtingu fræðigreina á sviðum fjármála, stjórnunarreikningsskila og/eða endurskoðunar í alþjóðlegum fræðitímaritum
- Hugmyndir að rannsóknarverkefnum á þessum sviðum
- Skilning á tengslum háskólanáms, rannsókna og þörfum viðskiptalífsins

Nánari upplýsingar veita: Páll Ríkharðsson, forstöðumaður meistaranáms í fjármálum og endurskoðun, (pallrik@ru.is) og Þórunn Jónsdóttir, deildarforseti viðskiptadeildar, (thoranna@ru.is).

Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2013.

Umsóknum skal skilað til Háskólans í Reykjavík á vefnum ru.is/lausstofn.

Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir skólans eru fjórar: lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfaglega, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur háskólans eru um 3400 og starfa um 230 fastir starfsmenn við skólann auk fjölda stundakennara.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



www.hr.is

VÉLAMADUR - HAFNARFIRÐI

Starf vélamanns á þjónustustöðinni í Hafnarfirði eru laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða. Yfir vetrartímann er unnið aðra hvora viku frá kl. 4:00 til 12:30 og aðra hvora viku frá 12:30 til kl. 21:00. Annan tíma ársins er unnin hefðbundin dagvinna.

Starfssvið

- Viðhald og þjónusta vega, vegganga og vegbúnaðar á starfssvæði Vegagerðarinnar á Suðursvæði
- Afleysingar í vaktstöð við vöktun á rafrænum veg- og tækjabúnaði
- Ýmis vinna í starfsstöð í Hafnarfirði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Almenn grunnám, stúdentspróf eða samsvarandi er kostur
- Tölvukunnátta nauðsynleg
- Meirapróf bifreiðastjóra
- Vinnuvélaréttindi
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinnar eru konur með tilskyldar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til 23. september 2013.

Umsóknir berist mannauðsstjóra netfang oth@vegagerdin.is

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir, þar með talin menntunar- og starfsferilsskrá.

Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veita Bjarni Stefánsson í síma 522 1461 og Jóhann B. Skúlason í síma 522 1462

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



VEGAGERÐIN



Minna
að fletta
meira
að fréttu

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti fréttu- og afþreyingarvefur ársins** á íslensku vefverðlauninum 2012.

visir.is



BESTI FRÉTTU- OG AFÞREYINGARVEFURINN

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífullegs úrvals fréttu. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“



HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.

Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolfostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

ÚTBOÐ

Bæjarsjóður Kópavogs óskar eftir tilboðum í byggingu sex íbúða húss fyrir fatlað fólk við Austurkór 3b í Kópavogi.

Í húsinu verða sex íbúðir auk þjónusturýmis. Húsið er á tveimur hæðum og kjallari undir hluta af því. Í verkinu fellst að byggja húsið og skila því fullbúnu til notkunar.

Magnþölur:

Brúttó flatarmál húss: 700 m²

Verkinu skal skila fullbúnu 15. janúar 2015

Útboðsgögn verða seld á kr. 5000 í þjónustuveri Kópavogs, Fannborg 2, 1. hæð, frá og með mánudeginum 16. september nk.

Tilboðum skal skilað á sama stað þriðjudaginn 1. október 2013 fyrir kl. 11:00 og verða þau þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda er þar mæta.



Kópavogsbær

kopavogur.is



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt

Íslenskupróf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt verða næst haldin á vegum Námsmatsstofnunar í desember og er skráning hafin.

Prófin verða haldin á höfuðborgarsvæðinu 9.-13. desember og á eftirtöldum stöðum á landsbyggðinni: Akureyri 2. desember, Egilsstöðum 4. desember og Ísafirði 6. desember.

Skráning í prófin fer fram með rafrænum hætti á vef Námsmatsstofnunar til og með 10. nóvember. Gjald fyrir þátttöku í prófi er 7.000 krónur sem greiða skal í síðasta lagi 10. nóvember inn á reikning Námsmatsstofnunar. Upplýsingar þar að lútandi er að finna á vef stofnunarinnar.

Sjá nánar á vefnum www.namsmat.is. Einnig eru veittar upplýsingar í síma 550 2400.

Innanríkisráðuneytið
11. september 2013

Hef til sölu DOKA kerfismót í hæð 2,7 m ca. 700m².

Nánari upplýsingar í síma 860-1728



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borganes

Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:

Grundartangi Yfirborðsfrágangur 2013

Verkið felst í frágangi með götum á nýbyggingarsvæði, frágangi á lóðinni Katanesvegur 14 og niðurstetningu röra fyrir umferðarmerki.

Helstu magnþölur:

Malbikun	2.850 m ²
Kantsteinn	810 m
Grassvæði	1.750 m ²

Verklok eru 31. desember 2013.

Útboðsgögn verða seld á skrifstofu Mannvits að Grensásvegi 1, 108 Reykjavík og Garðabraut 2A, 300 Akranesi frá og með mánudeginum 16. september á 5.000 kr hvert eintak.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Faxaflóahafna, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, mánudaginn, 30. september 2013 kl. 15:00.



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borganes

Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:

Tangabakki Grundartanga 5. áfangi 2013 Vinnugarður

Verkið felst í að vinna efni úr grjótnámu og byggja tengi- og vinnugarð vestan við núverandi hafnarvæði á Grundartanga.

Helstu magnþölur:

Grjótnám	60.000 m ³
Kjarni í vinnugarð	78.000 m ³
Lífrænt efni	8.000 m ³

Verklok eru 15. janúar 2014.

